FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

272. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER 2016




Veturinn er genginn í garð á Norðurlandi. Hressir Akureyringar brugðu á leik og skelltu sér í snjókast í ofankomunni í gær. Veðurstofa Íslands spáir áframhaldandi snjókomu út vikuna og að ekki birti til fyrr en komið er fram á sunnudagseftirmiðdag. Þá er reyndar reiknað með níu stiga frosti í höfuðstað Norðurlands og sextán mínusgráðum á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Lesturinn vefst fyrir þriðjungi skólabarna

**Niðurstöður Menntamálastofnunar sýna að læsi grunnskólabarna er ábótavant. Sviðsstjóri hjá stofnuninni segir verk að vinna, en viðmiðin ekki óraunhæf.**

**MENNTAMÁL** Um 36 prósent íslenskra grunnskólabarna ná ekki lágmarksviðmiðum í lesfimi, segja niðurstöður Menntamálastofnunar.

Lögð voru lesfimipróf fyrir 5.500 íslensk börn frá fyrsta og upp í tíunda bekk. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Niðurstöður Menntamálastofnunar sýna líka að óverulegar framfarir í lesfimi eru frá miðstigi til unglingastigs og lesfimi við lok grunnskóla er ábótavant.

Gylfi Jón Gylfason, sviðsstjóri á matssviði Menntamálastofnunar, segir þetta áhyggjuefni. „Við förum í heljarinnar vinnu og öfluðum upplýsinga frá framhaldsskólum, háskólum og þeim skólum sem hafa náð árangri í læsismálum um hvað séu eðlilegar væntingar um lesfimi. Síðan settum við almenn viðmið um færni nemenda. Þannig setjum við markmið fyrir nemendur í hverjum árgangi, svo þeir séu undirbúnir fyrir kröfur á næstu stigum náms,“ segir Gylfi Jón.

> Meðalleshraði hjá nemendum við útskrift úr tíunda bekk nær ekki þeim lágmarksviðmiðum sem framhaldsskólinn telur að þurfi.
>
> Gylfi Jón Gylfason, sviðsstjóri matssviðs Menntamálastofnunar



Lesfimiviðmiðin eru þrjú. Lágmarksviðmið sem stefnt er að að 90 prósent nemenda nái, almennt viðmið sem stefnt er að að 50 prósent nemenda nái og metnaðarfullt viðmið sem stefnt er að að 25 prósent nemenda nái.

Niðurstöðurnar sýna hins vegar að einungis 64 prósent nemenda ná lágmarksviðmiði við útskrift, 29 prósent nemenda ná almennu viðmiði og aðeins átta prósent nemenda ná metnaðarfullu viðmiði.

„Til að setja þessar tölur í samhengi, þá er meðalleshraði nemenda um 270 orð á mínútu við útskrift úr tíunda bekk,“ útskýrir Gylfi Jón. „Upplýsingar frá framhaldsskólunum segja hins vegar, að ef þú ætlar þér að útskrifast úr bóknámi þurfir þú að lesa að lágmarki 300 orð á mínútu. Þannig að meðalleshraði hjá nemendum við útskrift úr tíunda bekk nær ekki þeim lágmarksviðmiðum sem framhaldsskólinn telur að þurfi.“

Aðspurður segir Gylfi Jón viðmiðin ekki of há.

„Þessi markmið eru alls ekki óraunhæf. Við rökstyðjum það með því að í þeim sveitarfélögum þar sem voru sett tíma- og tölumarkmið í lestri, urðu gríðarlegar framfarir. Þetta er alveg hægt. En það er verk að vinna.“ – ósk

## Fréttablaðið í dag




**FRÉTTIR** Katrín Jakobsdóttir fékk umboð til myndunar ríkisstjórnar og ræðir við flokksformenn í dag. 6

**SPORT** Leikmenn karlalandsliðsins í knattspyrnu hafa formlega verið krýndir kóngar norðursins. 34

**MENNING** Sigurður Pálsson hlaut í gær verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. 44

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR, FÓLK & FRAMTÍÐIN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Norðan hvassviðri eða stormur, þéttur éljagangur og skafrenningur með litlu skyggni norðan til á landinu og einnig austanlands, en þurrt að mestu sunnanlands. SJÁ SÍÐU 38



Við Grandagarð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Líkfundur í gær

**LÖGREGLUMÁL** Lík íslensks karlmanns á sjötugsaldri fannst við Grandagarð í Reykjavík í gærmorgun. Líkið var í skurði sem grafinn var vegna framkvæmda á svæðinu.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki sé grunur um að andlát mannsins hafi borið að með saknæmum hætti. Líklega hafi verið um slys að ræða og krufning muni skera úr um dánarorsök.

Seinnipartinn í gær hafði verið fyllt upp í skurðinn. – þh

# Fengu verðlaun hjá frú Vigdísi



Frú Vigdís Finnbogadóttir afhenti í gær 57 reykvískum grunnskólanemendum Íslenskuverðlaun unga fólksins á degi íslenskrar tungu. Nemarnir sem tóku við verðlaunum að þessu sinni hafa skarað fram úr á ýmsa vegu í íslenskunámi, frumlegum skrifum og tjáningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Borgi bætur fyrir leit á barni

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkinu hefur verið gert að greiða stúlku 800 þúsund krónur í miskabætur vegna líkamsleitar í ágúst í fyrra er hún var 16 ára.

Eins og Fréttablaðið greindi frá málinu í upphafi þessa árs var stúlkan farþegi í bíl á leið frá Ólafsvík til Reykjavíkur ásamt öðrum ungmennum er lögregla stöðvaði þau og flutti á lögreglustöðina á Akranesi.

Að sögn stúlkunnar var hún færð í fangaklefa þar sem henni var gert að afklæðast. Því næst hafi lögreglukona skoðað kynfæri hennar og rass.

Stúlkan naut engrar aðstoðar utanaðkomandi við aðgerðir lögreglu, hvorki lögmanns, fulltrúa barnaverndaryfirvalda né foreldris.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu segir að líkamsleitin hafi verið vanvirðandi og óþarflega særandi gagnvart barni og í engu samræmi við tilefnið. – þea

## Fyrstu hálkuslys vetrarins í gær

**SLYS** „Við vorum að sjá í dag fyrstu hálkuslys vetrarins,“ sagði Guðný Helga Herbertsdóttir, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans, í samtali við Fréttablaðið í gær. Enginn slasaði sig þó alvarlega.



Guðný Helga Herbertsdóttir

Varasöm ísing myndaðist á göngu- og hjólastígum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Búast má við að það verði hált eitthvað áfram en hitastig verður við frostmark næstu daga.

Fólk er beðið um að fara varlega í umferðinni, gangandi, akandi og hjólandi, en hálka leynist víða. – þh




# Hafa bjargað 871 við hrikalegar aðstæður

**Tveir Íslendingar eru í áhöfn Responder, björgunarskips Rauða krossins á Miðjarðarhafi. Annar þeirra segir alla áhöfnina gera sér grein fyrir alvörunni.**

**FLÓTTAMENN** Áhöfnin á Responder, björgunarskipi Rauða krossins á Miðjarðarhafi, hefur bjargað 871 flóttamanni upp úr ára- og gúmbátum, sem vonlaust var að kæmist annars á leiðarenda.

Þetta segir Þórir Guðmundsson, sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi og meðlimur áhafnar Responder.

Þórir og Jóhanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur starfa á Responder fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi.

„Við erum 27 manns á skipinu og ég finn mjög fyrir því að það gera sér allir grein fyrir alvarleika þessa verkefnis,“ segir Þórir. Þau Jóhanna hafa verið á Responder í þrjár vikur og verða í áhöfninni fram undir lok mánaðar.

Þórir segir aðstæður geta verið hrikalegar. „Á síðustu vikum hafa félagar okkar sem hafa verið lengur í skipinu líka komið að þar sem lík fólks – karla, kvenna og barna – hafa legið í bátunum. Fólk hefur líka drukknað þegar bátarnir sökkva eða þeim hvolfir,“ segir hann. Þegar rólegt sé leyfi hópurinn sér að spjalla og gantast en alvaran sé aldrei langt undan.

„Þannig vorum við á þriðjudagskvöld búin að útiloka að fleiri flóttamannabátar kæmu í ljós og vorum að klára kvöldmatinn þegar Jóhanna steig út á þilfar og heyrði þá hróp og köll. Þá var þarna gúmbátur fullur af fólki,“ segir Þórir.

Báturinn sást ekki á ratsjá og ef Responder hefði ekki verið í nánd hefðu þeir 99 flóttamenn sem voru í bátnum líklega farist.

Á miðvikudag bjargaði áhöfnin fólki úr þremur bátum til viðbótar og eru nú 554 flóttamenn um borð í Responder.



Jóhanna heldur um höfuð flóttamanns sem bjargað var úr sjávarháska. MYND/ÞÓRIR

> **Þannig vorum við á þriðjudagskvöld búin að útiloka að fleiri flóttamannabátar kæmu í ljós og vorum að klára kvöldmatinn þegar Jóhanna steig út á þilfar og heyrði þá hróp og köll.**



Þórir Guðmundsson, sendifulltrúi Rauða krossins

Þórir segir fyrirliða Rauða krossins í skipinu vera Erítreumanninn Abdel. Hann fór sjálfur sömu leið og flóttamennirnir sem nú er bjargað fyrir fimm árum og starfar í dag fyrir ítalska Rauða krossinn.

„Svo skemmtilega vill til að þegar sendinefnd kom frá Íslandi til að skoða flóttamannamál þá varð hann meðal annarra fyrir svörum.“

Rauði krossinn á Íslandi stendur nú fyrir söfnun vegna verkefnanna á Miðjarðarhafi. Hægt er að hringja í 904-1500, 904-2500 og 904-5500 til þess að styrkja um 1.500, 2.500 og 5.500 krónur. thorgnyr@frettabladid.is


HJARTANLEGA
VELKOMIN
Njóttu þess að undirbúa jólin í hlýju og notalegu umhverfi. Fjölbreytt úrval verslana, veitingastaða og ókeypis bílastæði.
OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD
Kringlan

# Barnaverndarnefnd stöðvaði brottflutning á börnum

**FLÓTTAMENN** Lögreglan þurfti frá að hverfa þegar vísa átti Abdelwahab Saad, konu hans Fadilu Zakaria og börnum þeirra Hanif og Jónínu úr landi klukkan fimm í fyrrinótt. Senda átti fjölskylduna til Ítalíu.

Vinir fjölskyldunnar mættu til að sýna stuðning, ásamt fulltrúum fjölmiðla. Þegar lögreglu bar að garði var fjölmiðlum vísað frá og gestunum þar á eftir.

Hringt var í fulltrúa frá barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar sem átti að hjálpa til við brottvísunina. Þegar fulltrúa barnaverndarnefndar bar að garði bað hann lögregluna hins vegar um að slá aðgerðinni á frest.

„Ég sé ekki að það standist lög að senda börnin úr landi,“ segir Árni Freyr Árnason, lögmaður fjölskyldunnar.

„Börnin eru fædd hér og hafa dvalið hér frá fæðingu. Þau eru skráð í þjóðskrá, eiga heimili hér og hafa fengið úthlutað kennitölu. Þess vegna eiga þau að hafa réttarstöðu heimamanna. Börnin eiga að njóta vafans samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,“ segir Árni.

Faðir barnanna, Abdelwahab Saad, flúði frá heimalandi sínu Tógó fyrir tíu árum vegna pólitískra ofsókna. Hann og kona hans, Fadila, hafa dvalið á Íslandi í rúm tvö ár. Þau sóttu um hæli í júní 2014 en var synjað um vernd.

„Þau hafa sömu réttarstöðu þrátt fyrir að brottflutningurinn hafi ekki tekist í gær. Lögreglan hefur því þá heimild að geta flutt þau brott úr landi, saman eða sitt í hvoru lagi, þegar henni hentar,“ segir Árni.

Krafist hefur verið álits umboðsmanns Alþingis á brottvísuninni. **– þh**



Abdelwahab Saad og kona hans Fadila Zakaria mótmæltu fyrirhugaðri brottvísun á Austurvelli í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Börnin eru fædd hér og hafa dvalið hér frá fæðingu. Þau eru skráð í þjóðskrá, eiga heimili hér og hafa fengið úthlutað kennitölu. Þess vegna eiga þau að hafa réttarstöðu heimamanna.
>
> Árni Freyr Árnason, lögmaður fjölskyldunnar



Smálán eru vandmeðfarin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sekta E-content vegna smálána

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa hefur sektað fyrirtækið E-content um 2,4 milljónir króna vegna slælegra upplýsinga um lántökugjald vegna hraðlána. E-content rekur 1909, Múla og Hraðpeninga sem veita hraðlán.

Fyrirtækin bjóða fólki að kaupa rafbók og fá lán fyrir kaupunum. Um leið er hægt að fá annað lán ótengt bókakaupunum.

„Um er að ræða sambærilega viðskiptahætti og Neytendastofa hefur þegar tekið ákvörðun um gagnvart Kredia og Smálánum og áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest,“ segir Neytendastofa. **– sa**

## Efast um stjórn fimm flokka

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði í þættinum Í bítið á Bylgjunni í gær það hafa komið honum á óvart hversu fljótt hefði slitnað upp úr stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Taldi Sigmundur líklegt að Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, gæfi sér nokkra daga í myndun fimm flokka ríkisstjórnar. „Mér sýnist menn reyndar byrjaðir að tala sig úr því í þeim hópi og líkurnar á því, hafandi kannski aldrei verið sérlega miklar, fari þá frekar minnkandi.“ **– skh**

# Dögum saman á bráðamóttöku

**Mikið álag á legudeildum Landspítalans veldur því að bráðamóttakan yfirfyllist. Sjúklingar á bráðamóttökunni hvílast illa. Brýnt að fólk leiti frekar á Læknavakt eða til heilsugæslu, sé kostur á því, segir yfirlæknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég hef séð það verra en ég hef líka séð það betra,“ segir Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítala.

Mikið álag er á Landspítala þessa dagana og sendu stjórnendur spítalans, að höfðu samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, út tilkynningu í gær til að minna fólk á móttökur heilsugæslunnar sem og Læknavaktina.

Jón Magnús segir að undanfarna daga hafi ástandið versnað smám saman og fleiri og fleiri sjúklingar ekki komist til innlagnar af bráðadeildinni á þær deildir sem þeir þyrftu. Þetta hefur gert það að verkum að sjúklingar hafa dvalið á bráðamóttökunni tímunum saman. Sumir hafa verið þar yfir sjötíu klukkutíma, eða hátt í fjóra sólarhringa.

Á sama tíma hefur verið mikil aðsókn á bráðamóttökuna sem hefur gert það að verkum að þar eru mikil þrengsli. Jón Magnús segir þetta sérstaklega vont fyrir sjúklingana.

„Starfsemi bráðamóttökunnar er þannig að það er ónæði allan sólarhringinn. Þú nærð illa að hvílast ef þú ert á bráðamóttöku. Það eru mörg rúm sem eru í gluggalausum herbergjum þannig að fólk fær ekki að njóta dagsbirtu,“ segir Jón Magnús.

Yfirlæknirinn bætir við að starfsfólk deildarinnar sé sérhæft til bráðamóttökuvinnu og gríðarlega fært í því. „En það hefur kannski ekki sérhæfinguna til þess að sinna innlögðum sjúklingum. Þannig að í heildina er þetta neikvætt fyrir sjúklingana,“ segir hann.



Yfirlæknir á bráðamóttökunni í Fossvogi segir ástandið hafa versnað í vikunni því erfiðlega gangi að koma fólki af bráðamóttöku yfir á aðrar deildir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Magnús segir að í gærmorgun hafi bráðavaktin verið með 24 sjúklinga á bráðamóttökunni sem biðu eftir innlögn.

„Það þýðir það að við erum bara með átta rúm laus til þess að sinna fólki sem kemur með bráð vandamál. Við getum ekki veitt þá þjónustu sem við viljum á bráðamóttökunni sem aftur fólk finnur fyrir með auknum biðtíma,“ segir Jón Magnús.

Jón Magnús segir að spítalinn vilji að allir geti farið í forflokkun og einkenni þeirra séu skoðuð. Fólk með alvarlegan og bráðan vanda fái strax aðstoð. „Þeir sem eru með minni bráðan vanda geta lent í langri bið og í sumum tilfellum gætu þeir fengið fljótari og jafn góða þjónustu á heilsugæslunni og á læknavaktinni,“ segir Jón Magnús. Vandinn sé sá að það geti verið erfitt að vita hvort einkennin sem fók fær séu mjög bráð eða ekki. „Þannig að við höfum ekki viljað beina fólki frá því að leita til okkar í þetta fyrsta mat, þessa forgangsröðun. En sumir sem koma til okkar og reynast ekki vera með mjög bráð veikindi gætu fengið þær ráðleggingar frá okkur að leita frekar á heilsugæslu eftir það mat,“ segir Jón Magnús.

**jonhakon@frettabladid.is**





Kvikmyndarétturinn seldur

★★★★½

„Fullkomið jafnvægi í fögru myndmáli ... falleg og fyndin.“
JMA / MORGUNBLAÐIÐ

„Afspyrnu vel stíluð saga ... ljóst að hér er kominn höfundur sem sker sig úr fjöldanum ...“
FB / FRÉTTABLAÐIÐ



Höfundur málaði sjálfur á ríflega 2000 eintök af bókinni

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# STÓRA SERÍU HELGIN

## hefst í dag

# 25-40% afsláttur

## Allar seríur og jólaljós

OPIÐ TIL 21:00 SKÚTUVOGI Í KVÖLD

Jóhanna Guðrún
tekur lagið
kl. 18:30 í kvöld
í Blómavali
Skútuvogi



**Opið til 21 í Skútuvogi aðeins í kvöld**

**Allir fá pizzusneið og Coke kl. 18:00**
**í Húsasmiðjunni Skútuvogi**
á meðan birgðir endast.



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



Assad Sýrlandsforseti fagnar því ef Trump ætlar að berjast gegn Íslamska ríkinu. Hér heilsar hann upp á sýrlenska hermenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sýrlandsforseti sáttur við kjör Donalds Trump

**SÝRLAND** Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, er jákvæður í garð Donalds Trump, nýkjörins forseta Bandaríkjanna.

Assad segir Trump verða bandamann ef hann heldur til streitu kosningaloforði sínu um að Bandaríkjamenn eigi að einskorða afskipti sín af Sýrlandi við baráttuna gegn Íslamska ríkinu.

Bandarísk stjórnvöld hafa lýst andstöðu við bæði ríkisstjórn Assads og Íslamska ríkið í Sýrlandi. Samkvæmt frásögn BBC mun Trump hins vegar hafa sagt í kosningabaráttu sinni að það væri „brjálæði“ að lýsa yfir andstöðu við báða hópana og tók fram að ef Bandaríkin háðu stríð gegn Sýrlendingum gæti það leitt til átaka við Rússa.

Assad segir að yfirlýsing Trumps lofi góðu en hann hefði efasemdir um hvort Bandaríkjaþing myndi leyfa honum að halda þessari stefnu til streitu.

„Við vitum ekki hvað hann ætlar að gera, en ef hann ætlar að berjast gegn hryðjuverkamönnunum þá munum við verða bandamenn hans í því, eins og við erum bandamenn Rússa, Írana og margra annarra þjóða,“ segir Assad.

Í samtali við Wall Street Journal á föstudaginn sagði Trump að hann vildi hætta stuðningi Bandaríkjanna við hófsama uppreisnarmenn í stríði þeirra við Assad af því að „við höfum ekki hugmynd um hvaða fólk þetta er“.

Tímaritið Newsweek segir að stefna Trumps muni gleðja Rússa, sem styðja Assad í baráttu hans gegn hófsömum uppreisnarmönnum og Íslamska ríkinu. Pútín hefur nú þegar hringt í Trump til að óska honum til hamingju með sigurinn í kosningunum og til þess að ræða kosti þess að styrkja tengsl Bandaríkjanna og Rússa.

Viðtalið við Assad birtist á sama tíma og bardagar hefjast að nýju í Aleppo eftir þriggja vikna vopnahlé. Vopnahléið var gert til þess að leyfa íbúum og uppreisnarmönnum að yfirgefa stríðssvæðið. Það tók enda á þriðjudag þegar orrustuþotur byrjuðu að sprengja borgina að nýju.

Elizabeth Trudeau, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, gagnrýndi árásirnar og afskipti rússneskra stjórnvalda af landinu. „Rússar eru aftur byrjaðir að styðja ríkisstjórn Assads í stríði hennar gegn sýrlenskum almenningi,“ segir hún. **jonhakon@frettabladid.is**

**» Donald Trump vill hætta stuðningi Bandaríkjanna við hófsama uppreisnarmenn í stríði þeirra við Assad Sýrlandsforseta.**

**Við vitum ekki hvað hann ætlar að gera, en ef hann ætlar að berjast gegn hryðjuverkamönnunum þá munum við verða bandamenn hans í því.**

Bashar al-Assad, forseti Sýrlands








Katrín Jakobsdóttir kom á fund forseta Íslands á Bessastöðum í gær og tók við stjórnarmyndunarkeflinu af Bjarna Benediktssyni. Katrín fundar með formönnum allra flokka í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Velur á milli Viðreisnar og Framsóknarflokks

**Línur taka að skýrast í dag um hvort formenn flokkanna á Alþingi geti hugsað sér fimm flokka ríkisstjórn frá vinstri og til miðju. Ólíklegra verður að teljast að Framsókn geti komið inn í slíka stjórn. Þingmenn Viðreisnar eru bjartsýnir.**

**STJÓRNMÁL** Það gæti steytt á sömu skerjunum í nýjum stjórnarmyndunarviðræðum og þeim sem sigldu í strand fari svo að Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, reyni að mynda fimm flokka ríkisstjórn með Framsóknarflokknum.

Þingmenn Viðreisnar eru aftur á móti bjartsýnir á að þau málefni sem flokkurinn lagði áherslu á í aðdraganda kosninga nái í gegn í stjórn Katrínar.

Katrín Jakobsdóttir hélt á fund forseta Íslands í gær og fékk umboð til myndunar nýrrar ríkisstjórnar. Katrín sagði að fundinum loknum að naumur tími væri til myndunar ríkisstjórnar og standa áætlanir til að hún hefji fundi með formönnum stjórnmálaflokkanna klukkan hálf tíu í dag. Katrín hefur verið skýr með þann vilja sinn að mynda fimm flokka stjórn frá miðju og til vinstri.

Möguleikar Katrínar eru í raun þrír, að taka Framsóknarflokkinn í fimm flokka stjórn, að taka Viðreisn inn í fimm flokka stjórn eða hafa flokkana saman í slíkri stjórn.

Heimildir fréttastofu herma að innan þingflokks Vinstri grænna séu raddir sem telji Framsóknarflokkinn vænlegri kost til samstarfs en Viðreisn.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, er ekki sammála því að mikið beri á milli.

„Það liggur ljóst fyrir að á milli okkar og VG er töluverður samhljómur þegar kemur að því að breyta málum í sjávarútvegi, þó það sé kannski áherslumunur um nákvæmlega hvernig. Vinstri græn lýstu því fyrir kosningar að flokkurinn væri reiðubúinn að láta kjósa um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið svo þar ætti að vera samhljómur líka. Jafnréttismálin og umhverfismálin ættu held ég að vera borðleggjandi.“

Varðandi hlutfall á milli einkareksturs og opinbers reksturs í velferðarkerfinu segir Þorsteinn það ekki neitt kappsmál hjá Viðreisn að auka einkarekstur. „Við fyrstu sýn er ekki ólíklegt að það nái að myndast betri samstaða nú.“

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir flokkinn reiðubúinn að skoða einhverjar breytingar varðandi sjávarútveginn.

„En ef við ætlum að fara í kerfisbreytingar í sjávarútveginum þá verðum við að vita hvaða áhrif það hefur. Er búið að reikna uppboðsleiðina út? Ætla menn að vinda algjörlega ofan af kvótakerfinu? Mér finnst allt í lagi að fara í ákveðnar breytingar en ég þarf að sjá til lands og vita að við séum ekki að taka úr sambandi fiskveiðistjórnunarkerfið,“ segir Lilja.

Varðandi Evrópusambandið segir Lilja að fyrst þurfi að taka á málum innanlands áður en þráðurinn verði tekinn upp í aðildarviðræðum. Fari aðildarviðræður í þjóðaratkvæði vill Lilja að spurningin snúist um hvort þjóðin vilji ganga inn í ESB eða ekki. Hún tekur ekki vel í hugmyndir Katrínar Jakobsdóttur um tvær spurningar í einni atkvæðagreiðslu, annars vegar um framhald aðildarviðræðna og hins vegar afstöðu til inngöngu.

**snaeros@frettabladid.is**

**sveinn@frettabladid.is**

**Milli okkar og VG er töluverður samhljómur þegar kemur að því að breyta málum í sjávarútvegi.**

Þorsteinn Víglundsson, alþingismaður Viðreisnar

F&F

# Gjafadagar í F&F

# 20%

afsláttur

## af öllum F&F vörum

## 17.-21. nóvember





Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

TÆKNI

# Mikil tækifæri falin í vélvæðingu starfa

**Rektor Háskólans í Reykjavík segir samfélagið þurfa að vera undirbúið fyrir aukna vélvæðingu starfa. Mörg störf gætu tapast en önnur komið í staðinn. Miklar líkur eru á að störf í fiskvinnslu og hreingerningum glatist miðað við útreikninga Oxford-háskóla og Deloitte.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Á næstu árum og áratugum er útlit fyrir að mikill fjöldi starfa muni breytast allverulega sökum aukinnar vélvæðingar. Nú þegar má sjá sjálfkeyrandi bíla og notkun véla við framleiðslu hefur vaxið jafnt og þétt. Mögulegt er að heilu starfsgreinarnar leggist niður á meðan aðrar breytist minna.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík og tölvunarfræðingur, segir að þróunin á Íslandi verði í takt við það sem muni gerast annars staðar í heiminum. Störf muni breytast heilmikið með tilkomu nýrrar tækni. „Það sem er í raun og veru að gerast er það sem margir kalla fjórðu iðnbyltinguna. Þá mun tækni sem byggist á gervigreind, sjálfvirkni, tengingu og tölvustýringu breyta heilmiklu í kringum okkur,“ segir Ari.

Hann segir að við breytinguna muni sum störf hverfa, þá sérstaklega störf sem grundvallast á endurtekningum. Hins vegar muni ný störf myndast í staðinn. „Það verða sérstaklega tækifæri fyrir nýjar leiðir í framleiðslu, skapandi greinum og þjónustu, til að mynda heilbrigðisþjónustu.“ Ari segir að breytingarnar muni gagnast Íslendingum mjög vel og verði alls ekki dómsdagsbreytingar. Þvert á móti liggi mikil tækifæri í vélvæðingu starfa.



Kínverski varaforsetinn Zhang Gaoli virðir fyrir sér vélmenni fyrirtækisins SIASUN Robot and Automation, ætlað vélvæðingu í framleiðslustörfum. Vélvæðing starfa er þó ekki einangruð við framleiðslustörf enda getur gervigreind á borð við sjálfkeyrandi bíla einnig breytt fjölmörgum störfum. NORDICPHOTOS/AFP

### Sveigjanleiki nauðsynlegur

„Til þess að Ísland geti nýtt sér þessi tækifæri þurfum við að vera mjög vel undirbúin,“ segir Ari. Hann segir menntun þurfa að vera góða og að færni í samfélaginu þurfi að vera mikil til þess að nýta tæknina til fullnustu. Þar skipti sköpum að háskólar séu vel í stakk búnir, bæði að því er varðar fjármögnun og sveigjanleika þeirra. Svo þurfi rétta viðhorfið. „Viðhorfið á ekki að vera að læsa úti breytingarnar heldur að taka frumkvæði, vera sveigjanleg og nýta okkur þær til að gera Ísland að betri stað á grunni þeirra sérstöðu og þeirra gæða sem við höfum.“

Einn mögulegur þáttur umrædds sveigjanleika er borgaralaun. Tæknifrömuðurinn Elon Musk, eigandi Tesla, SpaceX og fleiri fyrirtækja í tæknigeiranum, velti þessari hugmynd fyrir sér á dögunum í viðtali við CNBC. „Það eru frekar góðar líkur á að samfélagið taki upp borgaralaun eða eitthvað í þá áttina vegna vélvæðingar starfa. Ég er ekki viss um hvað annað væri hægt í stöðunni,“ sagði Musk. Nauðsynlegt sé að sjá um þá verkamenn sem missa störf sín í hendur vélmenna og gervigreindar. „Fólk mun þá hafa meiri tíma til þess að einbeita sér að áhugaverðari málum.“

> **Það eru frekar góðar líkur á að samfélagið taki upp borgaralaun eða eitthvað í þá áttina vegna vélvæðingar starfa.**
>
> Elon Musk, tæknifrömuður



> **Til þess að Ísland geti nýtt sér þessi tækifæri þurfum við að vera mjög vel undirbúin.**
>
> Ari Kristinn Jónsson, rektor HR



Ari ætlar ekki að segja til um hvort borgaralaun séu rétta leiðin en segir samfélagið þó þurfa að vera undirbúið fyrir breytingarnar. „Það er mikilvægt að hafa í huga að við þurfum að vera sveigjanleg í því hvernig við nálgumst hlutina og vera opin fyrir nýjum leiðum,“ segir Ari. Hann segir að þó ekki sé ástæða til þess að ætla að störfum fækki heilt yfir breytist þau. Það krefjist sveigjanleika.

„Störf geta horfið og svo líður ákveðinn tími áður en ný störf eru orðin til. Fólk getur líka þurft á endurþjálfun og endurmenntun að halda til að takast á við ný störf,“ segir Ari.

### Ekki einangrað við verksmiðjur

„Ég held að öll störf muni breytast mjög mikið. Breytingarnar eru ekki einangraðar við verksmiðjustörf,“ segir Ari. Sem dæmi um störf sem vélar geti tekið yfir nefnir hann sjálfkeyrandi bíla. „Það að koma tæki á milli staða krefst í sjálfu sér ekki innsæis mannsins.“

Hins vegar áætlar hann að í mörgum starfsgreinum muni störf ekki hverfa heldur breytast. „Menn fari að vinna með vélunum og leysa úr þegar eitthvað kemur upp á. Svo eru alls konar störf sem krefjast samskipta og sköpunargáfu, vélarnar taka það aldrei af okkur.“

Ari segir enga ástæðu til að ætla að breytingarnar verði einangraðar við ákveðnar starfsstéttir. Menntafólk sé ekki undanskilið breytingunum.

Þá segir hann að erfitt verði að spá um tímasetningar byltingarinnar. „Allt sem þarf til að gera þetta er að verða tilbúið. Það er á lokametrunum í þróun. Það sem þarf að gerast er hins vegar þessi umbreyting líkt og gerðist með snjallsíma. Tæknin sem þurfti til þess að framleiða snjallsíma var til en svo varð allt í einu þessi umbreyting þegar allir þurftu að skipta yfir. Hver sá tímapunktur verður er erfitt að segja til um,“ segir Ari.

### Hætta á að störf glatist

| Starf | Hætta |
|---|---|
| Fiskvinnsla | 95% |
| Hreingerningar | 94% |
| Vegavinna | 88% |
| Matreiðsla | 73% |
| Leigubílaþjónusta | 57% |
| Förðun | 37% |
| Flug | 25% |
| Blaðamennska | 8% |
| Hönnun | 5% |
| Sálfræðiþjónusta | 1% |
| Hjúkrun | 1% |

## Snap Spectacles í dularfullum sjálfsölum

Íbúar Kaliforníu og Oklahoma í Bandaríkjunum hafa nýlega séð undarlega, gula sjálfsala spretta upp úti á götu. Við sjálfsalana hafa svo myndast ógnarlangar raðir en þeir eru eini vettvangurinn þar sem kaupa má Spectacles, ný gleraugu frá fyrirtækinu Snap Inc. sem einnig heldur úti samfélagsmiðlinum Snapchat.

Gleraugun eru búin myndavélum og senda þau stutt myndbönd beint í síma notandans sem getur svo hlaðið þeim inn á Snapchat-aðgang sinn.

Techcrunch greinir frá því að í þessari markaðssetningu gangi Snap Inc. út frá einfaldri reglu: „Ef þú vilt gera vöruna þína töff þá skaltu ekki gefa nördum aðgang að henni fyrst.“ Því hafa tæknibláðamenn í Bandaríkjunum ekki fengið að prófa Spectacles nema þeir hafi verið svo heppnir að rekast á gulan sjálfsala. – **þea**

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is




Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is Draghálsi 4 - 110 Reykajvík - Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305
verslun@verslun.is
VR 2016
Framúrskarandi fyrirtæki 2015
TAKTIK#4759

# 30% VILDARAFSLÁTTUR ALLAR ERLENDAR BÆKUR



**Harry Potter and the Chamber of Secrets (myndskreytt)**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-



**The Whistler**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-



**Lego - The Book of Knights**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-



**Vegan Chocoholic**
**VILDARVERÐ: 3.359.-**
Verð: 4.799.-



**A Game of Thrones (myndskreytt)**
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-



**Great City Maps**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-



**Bob Dylan - Chronicles**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-



**Nasty Galaxy**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-



**The Art of Hygge**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-



**Nordic Painting**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-



**Absolutely on Music**
**VILDARVERÐ: 3.009.-**
Verð: 4.299.-



**Tokyo Cult Recipes**
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 17. nóvember, til og með 20. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kyrrsetan er hinar „nýju reykingar“

**Forvarnir gegn hjarta- og æðasjúkdómum verða að beinast að matarvenjum okkar og kyrrsetu – líkt og reykingum undanfarna áratugi. Offita og sykursýki eru nýju óvinirnir. Vítahringurinn hefst hjá börnum og unglingum sem endar með heilsuleysi fullorðinsára.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Ástæða er til að beita forvörnum gegn vaxandi offitu og tengdum vandamálum með áþekkum hætti og lengi var gert gegn tóbaksreykingum. Offita er einn af sterkustu áhættuþáttum kransæðasjúkdóms, en hún er hratt vaxandi vandamál á Íslandi, ekki síst hjá börnum sem eru á meðal þeirra feitustu í Evrópu. Ef ekki verður spornað við þessari þróun er hætt við að algengi og dánartíðni vegna kransæðastíflu muni aftur aukast á Íslandi.

Þetta segir Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum og yfirlæknir á Hjartagátt Landspítalans, en hann er einn höfunda Kransæðabókarinnar – rits sem 30 íslenskir sérfræðingar standa að og er ætlað almenningi ekki síður en heilbrigðisstarfsfólki.

Dánartíðni vegna kransæðastíflu hefur snarlækkað á síðustu áratugum og í dag lifa langflestir af hjartadrep. Það má þakka bættri greiningu og meðferð; öflugri lyfjameðferð og framförum í kransæðavíkkunum og hjáveituaðgerðum. Öflugar forvarnir hafa þó skipt enn meira máli; breytt mataræði, öflug meðferð háþrýstings og hækkaðs kólesteróls og árangursríkar reykingavarnir. Aðeins ellefu prósent fullorðinna Íslendinga reykja í dag samanborið við 30 prósent árið 1991, en aðeins Svíar geta státað af lægra hlutfalli reykingamanna.

„Gríðarlegur árangur hefur náðst. En við höfum áhyggjur af vandamálum sem sér ekki fyrir endann á og það eru offita og sykursýki, sem má segja að sé afleiðing offitu og neysluhátta okkar í dag. Nú þarf að einbeita sér að þessum atriðum með sömu alvöru og við höfum gert varðandi reykingar,“ segir Karl og bætir við að Íslendingar hafi verið einna fyrstir til að banna auglýsingar á tóbaki sem var ekki sjálfsagt mál á þeim tíma. Í kjölfarið var gripið til lýðheilsuinngripa eins og að hætta sölu tóbaks við kassann þar sem það var sýnilegt og banna yngsta aldurshópnum að kaupa tóbak. Síðar komu aðgerðir eins og að banna reykingar í opinberum byggingum, á veitingastöðum og svo framvegis. Varla sé þess svo að bíða að umbúðir verði gerðar einsleitar til að þær höfði síður til barna og unglinga.

„Við verðum að taka matvæli, matvælaframleiðendur, sömu tökum og við höfum nálgast tóbaksiðnaðinn á síðustu áratugum. Nefna má saltneyslu sem dæmi, en þar neytum við kannski þrisvar sinnum meira magns en lífræðileg þörf okkar segir til um. Þetta gerist ekki þegar við kryddum matinn okkar sjálf, heldur er stærsti hlutinn kominn frá tilbúnum matvælum hvers konar. Þessi saltaustur er tilkominn vegna þess að þessar vörur seljast frekar,“ segir Karl, sem telur að það sama eigi við um sykur, en þar hafa mikið verið til umræðu sykraðir drykkir, skyndibiti og mjólkurvörur sem beint er að börnum. Sykurmagnið í þessum mat, og fleiri vörutegundum, hefur ekkert með næringarinnihald að gera, og viðheldur vítahring sem sannarlega er til staðar hjá milljónum manna. Ísland er þar engin undantekning. Börn eru allt of þung sem oft leggur línuna fyrir fullorðinsárin með tilheyrandi heilsuvandamálum.

Þegar sýnir alþjóðleg tölfræði heilbrigðisyfirvalda að rúmlega sautján milljón dauðsföll í heiminum árlega eru rakin til hjarta- og æðasjúkdóma. Árið 2030 verður þessi tala komin vel yfir 23 milljónir á ári. Flest þessara dauðsfalla verða í fátækari löndum heims, enda þótt sjúkdómurinn sé hlutfallslega algengari dánarorsök í ríkari löndum heims. Þá er vert að hafa hugfast að áhættuþættir kransæðasjúkdóms geta verið óbreytanlegir, eins og aldur, kyn og ættarsaga. En hinir, sem margir tengjast lífsstíl, eru fleiri og þeir helstu reykingar, háþrýstingur, blóðfituröskun, sykursýki, offita, hreyfingarleysi, kæfisvefn, sálrænir og félagslegir þættir, mataræði og áfengi.

„Við gátum lengi státað okkur af því hér að hafa lága tíðni sykursýki – en það heyrir sögunni til. Við erum komin upp að hlið annarra þjóða og jafnvel fram úr þeim sumum. Helsta skýringin er það mataræði sem við höfum tamið okkur; skyndibiti og óhollusta,“ segir Karl og segir að einna sárast sé að sjá að þrátt fyrir að allir þessir þættir hafi verið greindir, og vitneskjan liggi fyrir, þá breyti fólk ekki daglegum venjum sínum í samræmi við það.

„Við verðum því að hafa þetta í huga í okkar forvörnum í dag – ég held að reykingar séu að deyja út og við ættum að einbeita okkur að matvælunum í auknum mæli,“ segir Karl og nefnir í samhengi sykurskatt sem var afnuminn nýlega. álögur á grænmeti og ávexti á sama tíma og sykurskattur var afnuminn nýlega.

„En þetta er á ábyrgð foreldra, skólanna, íþróttafélaganna, fyrirtækja, ríkisins og sveitarfélaganna – en miklum árangri er hægt að ná með ákvörðunum í skipulagsmálum eins og góðir hjólastígar eru ágætis dæmi um. Það þurfa allir að taka þátt – hver með sínum hætti – til að ná árangri,“ segir Karl.



Kyrrseta er hinar „nýju reykingar“ vestræns lífsstíls og eru sjálfstæðir áhættuþættir kransæðasjúkdóms og geta tengst öðrum áhættuþáttum eins og offitu og sykursýki tvö. Að snúa því við getur verið spurning um líf eða dauða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Dælir 10.000 litrum á sólarhring

- Eðlilegt hjarta í fullorðnum er á stærð við tvo hnefa og vegur í kringum **0,5%** af líkamsþyngd eða **300 grömm** hjá körlum og **200 grömm** hjá konum.
- Eðlilegur púls er í kringum **60-80 slög á mínútu** og því slær hjartað um **100.000 slög á sólarhring**, eða í kringum **2,5 þúsund milljarða slaga** á meðalævi.



- Í hvíld dælir meðalhjartað **5,5 l/mín.** en allt að **8 lítrum** hjá vel þjálfuðum íþróttamönnum. Við áreynslu eykst dælugetan margfalt, eða hátt í **20 l/mín.** og púlsinn getur slagað hátt í **200 slög/mín.** Á sólarhring dælir hjartað því hátt í **10.000 lítrum** sem nægir til að fylla hátt í **100 meðalstór (120 lítra) baðkör**.

> **Við verðum að taka matvæli, matvælaframleiðendur, sömu tökum og eins og við höfum nálgast tóbaksiðnaðinn á síðustu áratugum.**



Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum og yfirlæknir á Hjartagátt Landspítalans

## Enginn sjúkdómur drepur fleiri

- Kransæðasjúkdómur hrjáir þúsundir Íslendinga og er ein algengasta dánarorsök landsmanna.
- Um þriðjung dauðsfalla á Íslandi má rekja til hjarta- og æðasjúkdóma, og eru ¾ þeirra vegna kransæðasjúkdóms.



- Dánartíðni kransæðastíflu hefur lækkað um rúmlega 80% frá 1981. Engu að síður er kransæðastífla langalgengasta dánarorsökin hér á landi, líkt og annars staðar á Vesturlöndum.
- Konur og yngri karlmenn sem reykja eru í fjór- til fimmfaldri meiri hættu á að deyja af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.
- Reykingar eru alvarlegasti áhættuþáttur kransæðasjúkdóms og valda ótímabærum dauðsföllum hjá helmingi þeirra sem reykja.



- Í þeim löndum sem innleitt hafa bann við reykingum á opinberum stöðum hefur nýjum tilfellum af kransæðastíflu fækkað um allt að 20%, bæði hjá þeim reykja og hinum sem ekki reykja.



- Hækkaður blóðþrýstingur er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóms en talið er að allt að fjórðungur fullorðinna greinist með háþrýsting á ævinni.
- Kyrrseta er hinar „nýju reykingar“ vestræns lífsstíls. Hreyfingarleysi og kyrrseta eru sjálfstæðir áhættuþættir kransæðasjúkdóms og geta tengst öðrum áhættuþáttum eins og offitu og sykursýki af gerð 2.
- Einstaklingar sem standa höllum fæti félagslega, eru atvinnulausir, hafa lágar tekjur og búa við streitu og álag í vinnu og einkalífi eða lítinn stuðning fjölskyldu eru í aukinni hættu á að þróa með sér kransæðasjúkdóm.

# Upplýsa pólska innflytjendur um lungnakrabbamein

**HEILBRIGÐISMÁL** Brugðist hefur verið við grun um að tíðni reykinga sé töluvert hærri í hópi innflytjenda en annarra landmanna með útgáfu á upplýsingaefni um lungnakrabbamein á pólsku. Alþjóðadagur lungnakrabbameins er í dag og ákvað samstarfshópur um lungnakrabbamein á Landspítala að gefa út bækling um sjúkdóminn á pólsku. Fyrri útgáfur upplýsingaefnisins voru aðeins gefnar út á íslensku og ensku.

Markmiðið er að allir sem greinast með lungnakrabbamein hér á landi fái bæklinginn í hendur við greiningu en þeir eru árlega um 160 talsins. Á Íslandi eru innflytjendur um tíu prósent landsmanna og um 40 prósent þessara rúmlega 30 þúsund innflytjenda eru Pólverjar, sem ekki allir tala ensku. Mjög hefur skort á upplýsingar til þessara einstaklinga og ættingja þeirra, er mat þeirra íslensku sérfræðinga sem standa að útgáfunni.

**90%**

**þeirra sem greinast með sjúkdóminn, reykja eða hafa reykt.**

Efni útgáfunnar miðast við hérlendar aðstæður. Aðaláherslur eru á nýjungar í meðferð, bæði lyfja- og geislameðferð, en einnig framfarir í skurðaðgerðum. Einnig er fjallað um berkjuómspeglun (EBUS) sem nú er gerð á Íslandi, en einnig jáeindaskanna sem væntanlegur er hingað til lands innan skamms.

Loks er lögð áhersla á reykingavarnir og hvernig hætta má reykingum, en 90% lungnakrabbameins má rekja til reykinga. Þetta telja höfundar mikilvægt atriði því óvíða í heiminum hefur náðst jafn góður árangur í reykingavörnum og hér á landi, en aðeins um ellefu prósent fullorðinna Íslendinga reykja.

Lungnakrabbamein eru algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal iðnvæddra vestrænna þjóða.

Meinin voru áður tvöfalt algengari hjá körlum en konum, en nú eru þau nánast jafn algeng hjá báðum kynjum. Er nú svo komið að það er orðið næstalgengasta krabbameinið bæði meðal karla og kvenna. Brjóstakrabbamein er algengara hjá konum og blöðruhálskirtilskrabbamein hjá körlum. – shá






Gildir út sunnudag
*Gildir ekki af öðrum tilboðum
Finndu okkur á facebook

**Opið** 11 - 21 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




# Við áttum alls ekki von á að vinna

**„Þetta var æðislegt,“ segir Hagskælingurinn Ragnheiður María Benediktsdóttir um sigurinn í Skrekk. Atriði Hagaskóla, Rugl, bar sigur úr býtum á spennandi úrslitakvöldi á mánudag.**

Skrekkur er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Hagaskóli í Vesturbænum sigraði annað árið í röð, Ölduselsskóli hafnaði í öðru sæti og Árbæjarskóli varð þriðji. „Atriðið fjallar um að við glímum öll við vandamál en litlu hlutirnir skipta svo miklu máli. Við eigum að hjálpa hvert öðru því við vitum ekki hvað annað fólk er að glíma við,“ segir Ragnheiður um siguratriðið. Hún segist enn vera í sæluvímu eftir sigurinn. „Við áttum alls ekki von á að vinna því það var mikið af frábærum atriðum.“ – þh

Anton Brink
ljósmyndari









# **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI** Í 70 ÁR



## FLUGVELLIR OG **FLUGLEIÐSAGA** Í 70 ÁR

Árið 1946 er merkisár í flugsögu Íslands, þá tók Flugmálastjórn Íslands við stjórn flugs um íslenska flugstjórnarsvæðið, Íslendingar fengu afhenta Reykjavíkurflugvöll og Keflavíkurflugvöll auk þess sem fyrsti flugvöllurinn sem Íslendingar byggðu, Vestmannaeyjaflugvöllur, var opnaður.

Á þessari mynd hér að ofan má sjá flugumferðarstjóra að störfum í gamla flugturninum á Reykjavíkurflugvelli. Hann heldur á ljósmerkjalampa en flugvélar voru ekki allar búnar loftskeytatækjum í þá daga og fóru boðskipti fram með ljósmerkjum. Lampinn er enn staðalbúnaður í flugturnum ef hefðbundið fjarskiptasamband kynni að rofna.

Þessi 70 ár hafa verið viðburðarrík og eru spennandi tímar framundan. Ísland er mikilvægur hlekkur í samgöngum heimsins og við þurfum að vera í stakk búin til að valda þessu hlutverki sem flugþjóð gegnir.

**VIÐ** ERUM HLUTI AF GÓÐU **FERÐALAGI**

ISAVIA

16-3276 — HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Býður einhver betur?






Lavor One Plus 130 háþrýstidæla 130 bör max, 420 lítr/klst. 1800W Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbostútur

**13.490**



Lavor Galaxy 140 háþrýstidæla 140 bör max, 450 lítr/klst. 1900W

**17.990**



Lavor Space 180 háþrýstidæla 180 bör max, 510lítr/klst 2500W. Fylgihlutir: Pallahreinsir, bursti og aukaspíssar.

**26.990**




Race 125 háþrýstidæla 125 bör max, 400 lítr/klst. 1800W

**23.390**




Lavor Vertigo 20 háþrýstidæla 140 bör max, 400 lítr/klst. 2100W

**32.390**




Lavor Vertigo Plus 28 háþrýstidæla 160 bör max, 510 lítr/klst. 2800W

**61.990**

LAVOR IPC Soteco EIBENSTOCK Pullman Ermator Drive PROFESSIONAL TOOLS SPANDY

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma

# 10-12% LÆKKUN

til neytenda vegna hagstæðara gengis

# MÚRBÚÐARVERÐ




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lavor Pro CF20 ryk/blautsuga 1400W 20 lítra | Lavor Pro Rudy 1200S ryk/blautsuga 1200W 20 lítra | Lavor Pro SILENT ryksuga 800W - 12lítra | Drive Bílskúrsryksuga 1200W, 18lítra | Drive Pro ZD90A ryk/blautsuga 1400W 20lítra | Drive Bílskúrsryksuga 1200W, 20 lítra |
| **12.490** | **8.900** | **20.590** | **7.900** | **13.490** | **6.790** |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Drive Pro ZD10 ryk/blautsuga 1000W, 50 lítra | Drive Pro ZD98-2B ryk/blautsuga 2 mótorar (2 x 1000) 70 lítra | Drive Pro ZD98-3B ryk/blautsuga 3 mótorar (3 x 1000) 90 lítra | Lavor Pro Windy 265IF ryk/blautsuga 2000W - 40 lítra | Lavor Pro Windy 365IR ryk/ blautsuga 3000W - 40 lítra | Soteco Base XP 315 ryk/blautsuga 1300W - 23 lítra |
| **22.900** | **35.900** | **43.900** | **44.900** | **51.900** | **32.390** |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Soteco Base XP 429 ryk/blautsuga 2800W, 62 lítrar | Soteco Base 429 Sub Slurry. Blautsuga með afdælingu, 2400W. 62 lítra tankur. Dælir allt að 90 lítrum á mín. | Soteco Base 403M Ryk/ blautsuga 1400W 62 lítrar | Soteco Dacota 429 Sub Slurry. Blautsuga með afdælingu 2400W. 62 lítra tankur. Dælir allt að 100 lítrum á mín. | Soteco Toper 429 iðnaðarryksuga 2400W - 630m³ loftflæði/klst. Maxibag. | Soteco Toper 515 iðnaðarryksuga 1200W - 210m³ loftflæði/klst. Maxibag. |
| **66.590** | **89.900** | **98.900** | **165.900** | **169.990** | **133.900** |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Eibenstock DSS-35M iðnaðarryksuga 1600W - 35 lítra. Þolir þurr og blaut rykefni. | Pullmann-Ermator S13 iðnaðarryksuga m. longopack, 1300W | Pullman-Ermator S26 iðnaðarryksuga m. Longopack 2400W | Pullmann-Ermator S36 iðnaðarryksuga m. Longopac 3600W (3 x 1200W) | Pullman-Ermator T4 3. fasa iðnaðarryk-suga m. longopack 4000W 400m³/klst | Pullman-Ermator W70P blautsuga með afdælingu.1260W, 70lítra. 200m3/klst |
| **94.490** | **214.900** | **313.900** | **429.900** | **663.900** | **268.900** |



Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga

**9.790**

Spandy pokalaus 500w heimilsryksuga

**6.190**




# MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |
| **Sími 412 2500** | - sala@murbudin.is | - www.murbudin.is |

*rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



Guðlaug Stella segir Íslenskuþorpið sívaxandi verkefni sem þurfi aukinn stuðning. Íslendingar séu jákvæðir í að hjálpa til við aðlögun og íslenskukennslu. MYND/GVA

# Eldri borgarar kenna góða íslensku

**Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir og kennarar Íslenskuþorpsins hafa kennt vel yfir þúsund útlendingum íslensku eftir nýstárlegum leiðum. Námsumhverfið er til dæmis í félagsmiðstöðvum eldri borgara þar sem nemendur njóta þolinmæði og læra gullaldaríslensku.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



**SAMFÉLAG** Íslenskir eldri borgarar eru á meðal þeirra sem taka að sér að eiga samskipti við erlenda nemendur á íslensku í verkefninu Íslenskuþorpið. „Við höfum séð nemendur koma nánast talandi úr heimsóknum frá eldri borgurum,“ segir Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, verkefnisstjóri Íslenskuþorpsins.

Með Íslenskuþorpinu er boðið upp á nýstárlega leið í tungumálanámi fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál. Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja og stofnana úti í samfélaginu: til dæmis á kaffihúsi, bókasafni, í bókabúð, bakaríi, sundlaug og félagsmiðstöðvum eldri borgara. Það er staðreynd í íslensku samfélagi að þeir sem hafa íslensku sem annað mál hafa mjög fá tækifæri til að tala íslensku við daglegar aðstæður, a.m.k í fyrstu. Enska er því gjarnan samskiptamálið.

Sex félagsmiðstöðvar aldraðra taka þátt í verkefninu og hefur Ásdís Helga Jóhannesdóttir, kennari í Íslenskuþorpinu, umsjón með samstarfinu að sögn Guðlaugar. „Við byrjum yfirleitt ekki námskeið á þessum heimsóknum, nemandinn verður að vera kominn með ákveðinn grunn í tungumálinu og vera vel undirbúinn. Oft hafa myndast falleg tengsl milli nemenda og eldri borgaranna sem hafa einnig mjög gaman af verkefninu. Við sjáum mestan árangur hjá nemendum okkar eftir þessar heimsóknir. Þarna gefur fólk sér tíma til að útskýra og tala um orð og orðanotkun og segja frá lífi sínu og störfum. Það má segja að eldri borgarar séu þolinmóðustu leiðbeinendur þessa verkefnis,“ segir hún frá.

## Taka upp samskiptin

Íslenskuþorpið er kennsluverkefni á vegum Háskóla Íslands. Fræðilegur grundvöllur þess er doktorsrannsókn Guðrúnar Theodórsdóttur (2010). Í rannsókn hennar er íslenskunema fylgt eftir í daglegum samskiptum þar sem hún leggur sig fram við að tala íslensku við Íslendinga úti í samfélaginu og tekur hún samskiptin upp á segulband yfir 3 ára tímabil. Guðrún rannsakar málnotkun með aðferðum samtalsgreiningar og skoðar hvaða aðferðum neminn beitir í samskiptum sínum við Íslendinga. Niðurstöður Guðrúnar sýna að neminn beitir markvissum aðferðum til að tjá sig á íslensku og nýtir hversdagsleg samskipti til að sinna erindum og tileinka sér og nota íslensku.

> **Þarna gefur fólk sér tíma til að útskýra og tala um orð og orðanotkun og segja frá lífi sínu og störfum. Það má segja að eldri borgarar séu þolinmóðustu leiðbeinendur þessa verkefnis.**
>
> Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir

„Þetta er nýstárleg leið í tungumálanámi fyrir erlenda málnema. Þar sem að við myndum brú úr kennslustofunni yfir í þátttöku í samfélaginu. Við semjum við fyrirtæki, stofnanir og fólk um að taka á móti nemendum okkar og eiga samskipti á íslensku,“ segir Guðlaug. „En nemendur læra ekki tungumálið bara með því að fara út í búð og tala íslensku, það þarf meira til. Við bjóðum upp á markvisst og sérsniðið æfingaumhverfi og vinnum eftir sérstöku kennslufræðilegu ferli sem hefur verið í þróun síðastliðin 5 ár. Þar sem nemendum eru m.a. kenndar ákveðnar aðferðir við að læra tungumálið. Þessar aðferðir miða að því að gera nemandann sjálfstæðan og ábyrgan í náminu og höfða einnig til áhugasviðs hans.“



Í félagsmiðstöðvum eldri borgara gefst góður tími til að fara yfir málin. MYND/GUÐLAUG



Sex félagsmiðstöðvar taka þátt í Íslenskuþorpinu með góðum árangri. MYND/GUÐLAUG

Námið er þægilegt fyrir nemendur enda geta þeir sinnt sínum daglegum erindum um leið og þeir eru að læra íslensku. „Námsumhverfi þeirra er í raunverulegum aðstæðum,“ nefnir hún. Eitt af verkefnum nemenda er t.d. að taka samskiptin upp og vinna ýmis verkefni tengd upptökunum heima og í kennslustofunni. Þannig gefst einnig tækifæri fyrir kennara og nemanda að fylgjast með framförum.

Guðlaug segir verkefnið hafa vakið mikla eftirtekt. Íslenskuþorpið er fastur liður á námskeiðum í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. „Í haust byrjuðum við einnig samstarf við Háskólann á Akureyri og tvo grunnskóla í Reykjavík, Laugalækjarskóla og Réttarholtsskóla, um að setja upp Íslenskuþorp í skólunum og nærumhverfi þeirra. Við höfum bara verið að gera þetta með fullorðnum en reynum nú starfið með unglingum,“ segir Guðlaug.

## Íslendingar velviljaðir

Guðlaug segir mikilvægt fyrir innflytjendur að læra íslensku eftir þessum leiðum. „Það er mér mikið hjartans mál að við gerum íslenskunámið aðgengilegt fyrir innflytjendur og að þeir mæti velvilja og þolinmæði úti í samfélaginu þegar þeir æfa sig í íslenskunni. Við höfum verið með námskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðina Mími og Vinnumálastofnun og boðið upp á starfsþjálfunarnámskeið og íslenskukennslu á vinnustöðum,“ segir hún um verkefnið sem breiðir úr sér með hverju árinu sem líður.

„Ég held það heyrist ekki nóg í umræðunni um innflytjendur og flóttamenn hversu margir Íslendingar eru jákvæðir að hjálpa til við aðlögun og íslenskukennslu. Nánast öll fyrirtæki og stofnanir sem við höfum leitað til hafa sagt já og viljað taka þátt. Mér finnst það tilefni til bjartsýni.“ Íslenskt samfélag hefur breyst og mun breytast meira. Hún segir að verkefni eins og Íslenskuþorpið geti aukið á gagnkvæman skilning í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi.

Fjölmargir hafa fengið íslenskukennslu í Íslenskuþorpinu á þeim fimm árum sem verkefnið hefur verið við lýði. „Ég hugsa að það séu vel yfir þúsund manns,“ segir Guðlaug. Íslenskuþorpið er nýsköpunar- og þróunarverkefni en verkefnið hlaut Evrópumerkið 2013 sem er viðurkenning fyrir árangursríka nýbreytni og frumleika í tungumálakennslu. Þetta er líka hugsjónastarf sem við sinnum og eftir því sem Íslenskuþorpið stækkar þurfum við viðtækari stuðning við starfið. Þetta eru aðferðir sem virka, eru skemmtilegar og henta flestum nemendum vel.“



Aðventan er gleðileg í Garðheimum
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNI OG ÚTISERÍUM
SÉRTILBOÐ
CONNECT A LIGHT
SAMTENGJANLEGAR ÚTISERÍUR
100 LJÓSA – 10M LÖNG
VERÐ 3.980KR
VERÐ ÁÐUR 5.980KR
TILBOÐIN GILDA TIL MÁNUDAGSINS 21. NÓV.
GLÆSILEGAR AÐVENTUSKREYTINGAR
ALLT EFNI TIL KRANSA- OG SKREYTINGAGERÐAR
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KERTUM OG SKREYTINGAREFNI
OPIÐ NÁMSKEIÐ Í JÓLAKRANSA/SKREYTINGAGERÐ
MEÐ SALBJÖRGU BJARNADÓTTUR BLÓMASKREYTI.
LAUGARDAG KL 12:00 Á SPÍRUNNI.
AÐGANGUR ÓKEYPIS – ENGIN SKRÁNING
OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Hagnaður Arion minnkar

Hagnaður Arion banka nam sex milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi og lækkaði um 1,5 milljarða miðað við sama ársfjórðung í fyrra. Vaxtamunur bankans sem er sú álagning sem er mismunur á lánum og innistæðum var 3,1% og var sá sami og fyrir sama fjórðung í fyrra.

Hagnaður bankans það sem af er ári nam ríflega 17 milljörðum króna samanborið við ríflega 25 milljarða hagnað fyrstu níu mánuði ársins í fyrra.



Höskuldur Ólafsson

Arðsemi eiginfjár á þriðja fjórðungi var 14,2% sem er litlu lægra en á sama fjórðungi í fyrra. Höskuldur Ólafsson bankastjóri segir í tilkynningu að afkoma fyrstu níu mánuði ársins sé viðunandi en grunnrekstur bankans heldur undir væntingum. Grunnrekstur bankans var engu að síður traustur. Tier 1 eiginfjárhlutfall bankans er 22,2 prósent. Eiginfjárhlutföll íslensku bankanna eru há í alþjóðlegum samanburði og breyting á kröfum um hlutfall myndi að óbreyttu losa um talsvert laust fé. **– hh**



**Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Endanleg skýrsla um Borgun er væntanleg

Von er á endanlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Borgunarmálið öðrum hvorum megin við helgina. Verið er að leggja lokahönd á skýrsluna og venja er að málsaðilar fái einn til tvo daga til að lesa slíkar skýrslur yfir áður en þær eru birtar opinberlega.

Drög einstakra kafla skýrslunnar voru send út fyrir um mánuði. Morgunblaðið birti í gær frétt upp úr drögunum. Samkvæmt fréttinni viðurkenndi Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, á fundi með ríkisendurskoðun að líklega hefði bankinn gleymt að spyrja forsvarsmenn Borgunar um eignarhlutinn og að ekki hefðu verið skoðuð gögn í öðru af tveimur gagnaherbergjum sem útbúin voru vegna sölunnar.

Fulltrúar bankasýslunnar, Borgunar og Landsbankans vildu ekki tjá sig um fréttir af drögum skýrslunnar. Viðmælendur blaðsins sögðust allir vilja bíða endanlegrar skýrslu með að tjá sig þar sem oft yrðu verulegar breytingar í vinnsluferli slíkra skýrslna. **– hh**




**Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að til skamms tíma þurfi eitthvað mikið að fara úrskeiðis til að bankinn hækki vexti.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bankinn slakar ekki á klónni

**Innlend eftirspurn og óvissa um ríkisfjármál og kjaramál gefa ekki tilefni til vaxtalækkunar að mati Seðlabankans. Seðlabankastjóri segir peningastefnuna í hlutlausum gír um þessar mundir.**

Seðlabankinn ákvað að slaka ekki á klónni í stjórn peningamála og hélt stýrivöxtum sínum óbreyttum í gær og verða þeir áfram 5,25%. Víða voru væntingar á markaði um að bankinn myndi lækka vexti. Tónninn er hins vegar að aðhalds sé þörf áfram og ástæða sé til að beina auknu svigrúmi í hagkerfinu í sparnað fremur en í neyslu.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir stefna í mikinn hagvöxt á næsta ári. „Það eru horfur á því að hagvöxtur verði meiri en bankinn spáði í ágúst og í ríkari mæli er þessi hagvöxtur borinn uppi af innlendri eftirspurn, enda jókst hún um 10% á fyrri hluta þessa árs,“ segir hann.

Bankinn spáir nú 5% hagvexti á þessu ári og 4% vexti hagkerfisins á næsta ári. Störfum hefur fjölgað mikið, en á móti kemur innflutningur vinnuafls sem hægir á þrýstingi í hagkerfinu.

> **Það eru horfur á því að hagvöxtur verði meiri en bankinn spáði í ágúst og í ríkari mæli er þessi hagvöxtur borinn uppi af innlendri eftirspurn.**

> **Þá þarf eitthvað að fara mikið úrskeiðis í kjaramálum eða stefnu í ríkisfjármálum.**
>
> Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

Samhliða vaxtaákvörðun bankans komu Peningamál út þar sem birtur er rökstuðningur fyrir vaxtaákvörðun og hagspá bankans. Bankinn gerir ráð fyrir að verðbólga haldist undir verðbólgumarkmiði bankans fram á mitt næsta ár, en muni síðan verða á bilinu 2,5 til 3% út spátímann.

Þrátt fyrir viðunandi verðbólguhorfur er það niðurstaða peningastefnunefndar að ekki sé tilefni til vaxtalækkunar. Sú ávörðun er tekin miðað við áhættumat og hagspá bankans. Þar við bætast aðrir þættir svo sem óvissa um stefnu í ríkisfjármálum sem væntanlega verður viðvarandi þar til tekist hefur að koma saman nýrri ríkisstjórn. Þá er óvissa um þróun í kjaramálum í kjölfar ákvörðunar kjararáðs og óvissa um þróun alþjóðamarkaða.

Bankinn gerir nú gengisspá en seðlabankastjóri lagði áherslu á að erfitt sé að spá um þróun gengis og eignaverð. Gert er ráð fyrir áframhaldandi styrkingu, en það hægi á henni í forsendum spárinnar.

Már sagði að peningastefnan væri hvað nafnvexti varðaði í hlutlausum gír. Vextir gætu hækkað eða lækkað eftir því hvernig spilaðist úr óvissuþáttunum og framvindu efnahagsmála. Hann sagði að miðað við spá bankans til skemmri tíma þyrfti eitthvað mikið að gerast til að vextir hækkuðu. „Þá þarf eitthvað að fara mikið úrskeiðis í kjaramálum eða stefnu í ríkisfjármálum.“ **hafliði@frettabladid.is**

# Streymisþjónustur hafa ekki áhrif á línulegt áhorf

„Þetta kemur mér í raun og veru ekki á óvart. Þetta eru svipaðar tölur og við erum að sjá til dæmis í Bandaríkjunum en þar er línulegt áhorf enn mjög mikið,“ segir Hrefna Lind Heimisdóttir, ritstjóri dagskrársviðs hjá 365 miðlum.

Niðurstöður könnunar sem Gallup framkvæmdi í októbermánuði eru þær að 87 prósent af öllu sjónvarpsáhorfi eru línulegt áhorf. Sambærileg könnun sem framkvæmd var í desember í fyrra sýnir nánast sömu niðurstöðu en þá voru 85 prósent af sjónvarpsáhorfi línulegt áhorf.

„Það virðist vera að áhorf fólks á streymisveitur sé að bætast við áhorf á línulega dagskrá, fremur en að draga úr áhorfi á hana,“ segir Hrefna.

Um þriðjungur Íslendinga býr á heimili með áskrift hjá Netflix og 7,5 prósent sögðust myndu kaupa áskrift á næstu mánuðum, samkvæmt könnun MMR fyrr á þessu ári. Netflix opnaði nýverið fyrir streymisþjónustu hér á landi ásamt því að Stöð 2 byrjaði með sína eigin streymisþjónustu, Stöð 2 Maraþon Now. Gera má ráð fyrir, vegna aukinna möguleika, að streymisveitur verði enn algengari á íslenskum heimilum í framtíðinni.



Samkvæmt þessari könnun virðast streymisþjónustunar hafa mun minni áhrif á línulegt áhorf en menn óttuðust,“ segir Hrefna. **– þh**

> **Það virðist vera að áhorf fólks á streymisveitur sé að bætast við áhorf á línulega dagskrá, fremur en að draga úr áhorfi á hana.**
>
> Hrefna Lind Heimisdóttir, ritstjóri dagskrársviðs hjá 365 miðlum

# LÚXUSJEPPAR MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND










## **400.000 KR. KAUPAUKI** FYLGIR ÖLLUM NÝJUM LAND ROVER OG RANGE ROVER Í NÓVEMBER

VERÐDÆMI:

**Discovery Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .......................... 6.890.000 kr.**
**Range Rover Evoque - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .................. 7.690.000 kr.**
**Range Rover Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .................. 13.990.000 kr.**

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM78421

# Yfir miðjuna



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Á formönnum flokkanna sem eiga kjörna fulltrúa á Alþingi hvílir sú ábyrgð að mynda hér starfhæfa ríkisstjórn. Á einhverjum tímapunkti verða forystumenn flokkanna að gera málamiðlanir og kyngja hugmyndafræðilegu stolti til að afstýra stjórnarkreppu.

Umboð til stjórnarmyndunar er nú höndum Katrínar Jakobsdóttur. Hún hefur lýst því yfir að hennar fyrsti valkostur sé fjölflokkastjórn frá miðju til vinstri. Ef Katrínu tekst ekki að mynda fimm flokka stjórn eða fjögurra flokka stjórn með loforði Pírata um að verja hana falli hlýtur hún að horfa til þess að hefja viðræður við Sjálfstæðisflokkinn um myndun ríkisstjórnar þvert yfir miðjuna með þátttöku Bjartrar framtíðar, Viðreisnar eða Framsóknarflokksins.

Vera kann að það sé nauðsynlegt fyrir formann VG að hefja viðræður um myndun fjölflokkastjórnar til að byrja með þótt fyrir fram sé vitað að slík stjórn sé tæpast raunhæfur valkostur. Þá einungis til að verja trúverðugleika gagnvart eigin kjósendum. Samstarf við Sjálfstæðisflokkinn er beiskur kaleikur fyrir flesta kjósendur VG og sennilega óhugsandi fyrir marga þeirra. Það skapar hins vegar mörg vandamál og krefst mikillar jafnvægislistar og útsjónarsemi að sætta ólík sjónarmið þegar samræma þarf stefnu fjögurra eða jafnvel fimm flokka í ríkisstjórnarsamstarfi. Þetta veit Katrín Jakobsdóttir mætavel. Hún veit hins vegar líka að það mun taka tíma að leggja grundvöll að samstarfi við flokka sem eru á öndverðum meiði við VG í hugmyndafræðilegu tilliti. Það styrkir umgjörð slíks samstarfs að aðrir valkostir séu reyndir fyrst. Þá verður líka raunhæft fyrir hana að fara í viðræður við Sjálfstæðisflokkinn og einn af litlu miðjuflokkunum þremur án þess að skaða sig pólitískt í eigin baklandi.

Í slíkri þriggja flokka stjórn væri hægt að auka útgjöld til velferðarmála, minnka kostnaðarþátttöku sjúklinga og byggja upp heilbrigðiskerfið í samræmi við kröfur 86.500 Íslendinga. Það væri hægt að ráðast í innviðafjárfestingar sem enginn pólitískur ágreiningur er um. Þar má nefna fjárfestingu í vegakerfinu sem hefur verið í kringum 0,8 prósent af vergri landsframleiðslu á síðustu árum, langt undir sögulegu meðaltali sem er um 2 prósent. VG gæti líka gert kröfur um róttækar breytingar á bankakerfinu með aðskilnaði fjárfestingarbanka- og viðskiptabankastarfsemi. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins munu að öllum líkindum samþykkja slíkt gegn því að ekki verði hróflað við sjávarútvegskerfinu með kerfisbreytingum. VG gæti gert kröfur um ákveðna verkferla við sölu á eignarhlut ríkisins í Arion banka og Íslandsbanka. Þá er ekki óyfirstíganlegur ágreiningur milli VG og Sjálfstæðisflokksins um eignarhald á Landsbankanum. Í kjölfar kerfisbreytinga á fjármálamarkaði og sölu eigna samhliða þeim yrði bankinn sjálfkrafa að litlum viðskiptabanka í ríkiseigu sem legði höfuðáherslu á þjónustu við almenning, ekki ósvipað Sparkassen í Þýskalandi.

Í ljósi þess að Björt framtíð er ekki klofningsframboð frá Sjálfstæðisflokknum er einfaldara fyrir formann VG að mynda ríkisstjórn með þátttöku þess flokks í krafti meirihluta 35 þingmanna. Það mýkir líka ásýnd stjórnarinnar og það verður auðveldara að réttlæta slíkt samstarf fyrir kjósendum VG.

**Vera kann að það sé nauðsynlegt fyrir formann VG að hefja viðræður um myndun fjölflokkastjórnar til að byrja með þótt fyrir fram sé vitað að slík stjórn sé tæpast raunhæfur valkostur.**

#styttumsvartnættið

Styttum biðlista og aukum fræðslu

Þú getur gerst mánaðarlegur styrktaraðili á stigamot.is

Fylgstu með á Stöð 2
18. nóvember

Stígamót STYTTUM SVARTNÆTTIÐ!

PIPAR\TBWA \ RAFAEL PINHO \ KUKL \ MEDIALUX

Halldór




## Frá degi til dags

**Áhrif stjórnmálakrísu**

Ólíkt því sem margir bjuggust við ákvað Seðlabankinn að halda vöxtum bankans óbreyttum og var sú ákvörðun tilkynnt á vaxtafundi í gær. Einhverjir greiningaraðilar höfðu frekar búist við 0,25 prósenta hækkun. Þær spár voru þó birtar áður en upp úr slitnaði í viðræðum formanns Sjálfstæðisflokksins við formenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Menn kunna að spyrja sig að því hvort viðræðuslitin hafi haft bein áhrif á varfærna ákvarðanatöku Seðlabankans. Og hvort stjórnarkreppan, sem virðist vera komin upp, sé því farin að hafa áhrif ein og sér á gang efnahagslífsins.

**Leynimakk á Hverfisgötu**

Um svipað leyti og Katrín Jakobsdóttir gekk á fund forsetans og fékk hjá honum umboð til þess að mynda næstu ríkisstjórn héldu Framsóknarmenn þingflokksfund. Fundurinn fór ekki fram í Alþingishúsinu, eins og stundum, heldur í Framsóknarheimilinu á Hverfisgötu. Hvort þar hafi menn bruggað ráð í reykfylltum herbergjum skal ósagt látið. En eitthvað voru menn leyndardómsfullir þar sem Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, meinaði ljósmyndara Fréttablaðsins að taka myndir í upphafi fundarins.

**jonhakon@frettabladid.is**

# Átök eða samtal?



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Síðustu ár hafa íslensk stjórnmál einkennst af hörðum átökum og á köflum óbilgirni. Traustið er horfið og tortryggnin ríkir. Þeir sem vinna að myndun nýrrar ríkisstjórnar verða að bregðast við þessari þróun með því að vinna að þeim stóru málum sem bíða í sátt í stað átaka.

Við erum flest sammála um nauðsyn þess að viðhalda efnahagslegum stöðugleika, en félagslegur stöðugleiki er ekki síður mikilvægur. Ný ríkisstjórn þarf að leggja strax í þá miklu uppbyggingu á velferðarkerfinu sem kallað hefur verið eftir.

Allir virðast sammála um mikilvægi þess að byggja upp heilbrigðiskerfið að nýju. En það skiptir máli hvernig það er gert. Nú þegar kerfið hefur verið skorið inn að beini þykir einhverjum eflaust freistandi að auka einkavæðingu. Um það verður aldrei sátt í samfélaginu. Rannsóknir sýna að rúmlega 80 prósent landsmanna vilja að hið opinbera sjái um heilbrigðisþjónustuna. Eigi sátt að ríkja um heilbrigðiskerfið verður að hlusta á þjóðarviljann og hætta tilraunastarfsemi með einkavæðingu á rekstri.

Ný ríkisstjórn verður að hafa málefni fjölskyldna í forgrunni og byggja upp fjölskylduvænna samfélag. Þar skiptir miklu að bregðast við erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði þar sem ungum fjölskyldum er gert erfitt eða ómögulegt að koma þaki yfir höfuðið. Einnig er afar brýnt að bæta fæðingarorlofskerfið verulega.

Miklar launahækkanir sem kjararáð hefur fært æðstu embættismönnum og kjörnum fulltrúum hafa valdið mikilli ólgu og mikilvægt fyrir nýja ríkisstjórn að vinda strax ofan af þeim. Annars er hætta á að allt fari í bál og brand á vinnumarkaði sem sannarlega eykur ekki stöðugleika eða sátt í samfélaginu.

Opinberir starfsmenn skrifuðu nýlega undir samkomulag við ríki og sveitarfélög um samræmingu lífeyriskerfisins. Ný ríkisstjórn þarf að finpússa frumvarp til að koma því samkomulagi í lög. Þannig má koma í veg fyrir verulegar hækkanir á mótframlagi launagreiðenda í opinberu lífeyrissjóðina um áramót. Verði hækkunin að veruleika mun hún minnka möguleika opinberra starfsmanna á launahækkunum og auka þannig enn á launabilið milli opinbera og almenna markaðarins.

Stóru málin bíða. Vinnum að þeim í sátt.

**Við erum flest sammála um nauðsyn þess að viðhalda efnahagslegum stöðugleika, en félagslegur stöðugleiki er ekki síður mikilvægur.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Enn er lag

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Stjórnarmyndunarviðræður á Íslandi hafa alla tíð verið hálfgert happdrætti. Yfirleitt veit enginn hvað kemur upp úr kössunum jafnvel þótt kosningaúrslit liggi fyrir. Stundum hafa flokkar og frambjóðendur sem fylgið hrundi af í kosningum eigi að síður verið leiddir til forustu fyrir ríkisstjórn eftir kosningar.

**Tímamótayfirlýsing**

Það hefur sjaldan gerzt að framboð lýsi því fyrir kosningar með hvaða flokkum öðrum þau eigi lengsta samleið og kjósi helzt að vinna. Það gerðist þó fyrir alþingiskosningarnar um daginn þegar fráfarandi stjórnarandstöðuflokkar á þingi tóku höndum saman undir merkjum nýrrar stjórnarskrár. Þessir fjórir flokkar sem hafa í sameiningu og friði stýrt Reykjavíkurborg frá 2014 sendu fyrir kosningar frá sér sameiginlega yfirlýsingu: „Við skuldbindum okkur hér með til þess að gera stjórnarskrárumbætur, sem grundvallast á drögum stjórnlagaráðs, að forgangsmáli á nýju þingi.“

**Það hefur sjaldan gerzt að framboð lýsi því fyrir kosningar með hvaða flokkum öðrum þau eigi lengsta samleið og kjósi helzt að vinna. Það gerðist þó fyrir alþingiskosningarnar um daginn.**

Þessi yfirlýsing var réttmæt og tímabær af tveim höfuðástæðum. Í fyrsta lagi endurspeglar yfirlýsingin sameiginlegan skiling þessara flokka á því að Alþingi getur ekki með nokkru móti verið þekkt fyrir að humma fram af sér þjóðaratkvæðagreiðsluna um nýja stjórnarskrá 2012 enda hefur slíkt aldrei gerzt eða talizt boðlegt í nokkru lýðræðisríki. Í annan stað endurspeglar nýja stjórnarskráin í aðalatriðum vilja tveggja þriðju hluta kjósenda eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni og speglar þá um leið mörg mikilvæg atriði í stefnuskrám þessara fjögurra flokka og einnig Viðreisnar, nýs flokks á þingi (og einnig Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar).

Hér skulum við staldra við þau tvö mál sem urðu til þess að fyrsta tilraun formanns Sjálfstæðisflokksins til að mynda nýja stjórn með Viðreisn og Bjartri framtíð fór út um þúfur fyrr í vikunni, ESB-málið og sjávarútvegsmálin.

**ESB-málið**

Ágreiningur stjórnmálaflokkanna um ESB-málið er léttvægur eins og er þar eð hann snýst nú aðallega um hvort halda skuli þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald samningaviðræðna um aðild að ESB, viðræðna sem Alþingi ákvað að hefja 2009. Ljóst ætti að vera að þjóðaratkvæðagreiðslur á vegum Alþingis eru marklausar svo lengi sem þingið fæst ekki til að virða úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem þingið sjálft boðaði til 2012.

Hitt vegur þyngra að nýja stjórnarskráin tryggir að Ísland getur því aðeins gengið inn í ESB að kjósendur samþykki inngönguna í þjóðaratkvæði. Gildandi stjórnarskrá frá 1944 veitir enga slíka tryggingu heldur gæti meiri hluti þingmanna upp á sitt eindæmi leitt Ísland inn í ESB eða haldið Íslandi utan ESB án samráðs við kjósendur.

Stjórnmálaflokkarnir ættu að réttu lagi að fagna því að þjóðin geti í krafti nýrrar stjórnarskrár leyst til sín viðkvæm mál eins og ESB-málið og önnur slík efni sem sundra öllum flokkum og spilla þannig getu þeirra til að fást við þau mál sem þjóðin lætur þinginu eftir að leiða til lykta.

**Sjávarútvegsmálin**

Ágreiningur stjórnmálaflokkanna um sjávarútvegsmálin er þyngri á metunum.

Alþingi hefur lengi fylgt annarri fiskveiðistjórnarstefnu en þeirri sem fólkið í landinu vill helzt að fylgt sé. Þetta hefur áratugum saman verið ljóst af skoðanakönnunum og kom berlega í ljós á þjóðfundinum 2010 sem lýsti því yfir að „Náttúra og auðlindir landsins eru óframseljanleg þjóðareign“ og aftur í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 þar sem 83% kjósenda sögðust styðja ákvæði um auðlindir í þjóðareigu.

Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna gafst stjórnmálaflokkunum gullið tækifæri til að segja við útvegsmenn: Þjóðin hefur talað, við þurfum nú að hlýða kalli hennar, þið líka.

Þetta tækifæri stendur stjórnmálaflokkunum enn til boða. Fráfarandi stjórnarandstöðuflokkar virðast átta sig á þessu, einnig Viðreisn ásamt álitlegum minni hluta flokksmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Óbreytt fiskveiðistjórn ásamt meðfylgjandi misskiptingu sjávarrentunnar nýtur stuðnings sáralítils hluta fólksins í landinu.

Fiskveiðistjórninni bjóðast fráfarandi stjórnarandstöðuflokkar nú til að breyta. Greiðfær leið að því marki er að staðfesta nýju stjórnarskrána í samræmi við úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012. Þessi leið er tryggari en ákvæði stjórnarmyndunarsamnings um ný fiskveiðistjórnarlög myndu vera þar eð slíkum ákvæðum getur Alþingi breytt aftur í fyrra horf eða enn verra horf eins og ekkert sé. Stjórnarskránni nýju er líkt og öðrum stjórnarskrám ætlað að binda hendur löggjafans til hagsbóta fyrir fólkið í landinu sem er yfirboðari þingsins, ekki öfugt. Enn er lag.





Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

# Topp tíu listi nýrrar ríkisstjórnar í umhverfismálum




**Snorri Baldursson**
formaður Landverndar

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
framkvæmdastjóri Landverndar

Ný ríkisstjórn verður væntanlega mynduð á næstu vikum. Um leið og við óskum henni alls hins besta í störfum sínum leyfum við okkur að leggja fram eftirfarandi forgangslista í náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi. Til að þessi verkefni geti orðið að veruleika í tíð næstu stjórnar þarf að geirnegla þau í stjórnarsáttmála. Landvernd lýsir sig reiðubúna að koma að nánari útfærslu verkefnanna eftir því sem við á. Listinn er ekki settur fram í áherslurröð:

- **Menntun til sjálfbærni, náttúru- og umhverfisvitundar.** Lykillinn að sjálfbæru samfélagi í nútíð og framtíð er öflug menntastefna sem byggir á sjálfbærri þróun. Styrkja þarf þennan grunnþátt, m.a. með kröftugri eftirfylgni við aðalnámskrá. **Ávinningur:** Betri umgengni við landið og umheiminn og skynsamlegri ákvarðanataka í daglegu lífi og starfi.
- **Umboðsmaður framtíðarinnar.** Sett verði upp skrifstofa Umboðsmanns framtíðarinnar þvert á ráðuneyti sem hafi það hlutverk að tryggja að lagasmíð, stefnumótun og áætlanagerð sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun hérlendis og í alþjóðlegu samhengi. **Ávinningur:** Styður við vilja allra stjórnmálaflokka um sjálfbæra þróun íslensks samfélags.
- **Verndarstefna í stað virkjanastefnu.** Horfið verði frá stuðningi við stórvirkjanir, stóriðjuframkvæmdir og -fyrirtæki og tryggja að hin síðastnefndu greiði eðlilega skatta og auðlindagjöld. Þá verði fallið frá olíuvinnslu við Ísland. Orku- og iðnaðarstefna taki þess í stað mið af einstakri náttúru landsins og leggi áherslu á rafvæðingu bíla- og skipaflotans, ásamt þjónustu við smáiðnað og ræktun af ýmsu tagi. Hugmyndafræði og lögum rammaáætlunar verði umbylt þannig að landsvæði í eigu þjóðarinnar séu ekki fyrst og fremst „virkjunarkostir“ heldur „verndarkostir“ þar til unnt er með óyggjandi hætti að sýna fram á þjóðhagslega nauðsyn og hagkvæmni virkjunar. **Ávinningur:** Vernd einstæðrar náttúru, minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukinn arður af náttúruauðlindum.
- **Sameining verkefna á sviði náttúruverndar.** Ríkið á yfir helming landsins og þar með fjölsótt ferðamannasvæði. Átta ríkisstofnanir og ráðuneyti hafa umsjón með landi í ríkiseigu: Þingvallanefnd (Þingvallaþjóðgarður), Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun (þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og flest friðlýst svæði), Skógrækt ríkisins (þjóðskógar, t.d. Þórsmörk), Landgræðsla ríkisins (Dimmuborgir o.fl.), Húsameistari ríkisins (þjóðlendur), Jarðaumsýsla ríkisins (ríkisjarðir) og Minjastofnun (verndun þjóðminja). Hlutverk allra þessara stofnana er í meginatriðum hið sama, þ.e. að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu landsins sem þær annast, sjá um uppbyggingu innviða og eftir atvikum að fræða ferðafólk. **Ávinningur:** Mikil samlegðaráhrif af samhæfðri stefnumörkun og verndarsýn, betri nýting mannauðs og hagræðing í opinberum rekstri.
- **Stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands.** Óbyggðir miðhálendisins eru okkar dýrmætasti náttúruarfur og stór hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd landsins út á við. Hálendið býr yfir óumdeildum náttúruverðmætum. Mikilvægt er að tryggja aðkomu allra sem málið varðar að stjórnun hálendisþjóðgarðsins, sem yrði svæðisskiptur með tilliti til verndar og nýtingar þannig að þörfum mismunandi hópa verði mætt. **Ávinningur:** Heildarsýn um skipulag, vernd og nýtingu hálendisins, markviss stýring ferðamanna og aukin atvinnutækifæri í dreifðari byggðum landsins.
- **Kolefnishlutlaust Ísland.** Leggja fram tímasetta áætlun, með magnbundnum markmiðum, í samvinnu við atvinnulíf, sveitarfélög og félagasamtök sem hefur kolefnishlutlaust Ísland 2035 að markmiði. **Ávinningur:** Ísland tekst á við loftslagsmálin og getur orðið leiðandi í alþjóðasamfélaginu.
- **Vernd, endurheimt og sjálfbær nýting jarðvegs- og gróðurs.** Tryggja sjálfbæra nýtingu afrétta og gera átak í endurheimt landgæða sem virðir íslenskt landslags og lífríki. Endurskoða þarf löngu úrelt skógræktar- og landgræðslulög og gera þar skýran greinarmun á endurheimt birkiskóga, votlendis og annarra upprunalegra vistkerfa annarsvegar og ræktun nytjagróðurs í landbúnaði á borð við barr- og blandskóga hinsvegar. **Ávinningur:** Endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni landsins og binding kolefnis. Skil á milli nytjaskógræktar og endurheimtar (náttúruverndar) verða skýrari.
- **Vernd lífríkis sjávar.** Súrnun sjávar er mikil ógn við lífríki hafsins. Vinna þarf metnaðarfulla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem snýr að því að draga úr losun koltvísýrings. Taka þarf skilyrðislaust á mengun sjávar, ekki síst plastmengun frá landi. Bann við einnota plastpokum er góð byrjun. **Ávinningur:** Miklir hagsmunir fyrir lífríki hafsins, sjávarútveg og efnahag Íslendinga.
- **Ferðaþjónusta og náttúruvernd.** Mörkuð verði ferðaþjónustustefna sem taki fullt tillit til náttúru og umhverfis. Stefnan taki á stýringu ferðamannastraums til landsins, þ.m.t. aukinni mengun vegna flugsamgangna, dreifingu ferðamanna um landið og uppbyggingu innviða í takt við staðhætti og landslag. Takmarka þarf aðgang þar sem við á og tryggja að hér verði áfram til fáfarin svæði, án innviða. **Ávinningur:** Náttúran, meginaðdráttarafl ferðaþjónustunnar, vernduð og ímyndin styrkt.
- **Líta á friðlýsingar sem stjórntæki.** Friðlýst svæði eru fjársvelt og lagaskyldum um friðlýsingar er lítið sinnt, t.d. samkvæmt lögum um rammaáætlun og um Mývatn og Laxá. Þessu þarf að breyta og jafnframt að beita friðlýsingum í auknum mæli sem tæki hins opinbera til að varna landi skemmdum af völdum aukins ferðamannastraums. **Ávinningur:** Skilvirkasta og einfaldasta leiðin til að ná tökum á landnýtingu, stýra ferðamennsku og veita upplýsingar og fræðslu.

**Þannig að landsvæði í eigu þjóðarinnar séu ekki fyrst og fremst „virkjunarkostir“ heldur „verndarkostir“ þar til unnt er með óyggjandi hætti að sýna fram á þjóðhagslega nauðsyn og hagkvæmni virkjunar.**

# Tré er ekki bara tré



**Pétur Halldórsson**
kynningarstjóri hjá Skógræktinni



Margt hefur verið sagt um þær endurbætur sem nú eru gerðar á Sundlaug Akureyrar og kosta 300 milljónir. Hér skal ekki rætt um skynsemi fjárútláta, hvort frekar ætti að betrumbæta í Hlíðarfjalli, í skólunum, félagsþjónustunni eða lagfæra bágborið ástand gatna og gangstétta. Hér skal rætt um tré.

Fyrir sextíu árum voru gróðursett tré við Þingvallastræti. Þau skyldu fegra sundlaugarsvæðið og veita því skjól. Gróðursett var lerki, greni og fleiri tegundir. Vafalaust áttu þessi tré misjafna daga því þau voru sum nokkuð frjálslega vaxin, einkum lerkitrén. Kannski voru þau ekki af þeim uppruna að best hefði Íslandi. Það skiptir þó ekki máli. Í þéttbýli er ekki mest um vert að tré séu bein. Þau eru jafnvel elskulegri sem hafa frjálslegar línur eins og lerkitrén stóru sem stóðu við Sundlaugina.

Nýlega var mér sagt að nú hefðu öll þessi tré verið felld. Yfir mig þyrmdi. Er þröngsýnin og fáfræðin allsráðandi? Trén sem stóðu við heitu pottana og rennibrautirnar skýldu sundlaugargestum fyrir norðanáttinni en þau gerðu miklu fleira. Eitt stórt barrtré hefur gríðarmikið flatarmál ef allt er lagt saman. Þess vegna getur tréð safnað á sig mjög miklu ryki. Trén hreinsa loftið og ekki veitir af á Akureyri þar sem allt of margir aka bílum með negldum hjólbörðum sem er óþarfi. Þegar rignir skolast rykið af trjánum og rennur út í sjó. Trén bæta fyrir syndir mannanna. Heiminn vantar fleiri tré.

Íslendingar hafa enn ekki lært þá list að hanna mannvirki kringum tré. Hönnuðir vilja byrja með autt blað. Burt með trén. Við þurfum að geta teiknað að vild. Sjálfur hefði ég valið minni rennibraut ef það hefði verið leiðin til að bjarga trjánum og njóta áfram umhverfisþjónustu þeirra. Nei, sundlaugarsvæðið skal verða steinsteypuauðn þar sem norðanáttin nístir bera kroppa og ryk svífur yfir vötnum.

**Íslendingar virðast haldnir eyðimerkureðli. Að minnsta kosti er hér til fólk – lítilla sanda og lítilla sæva – sem tekur rangar ákvarðanir afkomendum sínum til ógagns. Verndum trén!**

### Fjárhagslegur ábati af trjám

Í New York kunna menn að meta umhverfisþjónustu trjánna. Þar hefur borgin sett upp vefsjá svo allir megi skoða hvert einasta götutré í borginni. Ef smellt er á eitthvert tré kemur upp gluggi. Þar sést hversu mikið regnvatn tréð temprar á hverju ári. Líka hversu mikla orku það sparar, hversu mikla mengun það hreinsar úr andrúmsloftinu og hversu miklu minni koltvísýringur losnar út í andrúmsloftið í borginni vegna tilvistar þessa eina trés. Allir þessir þættir eru metnir til fjár. Samanlagður fjárhagslegur ábati samfélagsins af þessari þjónustu eins trés nemur gjarnan mörg hundruð dollurum á ári. Vefsjáin heitir New York City Tree Map. Og gúgglið nú!

Við Sundlaugina á Akureyri stóðu mörg stór tré sem þjónuðu bæjarbúum og gestum þeirra vel og dyggilega í rúma hálfa öld. Þjónustu þeirra mætti meta á margar milljónir króna. Í hugsunarleysi og heimsku voru þessi tré felld og erfitt að sjá að það sem í staðinn kemur sé dýrmætara. Á Akureyri virðist ekki vera trjáræktarstefna sem að gagni kemur. Á Akureyri virðist fólk ekki vilja sjá gömul tré. Stór, falleg og nytsöm tré eru felld um allan bæ á hverju ári. Íslendingar virðast haldnir eyðimerkureðli. Að minnsta kosti er hér til fólk – lítilla sanda og lítilla sæva – sem tekur rangar ákvarðanir afkomendum sínum til ógagns. Verndum trén!

# Tvær ólíkar myndir



**Gunnar Jóhannesson**
prestur

Richard Dawkins er einn af herskáustu og jafnframt áhrifamestu guðleysingjum samtímans. Tíu ár eru liðin síðan hann, ásamt nokkrum öðrum skoðanabræðrum, steig fram og ýtti hinu svokallaða ný-guðleysi úr vör.

Að mati Dawkins er „hin vísindalega heimsmynd svo miklu meira spennandi, ljóðrænni og uppfull af undrum, en nokkuð af því sem hinir fátæklegu órar trúarinnar geta dregið fram.“

Í einni af bókum sínum lýsir Dawkins því sem hans guðlausa heimssýn hans felur í sér:

„Í alheimi blindra efnislegra lögmála náttúrunnar og erfðafræðilegrar fjölföldunar verða sumir hart leiknir en aðrir hafa heppnina með sér, og þú finnur hvorki ástæðu á bak við það né réttlæti. Alheimurinn, eins og hann blasir við, er einmitt eins og við má búast, ef það er þegar öllu er á botninn hvolft engin hönnun, enginn tilgangur, ekkert illt og ekkert gott, aðeins blint miskunnarlaust tómlæti. DNA veit ekkert og lætur sig ekkert varða. DNA einfaldlega er og við dönsum í takt við það.“

Hér er lýst rökrænni niðurstöðu gefinna forsenda: Guðlaus veruleiki er blindur, miskunnarlaus, merkingarlaus, tilgangslaus, þegar öllu er á botninn hvolft.

Er það spennandi, ljóðræn og auðgandi sýn á lífið? Útskýrir hún, eða fellur hún að, upplifun þinni og reynslu af lífinu og sjálfum þér? Hefur tilvistin, lífið, enga merkingu, gildi eða tilgang þegar allt kemur til alls? Er það marklaust? Erum við ekkert annað en viljalaust efni á valdi blindra lögmála?

Ef Guð er ekki til er erfitt að mæla gegn þeirri ályktun.

Kristin trú felur í sér andstæða sýn og dregur upp allt aðra mynd af lífinu og tilverunni.

Lífið er ekki óútskýranleg tilviljun án merkingar, gildis og tilgangs. Það ert þú ekki heldur. Lífið, þar á meðal þú og ég, hugsanir okkar og orð, tilfinningar og gjörðir, er ekki afleiðingar af hugsunarlausu efni og blindum lögmálum náttúrunnar.

Nei!

**Að vera kristinnar trúar útilokar ekki að horft sé á lífið í ljósi vísindalegrar þekkingar. En sú heimssýn sem grundvallast á kristinni guðstrú útilokar þá náttúruhyggju sem guðleysi felur í sér.**

### Þýðingarmikil spurning

Þvert á móti bendir alheimurinn á, og endurspeglar, þá hugsun, hugvit og vilja, sem teygir sig út fyrir það sem er tímanlegt, efnislegt og náttúrulegt, og allt á rót sína að rekja til. Eins og málverkið bendir á listamanninn ber tilvist alheimsins sjálfs höfundi sínum vitni, persónulegum Guði, sem allt hefur skapað og heldur öllu í hendi sér og stefnir að því marki sem hann hefur ákvarðað.

Það er Guð sem lætur sig sköpun sína varða og hefur sjálfur gerst hluti af henni, stigið á svið sögunnar; Guð sem segir við hvern og einn: Óttast þú ekki því að ég frelsa þig, ég kalla á þig með nafni, þú ert minn. (Jes 43.1) Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin, og ég mun veita ykkur hvíld. (Matt 11.28) Ég er kominn til þess að þið hafið líf, líf í fyllstu gnægð. (Jóh 10.10)

Að vera kristinnar trúar útilokar ekki að horft sé á lífið í ljósi vísindalegrar þekkingar. En sú heimssýn sem grundvallast á kristinni guðstrú útilokar þá náttúruhyggju sem guðleysi felur í sér.

Hvor heimssýnin er skynsamlegri, hvor fellur betur að þekkingu okkar á og upplifun okkar af lífinu, er gríðarstór og þýðingarmikil spurning - spurning sem allir dvelja við með einum eða öðrum hætti í sínu lífi. Að nálgast þá spurningu af opnum huga gæti leitt af sér óvænt svör, og opnað mörgum dyr sem hingað til hafa verið lokaðar.

En burtséð frá því hvernig þeirri spurningu er svarað er ekki vafi í mínum huga hvor heimssýnin það er sem kallar fram undrun og auðgar, gleður og hressir andann og vekur með honum von.

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

## HLEÐSLUBORVÉL 18V



Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD791D2

**34.900** m/vsk
Fullt verð 45.987 m/vsk

## VELTISÖG 250 MM



Hægt er að nota sem kúttari og borðsög.

vnr 94DW743

**95.000** m/vsk
Fullt verð 119.900 m/vsk

## VERKFÆRAVAGN



Verkfæravagn með skúffu
Stál kassar

vnr 93195833

**23.900** m/vsk
Fullt verð 30.459 m/vsk

## PINNABYSSA 18V



Án rafhlaðna og hleðslutækis.
Kolalaus mótor
32-63mm 20° pinnar
kemur í góðri tösku

vnr 94DCN660NT

**69.900** m/vsk
Fullt verð 84.513 m/vsk

## 2JA LÍNULASER 360° GRÆNN



Tveggja línulaserinn frá DeWalt er með pendúl sem stillir laserinn af með nákvæmni allt að + - 0,3 mm/m og réttir sig við 4°yfirborðshalla.

vnr 94DCE0811D1G

**81.000** m/vsk
Fullt verð 110.875 m/vsk

## VELTISÖG 305 MM



Hægt er að nota sem kúttari og borðsög.

vnr 94D27107

**161.900** m/vsk
Fullt verð 189.900 m/vsk

## SMÁHLUTABOX



Smáhluta box Stanley
Með 14 hólfum
Stærð 34 X 5,7 X 26 cm

vnr 93192761

**830** m/vsk
Fullt verð 1.058 m/vsk

## SLÍPIROKKUR 1400W



Afl: 1400 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11500 sn/m

vnr 94DWE4237

**20.900** m/vsk
Fullt verð 23.381 m/vsk

## MÁLBAND 5 M



TYLON málband frá Stanley

vnr 93030697

**750** m/vsk
Fullt verð 39.064 m/vsk

## JUÐARI



Snúningshr. 14.000 sn/m
Þyngd 1.4 kg

vnr 94DWE6411

**16.900** m/vsk
Fullt verð 23.902 m/vsk

Tilboð gilda til 30. Nóvember eða á meðan byrgðir endast

# FLEIRI TILBOÐ Á WWW.SINDRI.IS

www.sindri.is / sími 575 0000
Skútuvogi 1 - Reykjavík / Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI



KRÓNAN
-23%
Nature's Pride
EAT ME
I'M TASTY
499 kr. pk.
Þroskað mangó 2 stk. Spánn
verð áður 649
Gott verð!
399 kr. pk
Klementínur 950g, Spánn
498 kr. pk.
Mangó í lausu, Brasilía
Tilboðin gilda til 20. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Magn kaup!
KRÓNAN
1898 kr. kg
Kjúklingabringur - stærri pakki
399 kr. kg
Kjúklingavængir
760 kr. kg
Blandaðir kjúklingabitar
1399 kr. kg
Kjúklingalærleggir án mjaðmabeins
860 kr. kg
Kjúklingaleggir
Heitt og klárt
1599 kr. tvennan
Heill grillaður kjúklingur
og 2 lítra Coca-Cola
Gott verð!
796 kr. kg
Krónu kjúklingur ferskur 1/1
KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
Tilboðin gilda til 20. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


Gott verð!
KRÓNAN
-20%
959 kr. stk.
Grísasíða, pörusteik
verð áður 1199
Litlu jólin
-20%
1335 kr. kg
Kea hangiframpartur með beini í poka
verð áður 1669
-20%
1199 kr. kg
Stjörnugrís, ekta bayonneskinka úr læri og sænsk jólaskinka
verð áður 1499
-23%
2998 kr. kg
Eðalfiskur, reyktur eða grafinn lax
verð áður 3899
Tilboðin gilda til 20. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**

Dan Cake jólarúlluterta, 370g

**249** kr. stk.

**389** kr. pk

Tilbúið Kötludeig með lakkrís og hvítu súkkulaði, 300g

**239** kr. pk.

Tilbúið Kötlu piparkökudeig, 300g

**Ódýrt**

Klementínur 2,3 kg, Spánn

**699** kr. stk.

# Veit samfélagið hvað kvíðaröskunin félagsfælni er?



**Eymundur Lúter Eymundsson**
félagsliði og ráðgjafi.

Ég vona að ég geti gefið einhver svör um hvað það þýðir að vera með geðröskun sem heitir félagsfælni. Vona að menn átti sig á alvarleikanum og hvað er mikilvægt að vera með forvarnir í skólum sem og í samfélaginu. Vona að ég geti gefið einstaklingum sem glíma við félagsfælni von um að ýmislegt sé hægt ef maður gefur því tækifæri og tíma. Ég veit að þetta er ekki auðvelt og þá er gott að vita af stuðningi og vita að þú ert ekki ein/einn.

**Byrja í grunnskóla**

Ég er að byrja í grunnskóla í fyrsta bekk sem ætti að vera mikið tilhlökkunarefni. En nei, ég hlakka ekki til að hitta aðra, mér líður illa og ég veit ekki af hverju. Ég byrja samt í skólanum, á erfitt með að læra og fer í sérkennslu í lestri. Ég á erfitt með að einbeita mér og kvíði fyrir að standa upp fyrir framan bekkinn og tala. Sem betur fer er ég þokkalegur í íþróttum og fell þar í hópinn en lærdómur situr á hakanum af því að mér líður svo illa í skólanum.

**Herbergið besti vinurinn**

Árin líða. Ég er tólf ára og kvíðinn er orðinn að mikilli fælni. Ég kvíði líka fyrir að mæta á æfingar eða spila leiki. Ég skammast mín fyrir sjálfan mig en þori ekki að tala um líðan mína því ég er hræddur um að lítið yrði gert úr. Ég var jafnframt reiður yfir því hvernig mér leið, reiður í eigin garð. Líðanin er svo ömurleg að mig langar að deyja á hverjum degi. Herbergið er minn besti vinur.

Ég veit ekki af hverju ég roðna, klökkna, hef litla einbeitingu, brothætt taugakerfi, ekkert sjálfstraust eða sjálfsvirðingu. Ég leyfi öðrum að gera grín að mér og tek þátt í því sem trúður svo enginn geti séð hvernig mér líður.

**Ég öfunda ekki börn sem eru að hefja sína skólagöngu ef þau fá ekki skilning og stuðning strax í upphafi. Það eru mörg börn og ungmenni í sömu stöðu og ég var en það virðist erfitt fyrir kerfið að sýna þeim sömu virðingu og þeim sem kljást við líkamleg veikindi.**

Með brotna sjálfsmynd og sjálfsvígshugsanir tekur lífið við næstu 26 árin. Árið 2004 fer ég í mína aðra mjaðmaliðaskiptingu sem heppnast ekki nógu vel. Í byrjun árs 2005 býðst mér að fara í verkjaskóla á Kristnesi þar sem ég fer í fræðslu um kvíða, félagsfælni og þunglyndi. Það bjargaði lífi mínu. Þarna skildi ég vanlíðanina sem ég hafði borið með mér öll þessi ár. Það að fá ástæður fyrir vanlíðaninni og skilja að ég þurfi ekki að skammast mín og vita að það sé hægt að fá hjálp og öðlast líf varð til þess að nú, árið 2016, hef ég öðlast frelsi og það líf sem ég hef þráð síðan ég var barn. Ég er þátttakandi í lífinu, tengist fólki, fer í skóla og hef öðlast sjálfstraust til að takast á við lífið. Í dag fræði ég aðra um geðraskanir og hjálpa einstaklingum sem og aðstandendum.

**Börn eru verðmæti**

Enn þann dag í dag er gert lítið úr geðröskunum. Ég öfunda ekki börn sem eru að hefja sína skólagöngu ef þau fá ekki skilning og stuðning strax í upphafi. Það eru mörg börn og ungmenni í sömu stöðu og ég var en það virðist erfitt fyrir kerfið að sýna þeim sömu virðingu og þeim sem kljást við líkamleg veikindi. Árið er 2016 en kerfið kemur til móts við líkamlega veika en ekki andlega veika. Hvað veldur? Börn eru verðmæti sem þurfa samhug, stuðning frá foreldrum, kerfinu og samfélaginu.

Milli 30 og 40 einstaklingar falla fyrir eigin hendi á hverju ári. 500-600 gera tilraun til þess að enda líf sitt. Hvernig stendur á því að við erum ekki með meiri forvarnir? Fjölmiðlar hafa gríðarlega mikið að segja og oft vantar upp á að málum sé fylgt eftir þegar mannréttindi eru brotin á börnum.

**Ekki verri manneskja**

Ég hef ekki áhuga á að lifa eins og líf mitt var og öfunda ekki börn og ungmenni sem fá ekki skilning og stuðning sem þau þurfa. Við þurfum að komast út úr skápnum og byrja á grunninum. Að glíma við andleg veikindi þýðir ekki að ég sé verri manneskja en hver annar. Það þýðir að ég þurfi hjálp og þá er gott að vita hvert má leita. Hvaða valkosti ég hef og hvernig get ég nýtt mér þá til að bæta mín lífsgæði.

„Ég hélt að fólk sem væri geðveikt væri eins og í bandarískum bíómyndum, lokað inni og helst í spennitreyju. Það voru eiginlega einu skiptin sem ég sá fólk með geðraskanir.“ Það er þessi vanþekking sem þarf að uppræta með fræðslu og góðri umfjöllun, í skólum og í samfélaginu.

# Er verið að leggja mig í einelti í vinnunni?



**Reynir Kári Bjarnason**
sálfræðingur

Einelti í skólum og meðal barna og ungmenna hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu og ekki að ósekju, enda getur einelti eyðilagt líf ungs fólks. Með þessari grein vil ég vekja athygli á því að einelti á sér ekki einungis stað í skólum landsins heldur einnig á vinnustöðum þar sem fullorðið fólk starfar.

Er verið að leggja þig í einelti í vinnunni? Það mætti halda að svarið við þessari spurningu væri einfalt, sem það er þó alls ekki alltaf. Einelti er flókið hugtak og fólk leggur ólíka merkingu í hvað felst í því að vera lagður í einelti. Það eru ekki ýkja mörg ár síðan farið var að tala um að fullorðið fólk gæti orðið fyrir einelti í vinnunni. Það eru dæmi um það að fólk hefur jafnvel verið lagt í einelti árum saman án þess að gera sér grein fyrir því. Þó starfsfólk verði fyrir óviðeigandi framkomu í vinnunni er það oft ekki víst um hvort sú framkoma geti flokkast sem einelti. Einnig er algengt að þolendur eineltis kenni sjálfum sér um eða treysti sér hreinlega ekki til að leggja fram formlega kvörtun.

**Samkvæmt vinnuverndarlögum er óheimilt að leggja samstarfsfólk í einelti. Stjórnendur hafa því lagalega skyldu til að bregðast við ef upp kemur grunur eða kvörtun um einelti.**

Að bera fram ásökun um einelti er alvarlegt mál sem ætti ekki að gera án góðs rökstuðnings. Til að gera sér betur grein fyrir því hvort um einelti er að ræða þarf fólk að halda vel utan um þau atvik sem það upplifir sem neikvæða framkomu í sinn garð. Í framhaldi af því þarf að meta atvikin með tilliti til skilgreiningar á einelti. Í reglugerð nr. 1009 frá 2015 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað (3. gr.) kemur fram eftirfarandi skilgreining:

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

**Lagaleg skylda að bregðast við**

Samkvæmt vinnuverndarlögum er óheimilt að leggja samstarfsfólk í einelti. Stjórnendur hafa því lagalega skyldu til að bregðast við ef upp kemur grunur eða kvörtun um einelti. Þeim ber að taka slíkar kvartanir alvarlega og skoða slíkt með varfærni og virðingu. Oft getur reynst erfitt að rannsaka mál af hlutleysi á vinnustöðum vegna tengsla, auk þess geta mál sem þessi oft verið afar snúin. Nauðsynlegt getur verið að fá óháða utanaðkomandi sérfræðinga til að taka að sér rannsókn slíkra mála. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins er að finna lista yfir viðurkenna þjónustuaðila í vinnuvernd sem sérhæfa sig í úrvinnslu slíkra mála.

Öll eigum við rétt á því að líða vel í vinnu og upplifa öryggi. Mikilvægt að leita leiða til að skapa góðan starfsanda á vinnustaðnum og grípa fljótt inn í ef upp koma samskiptaerfiðleikar eða árekstrar. Ef einelti líðst á vinnustað geta afleiðingarnar t.d. orðið mikil starfsmannavelta og tíð veikindi auk þess sem orðspor vinnustaðarins spillist.

# Þyrlurnar strax!



**Gunnar Ólafsson**
heilsuhagfræðingur

Nýlega bárust fréttir um að tvær af þrem þyrlum Landhelgisgæslunnar (LHG) væru ónothæfar og þyrftu á viðgerð að halda og hefði því LHG eina þyrlu til umráða í nokkra daga til að sinna björgunar-, sjúkra- og leitarflugi við Ísland. Þessar aðstæður hafa skapast nokkrum sinnum síðustu árin og við þannig aðstæður hefur danski flotinn, sem sinnir gæslu við Færeyjar og Grænland, siglt einu varðskipi sínu að Íslandsströndum svo að þyrla varðskipsins geti nýst sem varaþyrla fyrir LHG.

LHG hafði lengi vel eina björgunarþyrlu til umráða. Árið 1994 varð algjör bylting í þyrlumálum LHG þegar keypt var til landsins TF-Líf, öflug og stór Super Puma þyrla (þá sjö ára gömul). TF-Líf er enn í fullu fjöri þrátt fyrir að nálgast þrítugsaldurinn og hefur margborgað sig, bæði fjárhagslega og sem tæki til björgunar. Árið 2006 urðu tímamót í björgunar- og sjúkraþyrlusögu landsins þegar bandaríski flotinn lokaði flotastöð sinni á Keflavíkurflugvelli og við það hurfu fjórar Black Hawk björgunarþyrlur sem höfðu það hlutverk ef á þyrfti að halda að bjarga orrustuflugmönnum og öðrum á vegum bandaríska hersins. Bandaríski flotinn sinnti einnig miklu björgunar- og sjúkraflugi við Ísland þó það hafi ekki verið aðalhlutverk sveitarinnar.

**Höfum ekkert val**

Til að mæta breyttum veruleika var gripið til þess ráðs að leigja þyrlu af sömu gerð og TF-Líf. LHG hafði þá til umráða minni þyrlu, TF-Sif, en eftir að sú þyrla nauðlenti og eyðilagðist var ákveðið að leigja aðra þyrlu sömu gerðar og TF-Líf. Í tæp níu ár hefur LHG því leigt tvær þyrlur fyrir um 550 milljónir á ári. Ef ákvörðun hefði verið tekin á sínum tíma um að kaupa þessar þyrlur í stað þess að leigja væri búið að borga þær báðar upp að mestu leyti. Þetta mál er ekki merki ábyrgrar fjármálastjórnunar. Við höfum í raun ekkert val. Samkvæmt þarfagreiningu sem gerð var á sínum tíma þurfum við að hafa að lágmarki fjórar þyrlur til umráða til að geta haft a.m.k. tvær þyrlur í viðbragðsstöðu á hverjum tíma.

Nú ber svo við að verð á þyrlum sömu tegundar og LHG notar er í sögulegu lágmarki, m.a. vegna erfiðleika í olíuiðnaði. Því legg ég til að í stað þess að borga hátt í 550 milljónir í leigu á þyrlum á ári fái LHG heimild til að kaupa þrjár Super Puma þyrlur og þær verði borgaðar með 12 ára skuldabréfi með 4% vöxtum. Það yrði svipuð greiðslubyrði og núverandi leigugreiðslur á ári. Við þessa framkvæmd félli enginn aukakostnaður á ríkið og LHG hefði fjórar öflugar þyrlur til að sinna björgunar-, sjúkra- og leitarflugi við Ísland með öruggari hætti.

# Borðum mat ekki plat #matekkiplat



**Dagný Ólafsdóttir**
mastersnemi í lýðheilsunæringarfræði við Háskóla Íslands

Matur er okkur nauðsynlegur til vaxtar og þroska en matur er ekki bara matur. Matur er mikilvægur þáttur í menningu okkar. Við skírnir, fermingar, afmæli, þorrablót og árshátíðir, svo eitthvað sé nefnt, eru veitingar stór hluti af viðburðinum. Vinir og fjölskyldur ná saman við máltíðir og styrkja böndin en ekki ætti að vanmeta félagslegt gildi matmálstíma. Matreiðslan sjálf er mikilvæg þar sem margir hjálpast að, hver með verkefni við sitt hæfi.

Í asa nútímasamfélags fær þessi samvera að mínu mati oft takmarkaðan forgang. Fólk er gjarnan að flýta sér og notar glufur hér og þar til að nærast. Þá er handhægt að grípa eitthvað fljótlegt sem er í vaxandi mæli einhvers konar próteinstykki eða -drykkur/boost. Þessar vörur kosta yfirleitt sitt en ódýrara væri að kaupa próteinríkar vörur frá náttúrunnar hendi eins og skyr og kjöt. Ég hef ekkert á móti próteindufti eða próteinbættum vörum en mikið magn tel ég óæskilegt. Að grípa í þessar vörur af og til er í góðu lagi, sérstaklega fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með að uppfylla próteinþörf sína.

Reglulega verð ég vör við að mælt er með mikilli próteinneyslu eða allt að tveimur grömmum eða meira af próteini á dag fyrir hvert kíló líkamsþyngdar. Líkamanum nægja hins vegar 0,8 grömm fyrir hvert kíló til að viðhalda eðlilegum vexti og þroska. Þessar leiðbeiningar eru ekki aðeins ætlaðar íþróttafólki í mikilli æfingu eða vöðvauppbyggingu heldur jafnvel unglingum eða öðrum einstaklingum sem æfa sér til heilsu og gamans. Fyrir 70 kílóa manneskju þýðir það að hún ætti að borða 140 g af próteini á dag. Til þess að ná því þyrfti hún til dæmis að borða fimm kjúklingabringur (120 g bringa) eða u.þ.b. 20 egg á dag. Til þess að ná þessu magni notast sumir við próteinduft og/eða aðrar próteinbættar vörur sem verður þá til þess að minna er borðað af fjölbreyttum og næringarríkum mat.

**Mjög mikil próteinneysla getur gengið á hlut annarra næringarefna og gert fæðuna einhæfa.**

**Getur gert fæðuna einhæfa**

Í ráðleggingum um mataræði frá Embætti landlæknis, sem ég mæli með að fólk lesi og finna má m.a. á Facebook-síðunni Ráðleggingar um mataræði, er mælt með því að próteinrík matvæli séu þriðjungur af þeim matarskammti sem fer á diskinn ásamt grænmeti, ávöxtum, heilkornavörum, kartöflum, grófu brauði og/eða fleiru. Mjög mikil próteinneysla getur gengið á hlut annarra næringarefna og gert fæðuna einhæfa. Með því að borða fjölbreyttan hollan mat í hæfilegu magni sjáum við til þess að líkaminn fái þau næringarefni sem honum eru nauðsynleg. Þannig stuðlum við að heilsusamlegu holdafari, minnkum líkur á ýmsum langvinnum sjúkdómum ásamt því að stuðla að vellíðan og góðri heilsu.

Njótum þess að borða fjölbreytta, næringarríka og bragðgóða fæðu án samviskubits. Leggjum upp úr matartíma í rólegheitum með fjölskyldu og vinum. Miðlum góðri matarmenningu til næstu kynslóða og höldum heilbrigðu sambandi við mat.







# 40% AFSLÁTTUR AF KERTUM

# KERTALJÓS & KÓSÝHEIT

## 30% AFSLÁTTUR AF BÖKKUM, KERTASTJÖKUM & LUKTUM













## 3 FYRIR 2 AF HNETUBRJÓTUM

## 20% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU




the PIER

30% AFSLÁTTUR 30% AFSLÁTTUR

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Í von um veika ríkisstjórn



**Reynir Vilhjálmsson**
kennari á eftirlaunum

Ég vona að ný ríkisstjórn Íslands verði veik. Það verða sjálfsagt margir hissa og spyrja hvort maðurinn sé með réttu ráði. Með fáeinum rökum vil ég gera grein fyrir þessari von minni.

Í fyrsta lagi, hvað meina ég með „veik stjórn“? Annaðhvort er það minnihlutastjórn eða stjórn sem hefur eins eða tveggja manna meirihluta og samanstendur af meira en einum flokki.

Hverjir eru kostirnir? Í fyrsta lagi verður slík stjórn að gæta sín að missa ekki tökin á málefnunum. Hún verður að halda sátt innan eigin raða og leita til vara að stuðningi fyrir einstök mál meðal þeirra sem ekki standa að stjórninni. Til þess þarf að fara fram hógvær umræða á Alþingi og stjórnarþingmenn geta ekki slegið um sig með fúkyrðum við andstæðinga. Öfugt mundu stjórnarandstæðingar gæta sín vegna þess að þeir vilja ekki eyðileggja möguleikann á að koma einstökum hugðarefnum fram. Álit almennings á Alþingi mundi aukast vegna þess að þar færu fram hlutlægar umræður þar sem ekki er fyrirfram auðséð hver niðurstaða umfjöllunar verður.

Í öðru lagi er einungis veikri ríkisstjórn treystandi til að standa fyrir raunverulegum umbótum. Eins og sakir standa er tæplega hugsanlegt að sterk ríkisstjórn sé ekki studd af sterkustu hagsmunaaðilum þjóðfélagsins. Sterkir hagsmunaaðilar, sama hvað þeir heita, eru ekki líklegir til að breyta núverandi ástandi að nokkrum mun. Hvers vegna ættu þeir að vilja það? Þeir hafa mestan hagnað af að allt sé eins og það er.

**Ríkisstjórnin er ekki valdboði Alþingis og kemur engu mikilvægu máli fram nema með fulltingi þess. Hún á heldur ekki að geta treyst blindu fylgi „sinna þingflokka“. Þess vegna vil ég veika ríkisstjórn sem veit að þjóðin hefur ekki kosið hana beinni kosningu heldur situr hún í skjóli hluta þingmanna sem taka umboð sitt alvarlega.**

### Þjóðin æðsta valdið

Hins vegar bendir margt til að stór hluti kjósenda óski eftir breytingum. Þegar menn vilja breytingar snúa þeir baki við hefðbundnum flokkum og kjósa annað. En þegar menn vilja breytingar eru þeir sjaldan sammála um hvaða hópar eða hvaða menn séu líklegastir til að koma þeim nýjungum fram sem þeir óska. Þetta sjáum við í kosningaúrslitunum. Atkvæðin dreifðust meðal margra flokka. Fyrir álit Alþingis meðal almennings er nú mikilvægt að sem flestir flokkar nái saman um að rökræða þau mál sem mestu máli skipta fyrir opnum tjöldum. Þá er von að umræðan skili einhverjum niðurstöðum. Vilhjálmur II. Þýskalandskeisari kallaði þingið „kjaftastofu“ þegar honum líkaði ekki andstaðan við stríðsáform hans. Margir á Íslandi virðast hafa svipaða skoðun á Alþingi. Nú er tækifæri fyrir þingmenn til að reka af sér þetta slyðruorð og standa fast á sínu. Þingmenn skulu greiða atkvæði með já eða nei. Stundum getur verið ástæða til að vera hlutlaus en að greiða ekki atkvæði eða að vera fjarverandi er ekki góður kostur. Þjóðin tekur eftir því og er vonsvikin.

Í lýðræði er þjóðin æðsta valdið og þingið er fulltrúi hennar. Ríkisstjórnin er ekki valdboði Alþingis og kemur engu mikilvægu máli fram nema með fulltingi þess. Hún á heldur ekki að geta treyst blindu fylgi „sinna þingflokka“. Þess vegna vil ég veika ríkisstjórn sem veit að þjóðin hefur ekki kosið hana beinni kosningu heldur situr hún í skjóli hluta þingmanna sem taka umboð sitt alvarlega.

# Meira ruglað



**Magnús Már Guðmundsson**
borgarfulltrúi

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, heldur áfram að þvæla umræðuna um félagslegar leiguíbúðir í Reykjavík. Í stað þess að viðurkenna að hann hafi hlaupið á sig þegar hann sagði borgarstjóra bulla þá ruglar hann umræðuna með því að snúa tölum á hvolf og reynir að afvegaleiða lesendur Fréttablaðsins í grein sem birtist nýlega í blaðinu.

Staðreyndin er sú að félagslegum leiguíbúðum hefur ekki fækkað í Reykjavík á undanförnum árum. Þeim hefur fjölgað og þeim hefði gjarnan mátt fjölga hraðar. Halldór horfir fram hjá því að á árunum eftir hrun fóru Félagsbústaðir líkt og önnur í leigufélög í gegnum endurskipulagningu. Að auki tekur Halldór viljandi eða óviljandi ekki tillit til þess að í tengslum við kaup Félagsbústaða á sértækum búsetuúrræðum af ríkinu 2011 þegar málaflokkur fatlaðs fólks færðist til sveitarfélaganna var byrjað að telja þau sérstaklega og flokka í skrám félagsins. Fram að því voru íbúðirnar taldar með almennum íbúðum. Almennum leiguíbúðum fækkaði því ekki árið 2011 heldur var hætt að telja sértæk búsetuúrræði sem almennar leiguíbúðir.

**Staðreyndin er sú að félagslegum leiguíbúðum hefur ekki fækkað í Reykjavík á undanförnum árum. Þeim hefur fjölgað og þeim hefði gjarnan mátt fjölga hraðar.**

Í gögnum frá Félagsbústöðum sem sýnir eignasafn félagsins má meðal annars sjá að árið 2005 voru félagslegu íbúðirnar 1.739 talsins, þar af 1.567 almennar félagslegar leiguíbúðir. Í september nú í ár var 2.351 íbúð í eignasafni Félagsbústaða. Á um áratug fjölgaði úrræðunum þeim um 612, þar af 109 á síðustu tveimur árum og af þeim voru 99 almennar félagslegar leiguíbúðir. Þrátt fyrir góðan vilja þá getur Halldór ekki horft fram hjá þessum staðreyndum.

Halldór verður auk þess að sætta sig við það að ef bæjarfélögin í kringum Reykjavík ættu hlutfallslega jafn margar félagslegar íbúðir og Reykjavík væri hægt að mæta allri þörf fyrir félagslegt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Félagslegar íbúðir í Reykjavík eru til dæmis hlutfallslega átta sinnum fleiri í borginni en í Garðabæ og á Seltjarnarnesi.

Halldór bendir gjarnan á nágrannasveitarfélög Reykjavíkur þegar það hentar hans málflutningi en kýs að horfa algjörlega fram hjá því þegar kemur að félagslegu húsnæði. Af hverju skyldi það vera?

# Tvískinnungur



**Gunnlaugur Stefánsson**
Heydölum

Ekkert ógnar fremur heimsfriði um þessar mundir en blóðug valdabarátta múhameðstrúarmanna. Örsnautt alþýðufólk af stríðshrjáðum svæðum neyðist til að flýja heimili sín og hrópar á hjálp. Þá beinast augu að kristnum þjóðum, sem hafa virðingu við mannhelgi að kjölfestu, að taka á móti flóttafólkinu. Engum fréttum fer af því, að efnuðustu þjóðir heims í Miðausturlöndum bjóði stríðshrjáð trúsystkini sín velkomin í griðaskjól.

En á Íslandi heyja háværar raddir baráttu um að úthýsa kristnum trúaráhrifum og banna börnum í skólanum að rækta kristna trú sem boðar kærleika og mannvirðingu. Þó er krossinn í þjóðfánanum, kristið bænamálið í þjóðsöngnum og dagatalið helgað ævi og boðskap Jesú Krists. Þetta hafa verið hornsteinar velferðar og menningar. Í reykvískum skólum er svo efast um að þiggja boð að koma í kirkjuna á aðventunni til að fræðast um siðinn.

Aftur á móti þótti hið besta mál að ríkið færi í útrás á Ítalíu með ærnum tilkostnaði í nafni tvíærings til að boða þar múhameðstrú, að sögn fölmiðla með himnesku helgihaldi, í mosku sem búin var til í afhelgaðri kirkju. Það hefði verið snöggtum frumlegra að fara til Sádi-Arabíu og setja þar upp kristna kirkju í mosku, en hefði líklega útheimt kjark og því þægilegast að njóta hins kristna umburðarlyndis á meðan það er enn í boði.

# Skemmtum okkur saman en ekki hvert á kostnað annars



**Orri Hauksson**
forstjóri Símans



Ótti við aukna samkeppni einkennir skrif Erlings Freys Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), í grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær, 16. nóvember. Erling gerir tilkall til sjónvarpsefnis Símans með valdboði en ekki viðskiptum.

GR er í eigu skattgreiðenda á höfuðborgarsvæðinu í gegnum eignarhald Orkuveitu Reykjavíkur, sem er einkaleyfisvarin opinber stofnun samkvæmt lögum. GR hefur undanfarin ár varið á þriðja tug milljarða til fjárfestinga í samkeppni við einkafjármagn í landinu. Orkugjöld hafa snarhækkað, en hluta þeirrar hækkunar hefur verið varið til framangreindrar niðurgreiðslu á óskyldum samkeppnisrekstri.

### Ísland í fremstu röð í heiminum

Síminn hóf að leggja ljósleiðara fyrir rúmum þrjátíu árum. Míla, dótturfélag Símans, á lagnakerfi undir öllu höfuðborgarsvæðinu. Á næstu tveimur árum lýkur fyrirtækið við að tengja ljósleiðara inn í nær öll hús á þessu svæði. Framkvæmdin sem kostar brot af því fé, sem íbúar svæðisins hafa óspurðir verið látnir verja í framkvæmdir hins opinbera félags GR, gegnum hækkuð orkugjöld, hámarksútsvar og endurtekið umhverfisrask.

Ísland er í þriðja sæti í heiminum í svokölluðum ICT Development Index, alþjóðlegri vísitölu Sameinuðu þjóðanna, sem mælir m.a. tölvunotkun, gæði fjarskiptakerfa og aðgang almennings að nettengdri tækni. Síminn á ríkan þátt í þeirri góðu stöðu landsins. Fjarskiptagjöld til neytenda eru lág í alþjóðlegum samanburði. Því er fráleitur atvinnurógur framkvæmdastjóra GR að Síminn hafi staðið fyrir tæknilegri stöðnun á Íslandi.

### Einokunarfyrirtæki takmarkar aðgang

GR gengst við því að bjóða eingöngu eina aðgangsleið að fjarskiptakerfum sínum, óháð þörfum þjónustuveitenda eða neytenda. Þessi aðferð er mun umfangsmeiri og dýrari en Símasamstæðan hefur þörf fyrir í þjónustu sinni við viðskiptavini, enda innviðir Símasamstæðunnar ríkir fyrir.

**Fleiri opinberir aðilar en GR haft lagt fjarskiptainnviði hér og hvar um landið. Símasamstæðan leigir aðgang að slíkum innviðum á nokkrum stöðum á landinu, til að nýta sem best fjárfestingarfé sitt og veita ódýra þjónustu.**

Fleiri opinberir aðilar en GR haft lagt fjarskiptainnviði hér og hvar um landið. Símasamstæðan leigir aðgang að slíkum innviðum á nokkrum stöðum á landinu, til að nýta sem best fjárfestingarfé sitt og veita ódýra þjónustu. GR hefur hafnað endurteknum óskum Símasamstæðunnar um að fá keyptan sams konar aðgang að kerfum hennar, og önnur opinber ljósleiðarakerfi úti á landi og víða um Evrópu veita.

Þessi eina njörvaða aðgangsleið GR er án viðskiptalegra forsendna. Hún er til þess fallin að eyða samkeppni út úr fjárfestingum í innviðum og búnaði. Takist það situr Gagnaveita Reykjavíkur ein að innviðum og í einokunarstöðu. GR segist ekki í beinni samkeppni um viðskiptavini sína, en sleppir að nefna að GR stundar bæði heildsölu og smásölu og á í hagsmunaárekstri við heildsölukúnna sína.

### Viðskipti í stað valdhroka

Síminn rekur sjónvarpsstöðina Sjónvarp Símans sem er opin til dreifingar á öllum kerfum. Síminn ver miklu fé til að framleiða fjölskylduskemmtiefni á borð við einn vinsælasta sjónvarpsþátt landsins, The Voice Ísland, og sýnir í opinni dagskrá á öllum kerfum.

Síminn fjárfestir líka til að bjóða þeim sem vilja hafa aðgang að sjónvarpsefni hvenær sem er, aukna þjónustu. Opinber stofnun á ekki að reyna að taka höfundarréttarvarið efni til sín með valdi sem afþreyingarmiðlar á Íslandi greiða fyrir að bjóða á markaði.

Hvernig væri að hið opinbera opnaði kerfið, sem við skattgreiðendur eigum saman, og stundaði heilbrigð viðskipti og málefnalega umræðu? Skemmtum okkur saman en ekki hvert á kostnað annars.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
17. NÓVEMBER 2016 FIMMTUDAGUR






**MIKLU BETRI** Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

# SÆBJÚGNAHYLKIN ERU BYLTING

**ARCTIC STAR KYNNIR** Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgna-hylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

## FINNUR MIKINN MUN Á SÉR

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir Magnús.



**HEILSUBÓT** Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum.

Magnús, sem er 65 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

> Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun.
>
> Magnús Friðbergsson

**Íslensk framleiðsla** Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.






SKOÐAÐ Í SKÁPINN



Tinna segist seint verða kölluð eitthvað nálægt því að vera snobbuð þegar að tískunni kemur. „Ég kaupi mér bara flíkur sem mér finnst flottar og ég kaupi helst ekki of dýr föt,“ segir hún. MYND/ERNIR

# DREGST AÐ SVARTA LITNUM

Útvíðar buxur eru meðal þess sem **Tinna Freysdóttir** myndi ekki láta sjá sig í en hún klæðist hins vegar gjarnan svörtum fötum og þá helst kjólum. Hún kaupir mikið af fötum í Glasgow en þangað fer hún árlega.

Tinna Freysdóttir byrjaði nýlega að blogga á lífsstílsblogginu Fagurkerar, en þar skrifa fimm ungar konur sem eiga það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á öllu því sem tengist foreldrahlutverkinu og börnum, tísku, hönnun og hollum lífsstíl. Tinna segist ekki vera týpan sem kaupir alltaf eitthvað sem er í tísku bara af því það er í tísku. „En mér finnst mjög gaman að fjárfesta í hlutum sem mér finnst fallegir og ekki skemmir fyrir ef þeir eru í tísku,“ segir hún og leyfir lesendum að fá hér að vita örlítið meira um hennar stíl.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?**
Þessa dagana er það mosagrænn síður bomber úr Primark og svo tveir hversdagskjólar eins og ég kýs að kalla þá, annar úr Vero Moda og hinn keyptur í Glasgow.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?**
Ég er oftast í leggings og hversdagskjólum og ég myndi segja að 90 prósent af öllum fötunum mínum væru svört. Þannig að ég myndi lýsa stílnum mínum sem mjög svörtum og „kjóluðum“.



Tinna er oftast í leggings og hversdagskjólum og yfirleitt eru þeir svartir en þessi ljósi úr Vero Moda er undantekning.

**Hvaða snyrtivara getur þú ekki verið án?**
Maskara og andlitskrems. Ef ég mætti velja mér eina snyrtivöru þá væri það maskari og ég verð alltaf að setja á mig andlitskrem eftir sturtu. Svo auðvitað elsku varasalvinn minn, þessi blái sem allir þekkja, ég er búin að vera háð honum í mörg ár og ég elska hann.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?**
Það er svarti liturinn, eins og ég elska hann þá finnst mér pínu sorglegt að vera alltaf svona svartklædd en ég bara dregst að öllu svörtu þannig að það er svolítið eins og maður sé alltaf í því sama þegar maður á eiginlega bara svört föt.

**Áttu þér uppáhaldshönnuð?**
Nei, eiginlega ekki, ég verð seint kölluð eitthvað nálægt því að vera snobbuð þegar kemur að tísku, ég kaupi mér bara flíkur sem mér finnst flottar og ég kaupi helst ekki of dýr föt.

**Hvernig er morgunrútínan þín þegar kemur að útliti?**
Litað dagkrem, sólarpúður, augabrúnir og maskari. Svo bomba ég hárinu bara í snúð og er „good to go“.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir veturinn?**
Mig vantar hlýja kápu, ég á úlpu en vantar svo að eiga kápu sem er hlý en samt fín. En annars þá fer ég til Glasgow einu sinni á ári og birgi mig vel upp af öllu.

**Uppáhaldsfylgihlutur eða- skartgripur?**
Hálsmen sem ég fékk frá mömmu og pabba, ég er búin að vera með það á mér af og á (aðallega á) í mörg ár. Það er silfurlitað hjarta með steini í frá Morellato. Svo auðvitað giftingarhringurinn.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Ég keypti mér heilan her af flíkum í Glasgow í september.

**Hvar verslar þú helst?**
Á Íslandi versla ég oftast í Vero Moda, ég hef alltaf elskað hana. En í Glasgow versla ég mikið í H&M, Primark og New Look.

**Í hvaða trendi myndirðu ekki láta sjá þig?**
Útvíðum buxum, finnst þær skelfilegar.

**Hvað er annars að frétta?**
Bara allt gott. Ég gerði Snapchatið mitt opinbert fyrir tæpum tveimur mánuðum og byrjaði svo í Fagurkerum í lok október þannig að það er búið að vera brjálað að gera auk þess sem ég er að klára skólann núna í desember. Ég er í HÍ að læra ferðamálafræði og er með viðskiptafræði sem aukagrein. Það er ótrúlega margt fram undan en ég hlakka mest til að vera heima í nokkra mánuði eftir að ég klára skólann þar sem ég hef verið í fimmtíu til hundrað prósent námi eftir að ég eignaðist börnin mín tvö.

**Hægt er að fylgjast með Tinnu á Snapchat á @tinnzy88 og @fagurkerar þar sem hún og hinir fagurkerarnir skiptast á að sjá um snappið.**



Mosagrænn síður bomberjakki úr Primark er ein af þeim flíkum sem Tinna notar hvað mest þessa dagana.






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


NÝ SENDING
AF DÚNÚLPUM
OG KÁPUM
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




# TÍSKUSAGA DÍÖNU Í KENSINGTON-HÖLL

Sýningin Diana: Her Fashion Story verður opnuð í Kensington-höll í London í byrjun næsta árs. Þar verður farið yfir tískusögu hinnar goðsagnakenndu Díönu prinsessu.





Kensington-höll var heimili Díönu prinsessu í fimmtán ár og því viðeigandi að sýning sem þessi sé sett þar upp, en tuttugu ár verða liðin frá dauða hennar á næsta ári. Á sýningunni verður óviðjafnanlegt safn af flíkum sem Díana klæddist bæði opinberlega og við hvunndagsleg tilefni. Þar verður að finna allt frá glæsilegum kvöldkjólum sem hún klæddist við athafnir á níunda áratugnum og til hinna stílfögru Catherine Walker dragta sem Díana var þekkt fyrir á tíunda áratugnum. Einnig verður kafað ofan í samband Díönu við hennar uppáhaldshönnuði en sýndar verða teikningar og uppköst að flíkum sem voru hannaðar sérstaklega fyrir prinsessuna.

Hápunktar sýningarinnar eru meðal annars bleik Emanuel-blússa sem Díana klæddist á trúlofunarmynd sinni sem tekin var af Lord Snowdon árið 1981 og svarti flauelskjóllinn úr smiðju Victors Edelstein sem Díana klæddist í Hvíta húsinu árið 1985 þegar hún tók hinn víðfræga snúning á dansgólfinu með John Travolta.

Sýningin nær út fyrir höllina, en hinir konunglegu garðar fá upplyftingu í tilefni hennar. Í White Garden-garðinum verða gróðursett blóm og aðrar jurtir í minningu Díönu. Þar má nefna túlípana, páskaliljur, gleymmér-ei og enskar hvítar rósir auk fleiri fallegra jurta.

„Díana var ein mest myndaða kona heimsins og hver einasta ákvörðun hennar í klæðavali var umtöluð. Sýningin kannar sögu ungrar konu sem þurfti fljótt að læra reglur hins konunglega og diplómatíska klæðavals. Í leiðinni beindi hún kastljósi heimsins að breska tískuheiminum,“ sagði Eleri Lynn sýningarstjóri. „Við sjáum hvernig henni eykst kjarkur og sjálfsöryggi eftir því sem tíminn líður og stjórnar því meir og meir sjálf hvernig hún kemur fyrir og leyfir fötunum að endurspegla sjálfa sig. Þetta er saga sem konur um allan heim geta tengt við,“ segir hún.

Sýningin Diana: Her Fashion Story verður opnuð í Kensington-höll þann 24. febrúar 2017.







Flottir toppar





Toppur á 5.900 kr.
- einn litur: svart
- stærð: 36 - 46

Toppur á 8.900 kr.
- 2 litir: svart og hermannagrænt
- stærð: 36 - 46

Opið virka daga kl. 11–18 laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.

*Borgþór Vignisson, formaður*
*Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

## frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í þrjú ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustu-miðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkorna-dekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson sérfræðingur / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkorna-dekkin með iðnaðardemant-inum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNAR-FJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkja-notkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkorna-dekk umfram önnur dekk.“

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**ÍSTAK**

" Stjórnendur hjá ÍSTAK láta sig öryggis- og umhverfismál miklu varða. Það er því sjálfsögð og auðveld ákvörðun að velja Green Diamond Harðkornadekk undir bifreiðar félagsins. Góð reynsla og almenn ánægja yfir 30 starfsmanna ÍSTAKS, sem aka reglulega á dekkjunum, hlýtur að segja allt um ágæti Green Diamond dekkjanna. "

*Sigurður Sigurðsson, rekstrarstjóri þjónustudeilda*

RADAR.IS

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.]

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIR-LIKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

2015

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
REYKJAVÍK

# Í DAG

Komu Fagnaðarerindisins verður fagnað með bravúr á lög- og uppeldisheimili hans, Bryggjunni Brugghús.

Dagskrá:
17.00 - 20.00
Fríir Bruggtúrar á heila tímanum.

Léttar veitingar í boði og 100 fyrstu gestirnir frá frítt smakk af Fagnaðarerindinu.

20.00 Bergur Gunnarsson bruggmeistari kynnir jólabjórinn og Stefán Pálsson flytur Fagnaðarerindi.

22.00 Samúel Jón Samúelsson Big Band stígur á svið.

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS





RuPaul í dragi á tíunda áratugnum. Hann fagnar 56 ára afmæli í dag.

# SKIPTIR UM FÖT MINNST ÞRISVAR Á DAG

**RuPaul** á afmæli í dag, verður fimmtíu og sex ára gamall. Hann þykir litríkur karakter og á að baki langan tónlistar- og leiklistarferil. Í ár hlaut hann Emmy-verðlaun fyrir þátt sinn RuPaul's Drag Race.

Leikarinn, dragdrottningin, fyrirsætan og þáttastjórnandinn RuPaul fagnar fimmtíu og sex ára afmæli í dag. Hann þykir litskrúðugur karakter, bæði í klæðaburði og framkomu og sagðist eitt sinn skipta um alklæðnað minnst þrisvar á dag. Einungis þannig gæti hann réttlætt hvað hann keypti mikið af fötum. Hann klæddist Prada út í matvörubúð, Gucci þegar hann hentist með föt í hreinsun og Dolce & Gabbana þegar hann skryppi út í sjoppu.

Frægðarsól RuPauls reis hæst á tíunda áratugnum þegar hann gaf út plötuna Supermodel of the World en lagið Supermodel (You Better Work It) sló í gegn. Þá söng hann eftirminnilegan dúett með Elton John, lagið Don't Go Breaking My Heart. Í dag er RuPaul framleiðandi og stjórnandi raunveruleikaþáttanna, RuPaul's Drag Race og vann meðal annars til Emmy-verðlauna í ár fyrir þættina.

RuPaul ólst upp í San Diego í Kaliforníu og lærði leiklist í Atlanta. Áður en frægðin bankaði á dyrnar fékkst RuPaul við kvikmyndagerð og tónlist og söng með rokkhljómsveitinni Wee Wee Pole. Á sjöunda áratugnum flutti hann til New York þar sem hann varð fljótlega þekktur karakter í klúbba- og næturlífi borgarinnar. Hann var meðal annars krýndur The Queen of Manhattan árið 1989.

Á tíunda áratugnum og þeim fyrsta þessarar aldar hafa komið út þó nokkrar hljómplötur með honum og tvær bækur eftir hann, Workin' It og Lettin' It All Hang Out. Þá varð RuPaul fyrsta dragdrottningin til að hampa titlinum súpermódel en hann skrifaði undir samning við snyrtivörurisann MAC Cosmetics á tíunda áratugnum.

RuPaul hefur komið fram í um það bil fimmtíu kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Í apríl fór í loftið nýr þáttur sem RuPaul stýrir á Logo TV, Gay for Play Game Show Starring Ru Paul. Þá gaf hann út sína tíundu plötu nú í vor, Butch Queen.

RuPaul á ástralskan kærasta sem rekur búgarð í Wyoming en sjálfur flakkar hann á milli New York og Los Angeles.



# Bílar, fólk & framtíðin

17. nóvember 2016
**KYNNINGARBLAÐ**




**Áslaug Thelma Einarsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarmála ON.** MYND/ERNIR

# Orka náttúrunnar í forystu

**Orka náttúrunnar (ON)** hefur verið í forystu uppbyggingar hleðslustöðva fyrir rafmangsbíla hér á landi. Fyrirtækið framleiðir rafmagn og heitt vatn til húshitunar úr jarðvarma og selur vörur sínar og þjónustu um allt land. Mikill áhugi er á grænni orku í stað jarðefnaeldsneytis.

Hraðhleðslustöðvar ON standa víðsvegar um sunnan- og vestanvert landið en ON hefur leitt uppbyggingu hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla á Íslandi. Fyrirtækið hugar nú að næstu skrefum.

„Við hófum þessa vegferð fyrir um þremur árum. Þetta var tilraunaverkefni sem hefur verið vel tekið af landsmönnum. Við sáum að fjölmargir höfðu áhuga á að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir græna orku á bílana sína en innviðina vantaði. Þetta var tækifæri til að leggja okkar af mörkum til að ýta undir orkuskipti í samgöngum,“ segir Áslaug Thelma Einarsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarmála ON.

> **Þetta var tilraunaverkefni sem hefur verið vel tekið af landsmönnum. Við sáum að fjölmargir höfðu áhuga á að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir græna orku á bílana sína en innviðina vantaði. Þetta var tækifæri til að leggja okkar af mörkum til að ýta undir orkuskipti í samgöngum.**
>
> *Áslaug Telma Einarsdóttir*

### Hlaða á tuttugu mínútum

Í dag er Orka náttúrunnar með 13 hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla víða um landið þar sem hægt er að fá 80% hleðslu á um tuttugu mínútum. „Við munum auka þjónustuna við rafbílaeigendur og bæta við svokölluðum millihleðslustöðvum á sömu stöðum og hraðhleðslustöðvar okkar eru. Þar bjóðum við upp á hægari hleðslu þar sem það tekur tvær til fimm klukkustundir að fullhlaða bílinn, mismunandi eftir bíltegund. Ef hraðhleðslustöðin er upptekin þá er hægt að grípa í millihleðsluna. Við erum líka að útbúa vefsíðu sem sýnir staðsetningu allra stöðvanna og hvort þær eru í notkun. Það tengist svo greiðslukerfi en þjónusta ON hefur verið gjaldfrjáls hingað til. Það breytist um mitt næsta ár,“ segir Áslaug.

### Mikill áhugi á grænni orku

Sex af hraðhleðslustöðvum ON eru á höfuðborgarsvæðinu og tvær á Akureyri. Stöðvar eru líka á Selfossi, Akranesi, í Reykjanesbæ, Borgarnesi og við Hellisheiðarvirkjun. Uppbyggingin mun halda áfram og til greina kemur að bæta við fleiri hraðhleðslu- og millihleðslustöðvum við þjóðveg 1. „Það væri virkilega gaman að fjölga stöðvum á milli Reykjavíkur og Akureyrar eða bara hreinlega að loka hringnum,“ segir Áslaug. „Sá mikli áhugi sem er bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum á því að skipta yfir í græna orku í samgöngum mun stytta biðina eftir því að hægt verði að ferðast auðveldlega á rafbíl allan hringinn og við fögnum því,“ segir Áslaug.

# Bílar orðnir gríðarlega tæknilegir

Það eru ofboðslegar tæknibreytingar að eiga sér stað í bílaheiminum að sögn **Ólafs Kr. Guðmundssonar**, sérfræðings hjá EuroRap og eins af fyrirlesurum á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem hefst í Hörpu í dag og er haldin af VisitExpo í samvinnu við Bílgreinasambandið, FÍB, innanríkisráðuneytið, Samgöngustofu, Vegagerðina og Samtök atvinnulífsins.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



„Það er afar mikilvægt að fólk vakni og átti sig á að þetta er að gerast. Bílar eru að verða tæknivæddari, þeir horfa í kringum sig, hafa samskipti hvern annan og eru að verða algjörlega sjálfkeyrandi. Það er kominn alls konar búnaður í bílana sem kallar á að innviðir, lagasetning og annað fylgi með þróuninni,“ segir Ólafur Kr. Guðmundsson, sérfræðingur hjá EuroRap.

Þegar hann talar um innviði sem þarf að laga á hann meðal annars við vegi, upplýsingagjöf, kort og umferðarmerki. Þetta þurfi allt að vera staðlað til þess að bílarnir skilji þetta og geti nýtt. „Það þarf einnig að huga að hlutum eins og persónuvernd í þessu samhengi því bílar eru eins og snjallsímar á hjólum og eru farnir að veita og taka við upplýsingum. Við þurfum líka að svara siðferðislegum spurningum eins og þeim hvort megi senda börn með bílnum í skólann, hvort fólk megi vera ölvað í svona bíl, hvort blindur maður megi vera einn í svona bíl og þar fram eftir götunum. Þessi tækni er komin og við þurfum að bregðast við.“

### Ýmislegt þarf að bæta

Það er ýmsu ábótavant hér á landi í þessu samhengi og segir Ólafur að það sé hellingur sem þurfi að gera. „Við þurfum að taka okkur verulega á. Við þurfum líka að hugsa um framtíðina og passa upp á að það sem við gerum héðan í frá taki mið af þessum tæknibreytingum. Ég get nefnt hluti eins og að mála línur á vegi, upplýsingagjöf frá Vegagerð og yfirvöldum þegar eitthvað kemur upp á eins og lokanir á vegum, það er hægt að senda bílum allar þær upplýsingar í dag. Einnig þarf að uppfæra leiðsögukerfin, þannig að allar upplýsingar séu þar inni í, þar með taldar hraðamerkingar. Það sem liggur kannski einna mest á er að búa til ramma utan um þessa tækni og taka tillit til hennar í lagasetningu, umferðarlögin okkar eru frá 1987 og hafa ekki verið uppfærð nægjanlega vel hvað þetta varðar,“ útskýrir Ólafur.



**Bíllinn sem Ólafur er að prófa les kantlínur og miðlínur og leiðréttir ökumann ef hann fer yfir þær. Hann keyrir nánast sjálfur þegar sjálfstýringin er sett á, þá eltir hann bílana á undan.**

### Breytingarnar í gangi núna

Ólafur leggur mikla áherslu á að breytingarnar séu að gerast núna og mun hraðar en fólk áttar sig almennt á. „Ég hef til dæmis verið að prófa Mercedes Benz, E-týpuna, sem er bara venjulegur fólksbíll, og hann er með öllum þessum búnaði, hann les kantlínur og miðlínur ef ég fer yfir þær og leiðréttir mig og keyrir nánast sjálfur þegar ég set sjálfstýringuna á, þá eltir hann bílana á undan. Það er frekar skrítið að keyra svona bíl þegar stýrishjólið tekur stundum í hendurnar á manni,“ segir Ólafur og bætir við að erlendis sé líka verið að prófa þessa nýju tækni og bæta lagasetningu. „Í Helsinki eru menn til dæmis að nota sjálfkeyrandi strætóa sem ganga fyrir rafmagni. Sama er að gerast í London og í Frakklandi. Í Bandaríkjunum er verið að prófa nýjustu tegundir af flutningabílum sem keyra alfarið sjálfir þannig að þetta er að bresta á.“



**Ólafur Kr. Guðmundsson er einn af þeim sem halda erindi á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem hefst í dag. Hann prófar þessa dagana Mercedes Benz af nýjustu gerð sem hefur alla nýjustu tækni sem völ er á.** MYND/EYÞÓR



**Bílar eru að verða tæknivæddari, þeir horfa í kringum sig, hafa samskipti hver við annan og eru að verða algjörlega sjálfkeyrandi.**

### Eiga að fækka slysum

Ólafur segir hættur fylgja þessum breytingum eins og öllu öðru. Hann nefnir að til dæmis sé hræðsla við að hægt sé að hakka sig inn í þessa bíla en verið sé að búa til varnir við því. „Innviðirnir þurfa að vera í lagi, séu þeir það ekki skynjar tölvan í bílnum umhverfið ekki rétt og þá geta orðið mistök eins og hjá mannfólkinu en menn sjá fyrir sér að með þessari tækni muni slysum fækka því flest slys verða vegna mannlegra mistaka. Þessir nýju bílar bremsa sjálfir ef þeir nálgast aðra bíla á mikilli ferð. Þeir herða bílbeltin og hringja sjálfkrafa í 112 ef eitthvað kemur upp á. Að auki eru þeir með myndavél sem sér í þrívídd og nema þannig lifandi verur fyrir framan sig og hemla áður en þeir keyra á mann eða dýr.“

Ákveðið skiptitímabil verður á meðan bæði sjálfkeyrandi og mannkeyrandi bílar verða á vegunum. Ólafur segir að það sé eitt af því sem þurfi að ræða og undirbúa og ganga frá í lagasetningu. „Hvar liggur til dæmis ábyrgðin ef sjálfkeyrandi bíll lendir í árekstri við mannkeyrandi bíl? Það er eitt af því sem rætt verður á ráðstefnunni, hvernig á að taka á ábyrgðarhlutum í kringum þetta.“

# Neyðarþjónustan kemur til bjargar

**Neyðarþjónustan ehf.** hefur verið starfrækt frá árinu 1988 (lásadeild). Fyrirtækið sinnir almennri lásasmíði, lásaviðgerðum og hvers kyns neyðaropnunum, hvort sem það er í bíla, heimili, peningaskápa eða annað. Neyðarþjónustan er með verkstæði og verslun í Skútuvogi 11, Reykjavík. Neyðarþjónustan starfrækir einnig glerdeild sem sér um glerísetningu, viðgerðir á hurðum og gluggum ásamt neyðarlokunum 24/7.

Að sögn Óðins Sigurðssonar, rekstrarstjóra Neyðarþjónustunnar, er lyklasmíði stór þáttur í starfseminni en fyrirtækið býr yfir einum stærsta lyklalager á landinu. „Oft kemur fyrir að fólk læsir lyklana inni þegar það fer út og þá komum við til hjálpar. Sömuleiðis er algengt að bíllyklar læsist inni í bílnum. Hætta er á því að hurðir bílsins læsist ef hann er í gangi og ökumaðurinn úti að skafa rúður. Þetta vandamál er algengt þegar frost er úti,“ segir Óðinn. Þess má geta að síðan í byrjun árs 2014 hafa starfsmenn Neyðarþjónustunnar bjargað fjölmörgum börnum úr læstum bílum endurgjaldslaust. Gott ráð er að skrúfa niður rúðu ef ætlunin er að fara út til að skafa snjó.

„Við bendum fólki alltaf á að eiga aukalykla, það er aldrei sársaukalaust að læsast úti, en við getum smíðað flest alla lykla,“ segir Óðinn. Í Skútuvoginum er verslun og verkstæði þar sem seldar eru, og gert við, allar lásatengdar vörur, húslyklar, bíllyklar, kerfislyklar, sílindrar, rósettur, snerlar, skrár, læsingar, hurðapumpur, öryggisskápar, öryggiskerfi, hengilásar, lyklakerfi og aðgangsstýrikerfi. Forritun og smíði bíllykla og fjarstýringalykla er stór þáttur í starfseminni. Neyðarþjónustan smíðar lykla í langflestar bíltegundir jafnvel þótt allir lyklar séu týndir og er mikið smíðað og forritað fyrir bílasölur, bílaumboð, bílaleigur og bílaverkstæði, auk einstaklinga. Neyðarþjónusta er í síma 510-8888.

„Við leggjum mikla áherslu á góða þjónustu auk vandaðra vinnubragða. Við seljum læsingar en lagfærum einnig eldri lásbúnað og hurðir. Önnur deild hjá okkur sér um gler, sem kemur að öllum tjónum sem verða, hvort sem það er fok- eða innbrotstjón á hurðum og gluggum, og erum með neyðarvakt vegna þessa allan sólarhringinn og höfum verið í góðri samvinnu við tryggingafélög í 35 ár,“ segir Óðinn.



**Neyðarþjónustan kemur alltaf til hjálpar en hún býður víðtæka þjónustu.**




**Neyðarþjónustan er til húsa að Skútuvogi 11.**

**Neyðarþjónustan ehf. er í Skútuvogi 11, sími 510 8888 hjá verslun og verkstæði og neyðarnúmerið er 800 6666. www.neyd.is**

Neyðarþjónustan
Lyklar · Lásar · Gler

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

SUZUKI

Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
# SUZUKI 4X4
















## SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

**Fjöldbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.**

**Vertu klár í veturinn, láttu ekkert stoppa þig**

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

**KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ**

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Sjálfvirkni getur bætt öryggi

**Þórólfur Árnason,** forstjóri Samgöngustofu, hefur væntingar um að tækninýjungar og aukin sjálfvirkni bifreiða geti bætt öryggi í umferðinni. Samgöngustofa er einn af samstarfsaðilum ráðstefnunnar Bílar, fólk og framtíðin, sem haldin er í Hörpu í dag.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Samgöngustofa er fyrst og fremst öryggisstofnun í samgöngum og því höfum við mikinn áhuga á þeirri þróun sem er að verða í bílgreininni,“ segir Þórólfur sem telur að Íslendingar standi frammi fyrir töluverðri þjóðfélagsbyltingu í samgöngum.

„Vélknúin ökutæki voru með svipaðri hönnun frá byrjun bílaaldar og fram á þessa öld. Nú er tölvutækni og sjálfvirkni að fara að bylta þessum samgönguþætti,“ segir Þórólfur og er jákvæður fyrir þessum breytingum. „Tækni hefur yfirleitt hjálpað til við að bæta öryggi. Þar má nefna þætti á borð við stöðugleikastýringu, miðlínuviðvörun, sjálfvirkan bremsubúnað og skynjara af ýmsum toga. Við höfum séð öryggið batna og erum vongóð um að ný tækni í leiðsögu og sjálfvirkni í akstri muni bæta öryggið enn.“

## Fylgjast með þróun erlendis

Þórólfur segir mikilvægt að fylgjast vel með þróuninni í nágrannalöndunum og í Evrópu. „Við vitum að gerðar hafa verið prófanir á sjálfakandi bílum á Norðurlöndum en þó með ökumanni undir stýri,“ segir hann og telur að þróunin nái til Íslands fyrr en varir.

Áður en hægt er að taka sjálfvirka bíla í notkun þarf þó margt að gerast bæði í lagasetningu og uppbyggingu innviða hér á landi. „Þetta er samvinnuverkefni margra, þeirra sem sjá um lagasetningu, Vegagerðarinnar sem hannar vegamannvirki og annast vegamerkingar og fjölmargra annarra,“ segir Þórólfur sem áréttir að lögin í dag leyfi ekki ökutæki án stjórnanda.

Þórólfur segir líklegt að lagaumhverfið muni þróast smám saman. „Kannski verður fyrsta skrefið að leyfa slíka bíla á afmörkuðum svæðum á borð við bílastæðahús, bílastæði, verkstæði og álíka. Síðan verði þeir leyfðir á götum, hugsanlega á takmörkuðum leiðum.“

Þó tæknin sé langt á veg komin á enn eftir að sjá hvort slíkir bílar virki í íslenskum aðstæðum þar sem áskoranir eins og snjór, ísing, þoka og fleiri umhverfisskilyrði hafa mikil áhrif. Þórólfur telur þó líklegt að komist verði hjá þessum vandamálum með tímanum.



Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, er spenntur fyrir þeirri miklu þróun sem er að verða á ökutækjum og telur hana til góðs fyrir umferðaröryggi. MYND/GVA

## Breyta þarf hugarfari

Þórólfur telur innleiðingu nýrrar tækni ekki síst snúast um mannlega þáttinn. „Við þekkjum það í flug- og siglingaleiðsögu að þrátt fyrir sjálfvirkni búnaðar eru helstu mistökin sem gerast enn af mannlegum toga,“ segir Þórólfur og telur líklegt að endurskoða þurfi kennslu í ökuréttindum með aukinni sjálfvirkni. „Þjálfunin þarf hugsanlega að vera með öðrum hætti ef ökumaður þarf að vera viðbúinn því að ökutækið taki yfir stjórnina. Það er þröskuldur sem getur verið erfitt að yfirstíga fyrir ökumanninn.“

Þó fólk hafi í dag efasemdir um að stíga upp í sjálfakandi bíla, eða vera innan um slíka í umferðinni telur Þórólfur að með tíð og tíma geti það breyst. „Eftir nokkur ár gæti okkur liðið betur í umferðinni vitandi að öll ökutæki eru sjálfvirk,“ segir Þórólfur og telur að fyrstu prófanir á sjálfvirkum bílum án stjórnanda gætu farið fram á Íslandi í mjög náinni framtíð.

## Hraðar breytingar

„Tækninni fleygir fram og í raun hafa nú þegar orðið mjög miklar breytingar. Þær er til dæmis að finna í skoðunarstöðvum sem Samgöngustofa hefur eftirlit með,“ segir Þórólfur en þar hefur færst nokkuð í aukana að bílar séu tengdir við tölvur til aflestrar.

„Í nágrannalöndum okkar eru skoðunarstöðvar orðnar mjög tölvuvæddar. Þótt enn séu fyrst og fremst skoðaðir mekanískir slitfletir á borð við bremsur, legur og spindla er æ meira eftirlit með hinum rafræna þætti.“

## eCall – nýr öryggisbúnaður í alla nýja bíla

„Við erum mjög spennt fyrir því hvort sú breyting sem á sér stað í átt að sjálfvirkni muni geta bætt öryggi í samgöngum,“ segir Þórólfur og bendir á annað spennandi verkefni sem hann vonar að muni auka öryggi í mjög náinni framtíð. „eCall er neyðar- og björgunarbúnaður sem verður frá 1. apríl 2018 að vera í öllum nýskráðum bílum. Búnaðurinn hefur samband við neyðarlínu þegar slys á sér stað. Hann sendir þá upplýsingar um staðsetningu, hraða ökutækis og hvort skaði hafi orðið á því eða farþegum til neyðarlínunnar,“ lýsir Þórólfur og telur slíkt öryggistæki geta skipt sköpum. „Líkt og í raun öll þessi tækni sem miðar að því að ökutæki tali saman, vara hvert við öðru, og minnka þannig líkur á árekstrum, útafakstri og öðrum slysum.“

## Vekur fólk til umhugsunar

Samgöngustofa er einn af samstarfsaðilum rástefnunnar Bílar, fólk og framtíðin sem fram fer í Hörpu í dag. Þórólfur telur slíkar ráðstefnur mikilvægar til að vekja fólk í bílgreininni til umhugsunar. „Orð eru til alls fyrst og ráðstefnur á borð við þessa minna fólk á að framtíðin er nær en margir halda. Þá eru margar lagalegar og siðferðislegar spurningar sem þarft er að ræða, til dæmis varðandi tryggingar og ábyrgð. Hver á til dæmis að bera ábyrgð þegar sjálfkeyrandi ökutæki veldur tjóni og stjórnandi ökutækis er ekki vel skilgreindur?“ segir Þórólfur og telur að umræður á ráðstefnunni verði án efa gagnlegar.

# Dagskrá: Bílar, fólk og framtíðin

**09.00-09.20** Setning og ávarp. – Innanríkisráðherra
**09.20-09.30** Samgöngur á tæknilegum tímamótum. – Ólafur Kr. Guðmundsson.
**09.30-10.00** From consumer thrills to innovation trails. – Tom Palmaerts Trendwatcher
**10.00-10.30** Kaffihlé.
**10.30-10.55** Breytingar framundan. – Andreas Egense, Head of Department Danish Road Directorate.
**10.55-11.20** Vegakerfi framtíðarinnar. – Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.
**11.20-11.40** Samtal. (Hver er staðan og hvert stefnir?)
**11.40-12.40** Hádegisverður.
**12.40-13.05** Hraðari framfarir í vistvænum samgöngum, hagfelld og áríðandi breyting. – Benedikt Stefánsson, Carbon Recycling International (CRI).
**13.05-13.30** Þarf að breyta lögum? – Valgerður B. Eggertsdóttir, lögfr. innanríkisráðun.
**13.30-13.55** Öryggi vegakerfa. – Ferry Smith, formaður stjórnar EuroRAP.
**13.55-14.25** Kaffihlé.
**14.25-14.50** Bílar framtíðarinnar slysalausir vegna tækniþróunar. – Aled Williams, verkefnastjóri EuroNCAP.
**14.50-15.15** Hver á upplýsingarnar um þig? – Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.
**15.15-15.35** Efnahagsleg áhrif samgangna í nútíð og framtíð. – Gunnar Haraldsson, hagfræðingur.
**15.35-15.55** Samtal. (Erum við tilbúin til að takast á við breytingar á kerfinu?)
**15.55-16.00** Lokaorð.
**16.00-17.00** Léttar veitingar í lok dags.

## Ráðstefnustjórar eru:

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Ráðstefnan Bílar, fólk og framtíðin fer fram í Hörpu í dag.




# Tæknibylting í bílaiðnaðinum

## Ráðstefnan **Bílar, fólk og framtíðin** í Hörpu á morgun

Bíllinn þinn er hlaðinn öryggisbúnaði og til að hann nýtist sem best er mikilvægt að þú kunnir skil á virkni hans og notir hann rétt.

Samgöngustofa er ábyrg fyrir eftirliti með því að ökutækið þitt uppfylli ströngustu öryggiskröfur. Stöndum saman að því að fækka slysum og tryggjum öryggi allra í umferðinni.

**Samgöngustofa – Ármúla 2 – 108 Reykjavík – Sími 480 6000 – samgongustofa.is**

Samgöngustofa

# Rafgeymar eru hjarta bílsins

**Bílanaust** mun kynna starfsemi sína á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin í Hörpu í dag. Bílanaust er leiðandi fyrirtæki á sviði varahluta og bíltengdra vara á Íslandi. Sigþór Árnason sölustjóri segir lesendum hér frá helstu nýjungunum í rafgeymum og ljósum.

„Þróunin í bílabransanum er afar ör en við fylgjumst vel með öllum nýjungum á markaði,“ segir Sigþór Árnason, sölustjóri hjá Bílanausti, en fyrirtækið stendur á traustum grunni enda stofnað árið 1962.

„Ein mesta þróunin í bílageiranum hefur verið í tengslum við rafgeyma og perur og munum við leggja áherslu á að kynna þau vörumerki sem við bjóðum upp á í þeim geira á sýningunni í Hörpu í dag,“ segir Sigþór og nefnir sem dæmi OSRAM perur og VARTA rafgeyma.

## Stöðug þróun í perum

„Þróun í perum hefur verið stöðug undanfarin ár. Markmiðið er bæði að auka gæði og tryggja betur öryggi ökumanna,“ segir Sigþór. Bílanaust selur þýskar OSRAM perur, en vörumerkið er þekkt fyrir mikil gæði í öllum tegundum af perum.

„Helstu nýjungarnar í perum fyrir bíla eru svokölluð LED ljós en þau þurfa bæði minni straum en gömlu glóperurnar, eru mun skærari og endast margfalt lengur,“ upplýsir Sigþór. Hann bendir á að slíkar perur eigi að geta enst í allt að fimm ár.

Sú staðreynd að perurnar eru mun skærari kemur sér vel fyrir öryggið. „Við þurfum mest á ljósum að halda í skammdeginu, þegar rignir eða í hríðarbyljum. Skærari ljós sjást betur og ökumenn sjá einnig betur út frá sér,“ segir Sigþór. Hann vill ekki meina að slíkar perur séu til óþæginda fyrir aðra ökumenn sem aki á móti slíkum ljósum. „Ef ljós á bílum eru rétt stillt á fólk ekki að finna fyrir þessu.“

## Hjarta og heili bílsins

„Rafgeymar eru sífellt að fá stærra hlutverk í bílum og eru í raun orðnir hjarta og heili bílsins,“ segir Sigþór. Bílanaust selur rafgeyma frá VARTA sem er gamalt og rótgróið þýskt vörumerki. „Í dag er nánast allt í hefðbundnum bílnum knúið áfram með rafgeymi,“ segir Sigþór en þróunin hefur verið heilmikil í þessum tækjabúnaði. „Rafgeymar endast margfalt lengur en áður og eru orðnir mun öflugri miðað við stærð en áður þekktist.“

Rafgeymar í nútímabílum þurfa að vera öflugir enda ótrúlega margt sem knúið er áfram af þeim. Sigþór nefnir sem dæmi staðsetningarbúnað, hita í stýri, sætum, fram- og afturrúðum, akstursstölvur, myndavélar og fjöldamargt annað. „Öllu þessu þarf rafgeymirinn að koma í gang á morgnana áður en bíllinn fer að hlaða inn á hann í akstri.“

Sigþór segir rafgeyma einnig orðna mun betri gagnvart kulda og votviðri. „Allt sem við seljum er miðað við íslenskar aðstæður, alveg niður í 20 til 30 gráðu frost.“

Sigþór segir VARTA rafgeymana standast allar kröfur sem íslenskir ökumenn þurfi að gera. „VARTA hefur góðan gæðastimpil en rafgeymarnir frá þeim eru auk þess einnig á mjög góðu verði.“



Sigþór Árnason sölustjóri við hluta af því peruúrvali frá OSRAM sem Bílanaust býður upp á. MYND/GVA

## Vottaðir varahlutir

Bílanaust er með þjónustu um allt land. Alls eru verslanirnar sjö, þar á meðal á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Keflavík auk höfuðborgarsvæðisins. Aðalverslun Bílanausts er að Dvergshöfða 2.

Eitt af aðalsmerkjum Bílanausts eru varahlutir, en fyrirtækið býr yfir landsins mesta úrvali varahluta sem eru þar að auki vottaðir. „Þannig uppfylla varahlutir sem við seljum ströngustu kröfur bílaframleiðenda,“ segir Sigþór og bendir auk þess á að þriggja ára ábyrgð sé á öllum varahlutum frá Bílanausti.

**Áhugasamir geta komið í Hörpu í dag eða leitað upplýsinga á vefsíðunni www.bilanaust.is.**



# Tæknibreytingar gætu breytt öllu

Efnahagsleg áhrif samgangna og mikilvæg atriði er snerta framtíðina er innihald erindis **Gunnars Haraldssonar** á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem haldin er í dag. Tæknibreytingarnar gætu leitt til mikilla efnahagslegra áhrifa en erfitt er að spá um hve miklar þær verði.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin er hagfræðingurinn Gunnar Haraldsson en erindi hans ber heitið Efnahagsleg áhrif samgangna í nútíð og framtíð.

Að sögn Gunnars mun hann sérstaklega beina sjónum sínum að efnahagslegum áhrifum samgangna og mikilvægum atriðum er snerta framtíðina í erindi sínu, þá sérstaklega mögulegum áhrifum breytinga í tækni. „Í stuttu máli þá mun ég huga að ýmsum hagfræðilegum álitaefnum sem snerta samgöngur og þá sérstaklega í sambandi við breytingar í tækni. Hver þau áhrif verða ræðst að sjálfsögðu af því hvernig tæknin þróast en líka af stjórnvaldsaðgerðum en þar kemur mjög margt til.“

Þar nefnir hann m.a. fjárfestingar í alls kyns innviðum, skipulagi, öryggiskröfum, ýmsu sem snúi að réttindum og skyldum fólks og fyrirtækja svo fátt eitt sé nefnt. „Tæknibreytingarnar gætu leitt til mikilla efnahagslegra áhrifa og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á slíkt. Það er hins vegar erfitt að spá um hve miklar þær verða, nema að gefnum ýmsum forsendum. Þær forsendur geta svo bæði brugðist eða breyst í rás tímans. Þannig er til dæmis ekki ólíklegt að endurhugsa verði núverandi kerfi almenningssamgangna upp á nýtt; hlutverk, umfang og skipulag þeirra.“



**„Tæknibreytingarnar gætu leitt til mikilla efnahagslegra áhrifa og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á slíkt,“ segir Gunnar Haraldsson hagfræðingur.** MYND/GVA

### Tæknin breytir öllu

Greiðar samgöngur, hvort sem er með fólk eða vörur, hafa verið forsenda fyrir vexti og viðgangi samfélaga frá örófi alda að sögn Gunnars. „Við megum ekki gleyma því hvaða risaskref hafa verið tekin á því sviði af mannskepnunni í gegnum tíðina. Tilkoma vélknúinna farartækja á sínum tíma var risaskref, þegar hægt var að losa manninn við að þurfa að treysta á eigið afl, afl dýra eða náttúrukrafta svo sem vindinn, til að flytja fólk og vörur. Engu að síður var enn þá þörf fyrir að maðurinn stæði við stjórnvölinn, enda hafa bílar í dag í grunninn sömu virkni og hestar eða hestakerrur höfðu áður.“

Mannleg stjórnun farartækja hefur hins vegar bæði kosti og ókosti í för með sér segir Gunnar. „Ef svo heldur fram sem horfir þá getur tæknin endanlega losað okkur undan því að þurfa að stjórna farartækinu sjálf. Það eitt og sér hefur mikil efnahagsleg áhrif í för með sér, því í stað þess að stjórna farartækjum getum við nýtt tímann í eitthvað annað, t.d. vinnu, leik og störf.“ Þá er ekki ólíklegt að aukin sjálfstjórn leiði einnig til breytinga í ferðavenjum og flutningum almennt, t.d. hvenær sólarhringsins við ferðumst.

### Þörfin metin

Hann segir Íslendinga, eins og flestar aðrar þjóðir, búna að fjárfesta í miklum samgönguinnviðum. Því sé mikilvægt að velta fyrir sér hvernig þeir muni nýtast í framtíðinni og hvort þörf sé fyrir nýja og annars konar innviði, t.d. varðandi merkingar, söfnun og úrvinnslu upplýsinga, svo eitthvað sé nefnt. „Það er mikilvægt að átta sig á því að þróunin fram undan er samspil hreinna efnahagslegra þátta, tækniþróunar og ákvarðana stjórnvalda. Markaðsöflin munu leita leiða til að auka hagkvæmni í samgöngum, því öll viljum við ferðast með fljótlegri, öruggari og ódýrari hætti hvort sem við gerum það um borð í ökutæki eða með öðrum hætti. Hvort og hvernig þróunin verður í þá átt er að miklu leyti komið undir þeim ákvörðunum sem við tökum í dag og á næstu árum og áratugum.“

# Spennandi tímar fram undan

Fjölmörg spennandi verkefni eru í gangi hjá samgöngusviði **VSÓ Ráðgjafar** en Svanhildur Jónsdóttir er sviðsstjóri þess. Meðal þeirra eru umferðarspár fyrir aðalskipulag Reykjavíkur og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins auk Borgarlínunnar sem gæti breytt miklu.

Mörg fjölbreytt og spennandi verkefni eru fram undan á samgöngusviði VSÓ Ráðgjafar. Svanhildur Jónsdóttir er sviðsstjóri samgöngusviðs en hún lauk BS-prófi í byggingarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet með áherslu á samgöngur. Í framhaldinu lauk hún M.Sc. í samgönguverkfræði frá sama háskóla árið 2011.

Hún hefur starfað um nokkurra ára skeið hjá VSÓ Ráðgjöf og segir fyrirtækið vera góðan vinnustað. „VSÓ er góður og fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegan vinnutíma. Þar er öflugt og skemmtilegt félagslíf, bæði á vegum starfsmannafélagsins og fyrirtækisins. Ekki skemmir svo fyrir hversu fjölbreytt og skemmtileg verkefnin eru sem við tökumst á við á hverjum degi.“

> **„VSÓ er góður og fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegan vinnutíma.**
> *Svanhildur Jónsdóttir*

### Breyttar ferðavenjur

VSÓ Ráðgjöf hefur nýlega gert umferðarspár fyrir aðalskipulag Reykjavíkur og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Í þeim báðum var unnið með tilfelli þar sem gert var ráð fyrir breyttum ferðavenjum íbúa að sögn Svanhildar. „Þó er áfram gert ráð fyrir að meirihluti fólks ferðist um á bíl. Breyttar ferðavenjur snúast um að auka gæði og forgang almenningssamgangna og annars vistvæns ferðamáta, s.s. hjólreiða, og þannig gera annan ferðamáta að raunhæfari valkosti.“

Hún segir dæmin sýna að ef rétt er staðið að hlutunum þá breytist ferðavenjur. Máli sínu til stuðnings nefnir hún t.d. borgirnar Umeå í Svíþjóð og Þrándheim í Noregi þar sem vel hefur tekist til en þar er svipað veðurfar og hér á landi. „Það getur verið ákjósanlegt að breyta ferðavenjum og er hvatinn oft styttri ferðatími, heilsuefling, minni kostnaður og aukið „frelsi“ í þeim skilningi að geta sinnt vinnu eða öðru á ferðatíma.“

Umferðarspárnar hafa sýnt að breyttar ferðavenjur hafa jákvæð áhrif á umferðartafir, loftgæði og hljóðvist og hjálpa í raun einkabílnum hvað mest við að komast leiðar sinnar. „Það má því segja að það sé ávinningur allra að aukin áhersla verði lögð á breyttar ferðavenjur.“



**„Það má því segja að það sé ávinningur allra að aukin áhersla verði lögð á breyttar ferðavenjur,“ segir Svanhildur Jónsdóttir, sviðsstjóri samgöngusviðs VSÓ Ráðgjafar.** MYND/GVA

### Borgarlínan spennandi

Gott dæmi um aðgerð sem mun hafa hvað mest áhrif á breyttar ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu er Borgarlínan sem er mjög spennandi verkefni að sögn Svanhildar.

„Borgarlínan verður hágæða almenningssamgöngukerfi sem mun aka að öllu eða mestu leyti í sérrými, með borgarlínustöðvar sem líkjast lestarstöðvum á svæðum þar sem þéttleikinn er hvað mestur. Samgöngusvið VSÓ Ráðgjafar hefur einmitt, í tengslum við vinnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, byggt almenningssamgöngulíkan sem mun verða notað við ákvörðun á legu Borgarlínu og áfangaskiptingu.“

Annað áhugavert verkefni er umhverfismat kerfisáætlunar fyrir Landsnet.

Verkefnið fólst m.a. í að meta hvernig innviðir eru í stakk búnir fyrir orkuskipti í samgöngum, s.s. breytingu úr jarðefnaeldsneyti yfir í vistvænni orkugjafa. „Þar var m.a. lagt mat á orkuþörf mismikilla orkuskipta í samgöngum, þ.e. 30%, 60% og 100%. Þessar niðurstöður voru síðan nýttar til að meta mögulega minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og samræmi þess við markmið Parísarsamkomulagsins.“



## Ræðir um vegamál í Danmörku

Andreas Egens, deildarstjóri hjá Vegamálastofnun Danmerkur (Vejdirektoratet), er einn fyrirlesara á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem fram fer í Hörpu í dag.

Vegamálastofnun Danmerkur hefur undanfarin tvö ár beint sjónum sínum að sjálfkeyrandi bílum og þróun þeirra. Stofnunin hefur reynt að sjá fyrir hvaða áhrif sjálfkeyrandi farartæki munu hafa á umferðina og hvernig þessi tækni muni breyta hlutverki stofnunarinnar og innviðum vegakerfisins.

Andreas hefur rannsakað fyrirærið sjálfkeyrandi bíll og haldið fjölda fyrirlestra um málið en undir starfssvið hans heyrir skipulag vegakerfis og spár um hvernig umferðarþungi muni þróast í nánustu framtíð, greining kostnaðar og greining ávinnings.

Á ráðstefnunni verður fjallað um framtíðarbílinn, tækninýjungar og áhrif þeirra og þeirri spurningu varpað fram hvort samfélagið sé tilbúið fyrir þær nýjungar.

***www.bff.is***



## Ísing til að varast

Nú er sá tími þegar ísing myndast á bílum og gæta þarf sérstakrar varúðar. Mjög mikilvægt er að kunna að meta aðstæður á vegum, að því er segir á vef Samgöngustofu. Meiri hætta er á næturfrosti á sléttlendi en í halla og meiri í dældum en uppi á hæðum. Algengt er að hálka skapist á fjallvegum þótt frosts gæti ekki á láglendi. Þá er meiri hætta á frosti þegar himinn er heiðskír en í rökkri og á nóttu. Yfirleitt er kaldara á nóttunni þegar loft er þurrt en við þær aðstæður getur dögg og raki myndað ísingu á yfirborði vegarins.

Þar sem vegur liggur nærri árbökkum, vatnsbökkum eða fjöruborði er raki meiri í loftinu og auknar líkur á staðbundinni ísingu. Þetta getur líka gerst nálægt útisundlaugum. Varasamt getur verið að treysta um of á hitamæli bíls því það getur verið annar hiti niðri við jörðu en mælirinn sýnir. Alltaf skal fylgjast vel með aðstæðum og hafa í huga skyndilega hálkumyndun.

## RÝNIR Í FRAMTÍÐINA

Einn nokkurra erlendra fyrirlesara á ráðstefnunni Bílar, fólk og framtíðin sem haldin er í Hörpu í dag er Tom Palmaerts. Enska starfsheiti hans er „trendwatcher“ sem mætti kannski þýða sem framtíðarrýnir. Í starfi sínu fylgist hann nefnilega með nýjustu straumum og stefnum sem eru í gangi hverju sinni á ýmsum sviðum samfélagsins og hafa áhrif á líf okkar flestra á jarðkringlunni.

Tom Palmaerts er einn eigenda markaðsrannsóknafyrirtækisins Trendwolves en fyrirtækið einblínir á að fylgjast með helstu straumum og stefnum hjá ungum viðskiptavinum og yngri fjölskyldum víða um heim. Með því móti getur það veitt fyrirtækjum, stofnunum og samtökum gagnleg ráð um hvernig markaðurinn er að þróast á ýmsum sviðum.

Tom er heimsþekktur fyrirlesari og ráðgjafi á sínu sviði og hefur m.a. unnið fyrir þekkt vörumerki á borð við Callebaut, Clariant, Coca-Cola, Bacardi, MTV, Sony Music, Hello Bank og BNP Paribas Fortis. Árið 2008 hlaut hann verðlaunin „Youth trend specialist of the year“ sem veitt voru af hollensku samtökunum Second Sight, þá helst fyrir kraft sinn, frumlegheit og ástríðu.

Sannarlega áhugavert erindi en það ber heitið „From consumer thrills to innovation trails“ og hefst kl. 9.30.



Tom Palmaerts.




FRANSKIR DAGAR
ALLT ÞAÐ HEITASTA FRÁ PARÍS
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
COSMO
Kringlunni












Binni var brautryðjandi í því að útbúa aðventukransa hér á landi sem hægt er að nota aftur og aftur. MYNDIR/EYÞÓR

# BRAUTRYÐJANDI Í AÐVENTUKRÖNSUM

**Hendrik Berndsen**, eða **Binni blómasali** eins og hann er betur þekktur, ætlaði að setjast í helgan stein þegar hann lokaði verslun sinni, Blómaverkstæði Binna, á Skólavörðustíg í fyrra. Hlutirnir snerust þó í höndum hans og Binni er enn á fullu, sérstaklega fyrir gamla kúnna.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Góðir viðskiptavinir sættust ekki á að Binni væri hættur svo hann setti upp litla vinnustofu í Hraunbæ ásamt konu sinni, Ástu Kristínu Kristjánsdóttur. Þangað kemur fólk með gamla aðventukransa frá ömmu og afa sem hann endurgerir. Það styttist í fyrsta í aðventu, 27. nóvember, og margir farnir að huga að aðventukrönsunum sínum. Líklegast hefur enginn Íslendingur jafnmikla reynslu á því sviði og Binni. Hann ólst upp hjá afa sínum í versluninni Blóm og ávextir og fór sextán ára til náms í blómaskreytingum í Danmörku. Þar kynntist hann aðventukransagerð með þurrkuðum skreytingum sem endast áratugi. Binni flutti þessa skreytigerðarlist til Íslands.

### NÝIR TÍSKULITIR

„Ætli ég hafi ekki búið til aðventukransa í 55 ár,“ segir hann. „Ég legg mikla áherslu á að fólk eigi kransinn lengi. Undanfarið hefur ungt fólk komið til mín með mjög gamla kransa til endurgerðar. Þeir hafa fylgt sömu fjölskyldunni í þrjátíu ár eða lengur. Ég hef verið mjög íhaldssamur í gerð kransanna. Ég nota ekki greni heldur þurrkaðar greinar. Mér finnst mjög skemmtilegt að gera kransana úr efni sem ég sæki í íslenska náttúru, könglum, mosa og greinum. Það er ekki langt síðan að ég fór að tína þetta sjálfur,“ segir Binni sem er mikið jólabarn.

„Mér finnst engin jól nema að hafa eitthvað rautt, kerti og borða. Líklegast er ég íhaldssamur að þessu leyti. Ég fylgi ekki tískustraumum en breyti stundum um liti. Rauði liturinn er alltaf klassískur en núna eru hvítur, vínrauður og beige mjög vinsælir. Einstaka sinnum er beðið um fjólublátt sem er í raun litur aðventunnar.

### GREINAR ÚR NÁTTÚRUNNI

Vinur minn sem er frægasti blómaskreytingamaður í Danmörku, Erik Bering, rak blómabúðina The House of Flowers og var sá fyrsti sem útbjó aðventukransa sem entust. Það sem hefur hins vegar breyst í gegnum tíðina er að alltaf kemur eitthvert nýtt skreytingaefni. Aðventukransinn verður hefð á heimilinu og þegar fólk kemur með gamlan krans vill það sams konar skraut og var áður. Hjá mörgum byrja jólin þegar aðventukransinn er kominn upp og kveikt er á fyrsta kertinu,“ segir Binni en þegar hann kom til Íslands eftir fjögur ár í námi í Danmörku var áhugi á aðventukrönsum að vakna hér á landi. „Fólk hafði bundið grenigreinar í kringum hálmhring og það getur verið mjög fallegt.“



Glæsilegur aðventukrans með rauðum litum sem eru í miklu uppáhaldi hjá Binna.



Hvítur krans gerður úr könglum, greinum og fleiru sem Binni tínir í íslenskri náttúru.

Binni segir marga möguleika í dag til að skreyta aðventukransinn. „Það er hægt að nota disk og setja fjögur kubbakerti á hann. Við hliðina er hægt að raða fallegum jólakúlum og greni. Það er alltaf gaman að leyfa ímyndunaraflinu að ráða. Einnig er hægt að skreyta járnstjaka fyrir fjögur kerti með alls kyns þurrkuðum berjum, greinum og blöðum úr náttúrunni. Það er virkilega fallegt að nota þessa náttúruliti.“

### BRÚÐARVÖNDUR ÖMMU

Ýmis verkefni detta á borð Binna. Hann skreytir meðal annars fyrir jarðarfarir og brúðkaup. „Ég fékk skemmtilegt verkefni um daginn en það var að búa til brúðarvönd eftir brúðkaupsmynd ömmu brúðarinnar. Hún vildi hafa hann alveg eins og amman var með. Ég lít á mig sem handverksmann og vil gera mitt besta fyrir fólk þótt ég sé orðinn 72 ára. Hver blómaskreyting er einstök,“ segir Binni. „Aðventukransinn minn er þrjátíu ára gamall og ég set alltaf rauð kerti í hann. Svo skreyti ég alltaf jólatréð með dóti sem börnin mín gerðu á leikskólanum í gamla daga. Þeim finnst æðislegt að sjá dótið sitt þótt þau séu orðin fullorðin. Smáhlutir búa til minningar.“




**sónar® 2017** **Reykjavík**

**Music, Creativity & Technology**
www.sonarreykjavik.com

Reykjavik
16. 17. 18 February

aron can, b.traits, ben klock, de la soul, emmsjé gauti, fatboy slim, fm belfast, forest swords, glowie, helena hauff, moderat, øfjord, samaris, sin fang, sxsxsx, tommy genesis + many more.

**Miðasala á midi.is**

---

ICELANDAIR   AUR   LG G5   Red Bull Music Academy   TUBORG LÉTTÖL

## BÍLAR & FARARTÆKI

MB bílar



KIA Sorento. Árgerð 2012, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.490.000. Rnr.101178.



**TOPP BÍLL!**

VW Polo comfortline. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 1.750.000. Rnr.110664.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is



**RÚBÍNRAUÐI FÁKURINN!!!**

'15 TOYOTA RAV4 GX PLUS. EK 48 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...STENDUR ALLTAF FYRIR SÍNU!!! TILBOÐ 3.880 ÞÚS. #452158. S: 580 8900



**HEITASTI DÍLLINN!!!**

'16 SKODA OCTAVIA TDI. EK 23 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...BESTA VERÐIÐ 3.290 ÞÚS!!! #471440. S: 580 8900



**ALLTAF HEITUR Í SNJÓNUM!!**

'15 JEEP GRAND CHEROKEE LTD. EK 19 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...FRÍTT KAKÓ FYLGIR MEÐ!!! FRÁBÆRT VERÐ 7.980 ÞÚS!!! #471368. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



HYUNDAI I20 classic. Árg 2016, ek 26 Þ.KM, bensín, 5 gírar. V. 1.850 þús. Rnr.101501. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**NÝR BÍLL**

NISSAN Qashqai Tekna . Árg. 2016, dísel, sjálfsk. V. 4.890 þús. Rnr.101707. 90% fjármögnun , TEKNA þægindapakki að verðmæti kr.350.000,- Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

Bílás
Bílasala Akranes



LÍTIÐ EKINN GOTT EINTAK: KIA Sportage classic. Árg. 2003 ek. 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Visa/Euro bílalán Rnr.111213.



ÁGÆTIS VINNUBÍLL: RENAULT Kangoo express. Árg. 2004 ek. 156 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 470.000. Visa/Euro bílalán Rnr.111995.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

100 bílar bílasala .is



Honda CR-V Elegange new, 1/2016, dísel, sjsk, heilsársdekk, ásett verð 5.590 þús, er á staðnum, raðnr 152677.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Corolla Station árg '98, ek. 205 þús. Sko 2017. Uppl. í s. 776 7118


Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

# VW e-GOLF

## REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA

**NÚ Á LÆGRA VERÐI – LÍTILL REKSTRARKOSTNAÐUR**

VERÐ FRÁ KR.
**3.590**
ÞÚSUND

Evrópubílar í ábyrgð

**ÁRG. 2015**
**Mjög lítið eknir**

RÍKULEGA BÚNIR e-GOLFAR

- √ 8 tommu margmiðlunarskjár
- √ Bakkmyndavél
- √ Nálgunarvarar
- √ Bluetooth
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Álfelgur
- √ Kapall fyrir heimahleðslu og hleðslustöðvar
- √ Sjálfskiptir
- √ Hiti í framrúðu
- √ ... og margt fleira



**Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða**

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

## Málarar

**HG-HÚSAMÁLUN**

Tökum að okkur alhliða málingarvinnu, bæði endurmálun og nýmálun. Vönduð og fagmannleg vinnubrögð.

Sími: 773-4993
dorimalari@gmail.com

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 869 1698.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar

Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**HUMARSALAN**

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

Heima er bezt tímarit-þjóðlegt og fróðlegt. www.heimaerbezt.net - sími 5538200

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur örfáum tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773 3376 Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Tannlæknastofu Kópavoginum vantar aðstoðarmanneskju til starfa í 100% starf. Áhugasamir sendið umsóknir á tannbjorg@tannbjorg.is

**HÁRGREIÐSLA - HÁRGREIÐSLA - HÁRGREIÐSLA**
Hársnyrtistofa í austurbæ Reykjavíkur er að leita að hárgreiðslu meistara eða sveini til starfa. Starfshlutfal eftir samkomulagi. Einnig kemur til greina stólaleiga.

Áhugasamir hafi samband í póstfang rakarinn@internet.is og við verðum í sambandi.

DS Lausnir ehf leitar að kranamanni á bílkrana og vörubílstjóra. Allar upplýsingar veitir Daníel Sigurðarson í síma 824-0672 eða á dslausnir@internet.is

## Atvinna óskast

**DEKKJAMENN ÓSKA EFTIR VINNU**
Erum einnig með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími: 780-1000

e: vinna@verkleigan.is







HONDA
**Accord Sport**
Nýskráður 11/2005, ekinn 121 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 1.050.000**


HONDA
**Jazz 1.4i LS**
Nýskráður 10/2005, ekinn 105 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 750.000**


**BÍLL DAGSINS**
**Bíll dagsins kr. 4.850.000**
**PEUGEOT BOXER**
Nýskráður 5/2015, ekinn 20 þús.km., dísil, beinskiptur.


KIA
**Sorento bl**
Nýskráður 6/2007, ekinn 120 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**


OPEL
**Corsa-C**
Nýskráður 8/2005, ekinn 160 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 599.000**


VOLKSWAGEN
**Bora 8vi**
Nýskráður 1/2003, ekinn 150 þús.km., bensín, 5 gírar. **Verð kr. 590.000**
**Tilboð kr. 390.000**


HYUNDAI
**Getz GLS**
Nýskráður 2/2006, ekinn 132 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 790.000**
**Tilboð kr. 590.000**


RENAULT
**Clio Comfort disel**
Nýskráður 6/2008, ekinn 127 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 890.000**


SKODA
**Fabia Ambiente**
Nýskráður 8/2008, ekinn 105 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 990.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00.

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.




**Byrjendanámskeið:**

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga: 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II:**

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

**Framhaldsnámskeið spænska III:**

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

*Facebook: Spænskuskólinn Háblame*

**Námskeiðin hefjast 21 og 22 nóvember og lýkur 15 desember.**
**Verð á mann 25.500.-**
**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**




## fundir

### AÐALFUNDUR

**Íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýrar** verður haldinn fimmtudaginn **24. nóvember kl. 17:30** í Menntaskólanum við Hamrahlíð, stofu 11. Hefðbundin aðalfundarstörf og ný stjórn kjörin. Nánari upplýsingar og framboð til stjórnar: hlidabuar@gmail.com

**Vertu með og leggðu þitt af mörkum til að gera gott hverfi ennþá betra!**

## til sölu

### Fyrirtæki í glerfilmuvinnslu

Til sölu 10 ára rekstur með hágæða efni frá stærstu framleiðendum í Evrópu og USA. Hátækni efni og byltingarkenndar nýjungar. Heildsala, smásala, og selst meðVörubirgðum og viðskiptamanna skrá.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson í s: 773-4700 og oskar@atv.is

## fasteignir

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Kaplahraun - Atvinnuhúsnæði - Hf



Nýkomið í sölu á besta stað í Hafnarfirði 480 fm atvinnuhúsnæði sem býður upp á mikla möguleika, m.a. að skipta húsnæðinu í 4-8 smærri bil. Góð framlóð og baklóð. Fín aðkoma. **Verð 90 millj.** Nánari uppl. gefur sölustjóri Hraunhamars Helgi Jón 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur**
**Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot**
PRIMA
**S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808**
**prima@primaehf.is**

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR



Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR




**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

*Rétti tíminn til að koma lagi á elhúsið fyrir jól*

ORMSSON

# Búsáhaldadagar

*Afsláttur af gæðavörum frá þekktum framleiðendum*

*Búsáhöld & smáraftæki*

## Tefal

*Tefal hefur verið hjá Ormsson í 25 ár, og það köllum við meðmæli.*

**25% afsláttur**



Jamie Oliver
Tefal-panna með höldum
- 30 cm



Jamie Oliver
Tefal-Professional
28 cm

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU



Jamie Oliver-WOK panna



Mjög gott úrval



Jamie Oliver-sett



Pönnuköku panna

## *Nú fer hver að verða síðastur - Búsáhaldadögum lýkur um helgina*

de BUYER
DEPUIS 1830

*Þekktur framleiðandi sem hefur starfað síðan 1830.*

**15% afsláttur**



De Buyer MiLady



Koparpottar



Pönnur

## Allinox pottar

**20% afsláttur**



Allinox **9** ltr.   Allinox **11** ltr.   Allinox **13,5** ltr.   Allinox **16** ltr.   Allinox **19** ltr.

ormsson.is

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT



Steinunn Björnsdóttir á mikinn þátt í velgengni Framliðsins í kvennahandboltanum. Hún hefur blómstrað í nýrri stöðu sem línumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leist ekkert á þetta í byrjun

**Framkonur eru með sex stiga forystu á toppnum og hafa ekki tapað leik. Þegar línumaður liðsins fór í barnsburðarleyfi fékk einn besti varnarmaður deildarinnar tækifæri til að að vera líka með í sókninni.**

**HANDBOLTI** Ný krefjandi hlutverk opna oft nýjar víddir fyrir leikmenn og góða dæmisögu um það má finna hjá 25 ára gamalli handboltakonu í Safamýrinni í Reykjavík.

Steinunn Björnsdóttir er komin með 49 mörk í Olís-deild kvenna og mótið er ekki hálfnað. Hún skoraði 52 mörk allt síðasta tímabil og stefnir því að því að næstum tvöfalda markaskor sitt. Steinunn hefur blómstrað í nýju hlutverki í sókninni og er nú orðin sextíu mínútna manneskja. Fram vann eins marks sigur á Haukum í síðasta deildarleiknum fyrir jól en framundan er landsleikjahlé.

**Þrír erfiðir leikir á einni viku**

„Það er búið að ganga mjög vel hjá okkur og það var gaman að klára með sigri í gær. Þetta var kannski ljótur sigur en þetta var þriðji erfiði leikurinn okkar á einni viku og því var mjög sterkt að ná að klára þetta," sagði Steinunn.

Þetta var þriðji leikur liðsins á sjö dögum og þeir hafa allir verið á móti liðum sem eru í hópi fjögurra efstu. Fyrst bikarsigur á Val (4. sæti), svo sannfærandi útisigur í toppslagnum á móti Stjörnunni (2. sæti) og svo sigur á Haukum (3. sæti) í fyrrakvöld. Framliðið sýndi styrk sinn í sigrinum á Stjörnunni og sú flotta frammistaða kallaði á titlatal.

**Erfitt að stoppa okkur**

„Fjölmiðlar voru búnir að setja pressu á okkur en við reyndum bara að útiloka það, einblína á okkur sjálfar og spila okkar leik. Við erum að sjálfsögðu ekkert óstöðvandi en á meðan við spilum eins og við gerum núna er erfitt að stoppa okkur," sagði Steinunn. Hún er aðalkonan í hinni sterku vörn Framliðsins.

> Ég hafði bara verið í varnarskiptingu undanfarin ár og það er æðislegt að geta verið svona mikið með í leiknum.
>
> Steinunn Björnsdóttir

» Framliðið er búið að vinna níu leiki í röð í deild og bikar eða alla leiki síðan liðið gerði jafntefli við Stjörnuna 17. september.

» Steinunni Björnsdóttur vantar nú aðeins þrjú mörk til að jafna markaskor sitt allt síðasta tímabil í Olís-deildinni.

„Við erum búnar að vera að finna okkur mjög vel í varnarleiknum og höfum bara verið að fá á okkur í kringum tuttugu mörk í leik. Guðrún (Ósk Maríasdóttir) hefur síðan verið sterk fyrir aftan okkur," segir Steinunn og heldur áfram:

**Ferðin í haust hjálpar**

„Liðið er að smella saman núna. Við erum búnar að spila ári lengur saman. Leikmenn eru bara klárir á sínum hlutverkum og þegar það er svoleiðis þá gera allar sitt bara betur og það er meira sjálfstraust í liðinu," segir Steinunn.

Hún var ánægð með undirbúninginn fyrir tímabilið. „Við förum í mjög góða æfingaferð fyrir tímabilið. Við náðum þar upp mjög góðri stemningu í liðinu og það er klárlega að hjálpa til núna," segir Steinunn. Liðið breyttist lítið milli tímabila en hún fékk meiri ábyrgð þegar Ásta Birna Gunnarsdóttir datt úr. „Það var mjög mikill heiður fyrir mig að fá að vera fyrirliði þessa liðs."

Hún fékk líka nýtt hlutverk í fyrravetur þegar hún fór að spila á línunni í sókninni. „Ég hafði bara verið í varnarskiptingu undanfarin ár og það er æðislegt að geta verið svona mikið með í leiknum," segir Steinunn. Ástæðan fyrir breytingunni var þó nokkuð sérstök.

„Eftir að Elísabet Gunnarsdóttir varð ólétt, þá fékk ég þetta nýja hlutverk. Mér leist ekkert vel á þetta í byrjun en þetta hefur gengið vonum framar og þá sérstaklega það sem af er þessu tímabili," segir Steinunn en hún færði sig inn á línuna um áramótin í fyrra.

Steinunn gat hér áður hvílt sig á meðan liðið var í sókn en núna spilar hún allan tímann. „Ég var búin að vera meidd í fætinum en hef náð mér þokkalega í honum. Ég hef því getað æft meira og er í fínu standi. 60 mínúturnar eru því ekkert mál."

**Að læra á kaldhæðni þjálfarans**

Stefán Arnarson þjálfar liðið og hann hefur nú búið til nokkur meistaraliðin. „Við erum búnar að læra á kaldhæðnina hans og læra betur inn á hann. Það eru forréttindi fyrir okkur að fá að hafa hann sem þjálfara. Hann er frábær í alla staði," segir Steinunn.

Framkonur eru á toppnum og verða þar pottþétt þar til liðið spilar næsta deildarleik eftir 58 daga. Fram undan eru verkefni landsliðsins og frí vegna jóla og áramóta. Steinunn er þó ekki á leiðinni í frí því fram undan eru verkefni með íslenska landsliðinu.

**Hver verður ólétt næst?**

Sér Steinunn sig fyrir sér sem línumann það sem eftir er ferilsins? „Það er góð spurning. Hver verður ólétt næst og hvaða stöðu ég fæ," segir Steinunn hlæjandi.

„Ég held að ég verið línumaður eitthvað áfram. Ég hef gaman af því að vera í barningi. Ég tek þetta alvarlega og ég hata að tapa. Ég reyni líka að taka við öllum hlutverkum með jákvæðu hugarfari og leggja mig hundrað prósent fram," segir Steinunn.

Hún leggur áherslu á að staðan sé vissulega góð en það sé nóg eftir af mótinu. „Við þurfum að minna hver aðra á það að við erum langt frá því að hafa unnið eitthvað ennþá. Við þurfum að nýta þennan tíma vel í að styrkja okkur og halda keyrslunni áfram," segir Steinunn að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Njarðvík - Haukar 98-88**

**Stig Njarðvíkur**: Logi Gunnarsson 34, Stefan Bonneau 27, Jeremy Atkinson 11, Björn Kristjánsson 10/7 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 7/7 fráköst, Páll Kristinsson 3/6 fráköst, Jón Arnór Sverrisson 3/5 stolnir, Adam Eiður Ásgeirsson 3.

**Stig Hauka:** Sherrod Wright 33/9 fráköst, Emil Barja 19/7 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 11/7 fráköst, Kristján Leifur Sverrisson 8/7 fráköst, Finnur Atli Magnússon 7/6 fráköst/4 stoðsendingar, Hjálmar Stefánsson 5/6 fráköst, Breki Gylfason 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 12 | Njarðvík | 6 |
| KR | 10 | Haukar | 4 |
| Grindavík | 8 | ÍR | 4 |
| Tindastóll | 8 | Skallagrímur | 4 |
| Þór Þ. | 8 | Þór Ak. | 4 |
| Keflavík | 6 | Snæfell | 0 |

**Ekkert leiðinlegra en þegar leikmönnum er refsað fyrir að vera betri en aðrir. #dominos365**

Erna Lind Teitsdóttir
@elteitsdottir

**ÓLYMPÍUFARAR SNÚA AFTUR** Ragnheiður Ragnarsdóttir og Eva Hannesdóttir stinga sér til sunds á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug um helgina. Mótið fer fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði. Ragnheiður og Eva fóru báðar á Ólympíuleika á sínum tíma en hafa ekki keppt á undanförnum misserum. Eygló Ósk Gústafsdóttir er sú eina af íslensku keppendunum sem fóru á Ólympíuleikana í Ríó í sumar sem verður með á ÍM25. Hrafnhildur Lúthersdóttir og Anton Sveinn McKee verða ekki með um helgina.

**NÝI FYRIRLIÐINN FÓR MEÐ ÚT** Ívar Ásgrímsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta, valdi í gær þá tólf leikmenn sem mæta Slóvakíu ytra í undankeppni EM 2017 á laugardaginn. Gunnhildur Gunnarsdóttir, sem missti af síðasta leik Snæfells vegna höfuðmeiðsla, er leikfær og fór með til Slóvakíu. Gunnhildur tók við fyrirliðabandinu hjá íslenska liðinu af Helenu Sverrisdóttur. Hinar 18 ára gömlu Emelía Ósk Gunnarsdóttir og Thelma Dís Ágústsdóttir úr Keflavík eru í hópnum og leika því sinn fyrsta landsleik á laugardaginn. Sandra Lind Þrastardóttir er eini leikmaðurinn í hópnum sem spilar ekki í Domino's-deildinni en hún leikur með Horsholms 79'ers í Danmörku.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | RSM Classic | Golfstöðin |
| 19.00 | Stjarnan - Tindastóll | Sport |

**Olísdeild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | FH - Grótta | Kaplakriki |
| 19.30 | Fram - Afturelding | Framhús |
| 19.30 | Haukar - Selfoss | Ásvellir |

**Dominos-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | ÍR - KR | Seljaskóli |
| 19.15 | Snæfell - Skallagr. | Stykkish. |
| 19.15 | Stjarnan - Tindast. | Ásgarður |


ÚLPUDAGAR
20%
AFSLÁTTUR
AF ÚLPUM
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA
TIL MÁNUDAGS*
Í VERSLUNUM ÚTILÍFS
Kuldafatnaður frá:
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
HH
HELLY HANSEN
WHISTLER
ZIGZAG
hummel
ZO•ON
ICELAND
THE NORTH FACE
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Árangur Norðurlandaþjóðanna á árinu 2016

**Ísland**
**Árangur á EM:** 8 liða úrslit
**Sigurleikir á árinu:** 8
**Stig í undankeppni HM:** 7

**Svíþjóð**
**Árangur á EM:** Féll úr leik í riðlakeppni
**Sigurleikir á árinu:** 5
**Stig í undankeppni HM:** 7

**Danmörk**
**Árangur á EM:** Komst ekki á mótið
**Sigurleikir á árinu:** 5
**Stig í undankeppni HM:** 6

**Noregur**
**Árangur á EM:** Komst ekki á mótið
**Sigurleikir á árinu:** 3
**Stig í undankeppni HM:** 3

**Finnland**
**Árangur á EM:** Komst ekki á mótið
**Sigurleikir á árinu:** 0
**Stig í undankeppni HM:** 1

**Færeyjar**
**Árangur á EM:** Komst ekki á mótið
**Sigurleikir á árinu:** 2
**Stig í undankeppni HM:** 4



Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson fagnar mögnuðum sigri á Englandi í 16 liða úrslitum EM 2016 sem var kirsuberið á annars gómsætri köku sem árið var hjá strákunum okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Formlega krýndir kóngar norðursins

**Leikmenn íslenska karlalandsliðsins í fótbolta urðu að þjóðhetjum á árinu 2016. Liðið kvaddi þetta sögulega ár með sigri á Möltu í vináttuleik. Strákarnir okkar spiluðu fleiri leiki en nokkru sinni fyrr, unnu fleiri leiki en áður, komust á stórmót og slógu þar í gegn og eru langbesta lið Norðurlanda. Sjö ár eru síðan önnur Norðurlandaþjóð hafði annað eins forskot á þá næstu á styrkleikalista FIFA.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Þegar nýr styrkleikalisti Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, verður gefinn út í næstu viku verður íslenska landsliðið áfram í 21. sæti en þangað náði liðið í síðasta mánuði eftir sigra á Finnum og Tyrkjum. Það er jafnframt besti árangur liðsins í sögunni. Strákarnir okkar verða þar fyrir ofan fótboltastórveldið og fyrrverandi Evrópumeistara Hollands. Tímarnir svo sannarlega breyttir í boltanum.

Íslenska liðið verður áfram efst Norðurlandaþjóðanna. Réttara sagt verður það áfram langefst. Horfa þarf aftur um sjö ár til að finna annan eins mun á efstu Norðurlandaþjóðunum. Strákarnir okkar heilluðu fótboltaheiminn á árinu 2016 og verða á síðasta heimslistanum sem skiptir máli á þessu ári formlega krýndir kóngar norðursins.

### Á toppnum síðan í apríl

Á fyrsta heimslista ársins var Ísland í 36. sæti en hafði þá auðvitað ekkert spilað síðan í nóvember 2015. Strákarnir okkar voru þá tveimur sætum á eftir Svíum sem héldu toppsæti Norðurlandaþjóðanna fram í apríl. Ísland var þremur sætum á eftir Svíum í febrúar og fjórum sætum á eftir í apríl en í júní var íslenska liðið komið einu sæti á undan fyrrverandi lærisveinum Lars Lagerbäcks í sænska landsliðinu. Síðan þá hafa okkar menn verið efstir Norðurlandaþjóðanna.

Ísland tók afgerandi forystu eftir Evrópumótið þar sem íslenska liðið sló í gegn og náði alla leið í átta liða úrslit í frumraun sinni á stórmóti. Eftir fimm leiki af dramatík, gleði og smá sorg undir lokin var 22. sæti heimslistans staðreyndin í júlí og strákarnir okkar orðnir langefstir af Norðurlandaþjóðunum. Ísland var þá komið með 18 sæta forskot á Svíþjóð sem er eina landið í norðrinu sem hefur barist af alvöru við Ísland á heimslistanum á þessu ári.

Síðan í júlí hefur forskotið haldist örugglega. Strákarnir okkar voru 17 sætum á undan Svíum í ágúst, svo fjórtán sætum í september, aftur 18 sætum á undan í október og á næsta lista verður Ísland 20 sætum á undan Svíþjóð, næstu Norðurlandaþjóð á listanum. Ísland verður áfram í 21. sæti en Svíar í 41. sæti.

Þetta er mesti munur á tveimur efstu Norðurlandaþjóðunum í heil sjö ár eða síðan Danmörk var með 25 sæta forskot á Svíþjóð árið 2009. Danir voru þá í 16. sæti en Svíar í 41. sæti. Nú eru Danir fimm sætum á eftir Svíum í 46. sæti. Aðrar Norðurlandaþjóðir skipta vart máli í þessari baráttu og ljóst að íslenska landsliðið er búið að taka afgerandi forskot í norðrinu.

### Besta lið Norðurlanda á árinu 2016

| | Lið númer eitt | Sæti | Forskot | Lið númer tvö | Sæti |
|---|---|---|---|---|---|
| Janúar | Svíþjóð | 34 | 2 | Ísland | 36 |
| Febrúar | Svíþjóð | 35 | 3 | Ísland | 38 |
| Mars | Svíþjóð | 34 | 4 | Ísland | 38 |
| Apríl | Ísland | 35 | 1 | Svíþjóð | 36 |
| Maí | Ísland | 35 | 1 | Svíþjóð | 36 |
| Júní | Ísland | 34 | 1 | Svíþjóð | 35 |
| Júlí | Ísland | 22 | 18 | Svíþjóð | 40 |
| Ágúst | Ísland | 23 | 17 | Svíþjóð | 40 |
| September | Ísland | 27 | 14 | Svíþjóð | 41 |
| Október | Ísland | 21 | 18 | Svíþjóð | 39 |
| Nóvember | Ísland | 21 | 20 | Svíþjóð | 41 |

### Frábært ár að baki

Árið 2016 var svo sannarlega sögulegt og eftirminnilegt hjá strákunum okkar. Þeir spiluðu fleiri leiki en nokkru sinni fyrr, unnu fleiri leiki en áður og fóru í fyrsta sinn á stórmót þar sem þeir heilluðu heiminn. Ísland tapaði ekki sínum fyrsta leik í frumrauninni fyrr en það fékk skell gegn gestgjöfum Frakka á þjóðarleikvangi heimamanna í átta liða úrslitum en kirsuberið á 2016-kökunni verður alltaf sigurinn á Englendingum í Nice í 16 liða úrslitum mótsins.

Íslenska liðið skoraði í öllum landsleikjum ársins nema einum og kvaddi árið með stæl þegar „B“-liðið fékk tækifæri gegn Möltu í síðasta leik ársins og vann, 2-0. Heimir Hallgrímsson var búinn að tala um að hann vildi kveðja árið með stæl og það gerðu okkar menn.

Íslenskur fótbolti hefur aldrei verið meira áberandi, hver landsliðsmaðurinn á fætur öðrum tók næsta skref á sínum ferli og komst í betra lið og framtíðin virðist björt. Þeir sem óttuðust svo einhverja EM-þynnku þurftu ekki að hafa neinar áhyggjur því strákarnir okkar byrjuðu nýja undankeppni með látum og fengu sjö stig af níu mögulegum áður en kom að tapinu fyrir Króatíu í Zagreb.

### Áfram gakk eftir áramót

Svíþjóð er eina landið sem er með jafn mörg stig og Ísland í undankeppni HM 2018 enda leituðu þeir til Lars Lagerbäck til að hjálpa sér. Árið 2016 var svo sannarlega sögulegt því ekki bara var íslenska liðið frábært innan vallar heldur líka utan vallar. Segið það sem þið viljið um „víkingaklappið“ en það er frægasta stuðningsmannahróp heims í dag.

Tólfbomban hjá karlalandsliðinu á gamlárskvöld verður fegurri en nokkru sinni fyrr en svo er það áfram gakk á nýju ári.

# GJAFAHUGMYNDIR Í HEILSUHÚSINU!

GÓÐAR GJAFIR FYRIR HIN ÝMSU TÆKIFÆRI!




**Bók og allt í uppskrift**
Dásamleg uppskriftabók og hráefni í eina ómótstæðilega uppskrift á sérstöku tilboðsverði.
***Verð: 6.981 kr.***




**Benecos gjafasett**
Maskari, gloss og handáburður.
***Verð: 4.140 kr.***




**Snilldar vinagjöf á flottu verði!**
Biona lífrænt pasta og tvær tegundir af pestói.
*Áður: 1.881 kr.* ***Nú: 1.498 kr.***




**Það stenst enginn te og súkkulaði!**
Yogi te og Vivani súkkulaði í gjafasetti.
*Áður: 1.100 kr.*
***Nú: 929 kr.***



**Ilmolíulampar**
**Frábært verð – fjölbreytt úrval**
Matt gler með ljósi. ***Verð: 9.189 kr.***
Svartur og silfur. ***Verð: 7.589 kr.***
Keramik með ljósi. ***Verð: 9.989 kr.***
Viðaráferð. ***Verð: 7.189 kr.***




**Episilk serum**
Episilk serumið inniheldur 100% hreina hyaluronic sýru sem getur dregið verulega úr öldrunareinkennum. Án allra aukaefna, mýkjandi og endurnýjandi serum fyrir húðina að innan sem utan.
***Verð: 12.829 kr.***




**Aqua Oleum ilmkjarnaolíur**
Fullkomnar á aðventunni og jólunum. Mikið úrval.
***Verð frá: 1.120 kr.***

HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!

NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!




SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



Hjartans þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Elísu Steinunnar Jónsdóttur**
myndlistarmanns.

**Jón Gunnar Schram**
**Kári Guðmundur Schram** — **Íris Huld Einarsdóttir**
**Þóra Björk Schram** — **Gunnar Rafn Birgisson**
**Kristján Schram** — **Elizabeth Nunberg**
**barnabörn.**

---



Elsku sonur, faðir, bróðir, maki, fóstursonur, frændi og barnabarn,

**Mikael Jan Górski**

sem varð bráðkvaddur þann 11. nóvember verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

**Anna Izabela Górska**
**Kristel Mist Mikaelsdóttir**
**Sandra Natalia Gunnsteinsdóttir** — **Dagmara Misztela**
**Adrian Ari Górski** — **Ingibjörg Ósk Marinósdóttir**
**Gunnsteinn Þrastarson**
**Jan Górski**
**Eiríkur Haraldsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Vigdís Hallgrímsdóttir Nilsson**
kennari,
Karlsborgvägen 235, Märsta, Svíþjóð,

lést fimmtudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram í Märsta föstudaginn 2. desember.

**Lars Gustav Nilsson**
**Gustav Nilsson** — **Beate Nilsson**
**Sven Nilsson**
**Þorsteinn Hallgrímsson**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Sveins Jóhanns Þorlákssonar**
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilis Höfða fyrir einstaka alúð, umhyggju og umönnun.

**Hjördís Guðrún Hjörleifsdóttir**
**Petrún Berglind Sveinsdóttir** — **Grímar Teitsson**
**Guðmundur Andrés Sveinsson**
**Sonja Sveinsdóttir** — **Jens Heiðar Ragnarsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Rósa Björgvinsdóttir**
áður til heimilis að Grashaga 10, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 6. nóvember sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 13.30.

**Kristín Ólafsdóttir** — **Helgi Garðarsson**
**Björgvin Ólafsson**
**Magnús Ólafsson** — **Rut Bjarnadóttir**
**Þórir Ólafsson** — **Helga Guðmundsdóttir**
**Ólafur Jökull Ólafsson** — **Astrid Bleeker**
**Guðný Ólafsdóttir**
**Þengill Ólafsson** — **Margrét Ýr Flygenring**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður F. Helgadóttir**
frá Ísafirði,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. nóvember. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

**María Lúðvíksdóttir**
**Óli M. Lúðvíksson** — **Sigrún Sjöfn Helgadóttir**
**Jóna Lúðvíksdóttir** — **Jóhann Jóhannsson**
**Halldóra Lúðvíksdóttir** — **Hannes Ragnarsson**
**og afkomendur.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Gunnar Hafliðason**

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 30. október síðastliðinn.

Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey.

**Erna Álfheiður Hannesdóttir**
**Hafliði Jónsson** — **Sunna Reynisdóttir**
**Fannar og Steinar Hafliðasynir**

---



Faðir minn, afi, sonur og bróðir,

**Jón B. Sæmundsson**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 8. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju í dag, 17. nóvember, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilið á Akranesi.

**Þórhildur M. Jónsdóttir**
**Andri Snær Tryggvason**
**Orri Freyr Tryggvason**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Sigríður S. Sæmundsdóttir** — **Valgeir Sigurðsson**
**Halldóra Sæmundsdóttir** — **Ragnar Viktor Karlsson**
**Guðrún Sæmundsdóttir**
**Helgi Sæmundsson**
**og fjölskyldur.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sólrúnar Bentsýjar Jóhannesdóttur**
hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ,

sem lést föstudaginn 28. október síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Ísafold fyrir góða umönnun.

**Siggeir Stefánsson** — **Hrafngerður Ösp Elíasdóttir**
**Elsa Stefánsdóttir**
**Jóhannes Stefánsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Guðmundur Ellert Erlendsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli að morgni mánudagsins 7. nóvember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 21. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Kristín G. Guðmundsdóttir**
**Skarphéðinn Kristján Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Akureyrarkirkja var vígð sunnudaginn 17. nóvember árið 1940.**
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

ÞETTA GERÐIST 17. NÓVEMBER 1940

## Stærsta guðshús þjóðkirkjunnar er vígt

Akureyrarkirkja var vígð sunnudaginn 17. nóvember árið 1940 og var stærsta guðshús íslensku þjóðkirkjunnar. Hún var kennd við sálmaskáldið Matthías Jochumsson og nefnd Matthíasarkirkja.

Vígsluathöfnin var hátíðleg. Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands, framkvæmdi vígsluna. Viðstaddir voru Friðrik J. Rafnar vígslubiskup, tíu prestar og um 1.400-1.500 kirkjugestir.

Kirkjan var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins.

Í henni er meðal annars gluggi kominn úr kirkju í Coventry á Englandi sem var eyðilögð í síðari heimsstyrjöldinni.

Á svölum kirkjuskipsins eru lágmyndir eftir Ásmund Sveinsson og skírnarfontur kirkjunnar er gerður eftir fyrirmynd Bertels Thorvaldsen.

Altaristaflan í Akureyrarkirkju er úr fyrstu kirkjunni sem reist var á Akureyri árið 1863. Það var danski listamaðurinn Edvard Lehman sem málaði hana og var hún færð kirkjunni að gjöf árið 1867.

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**dr. Jónasar Bjarnasonar**
efnaverkfræðings.

**Kristín G. Hjartardóttir**
**Jónas Örn Jónasson** — **Kristín Lórey Guðlaugsdóttir**
**Kristófer Már Jónasson** — **Óliver Örn Jónasson**
**Kristian Þór Jónasson**

---



Okkar kæri bróðir, mágur og frændi,

**Þorbjörn Bergsteinsson**
frá Ási í Fellum,

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum 10. nóvember sl. Hann verður jarðsunginn laugardaginn 19. nóvember nk. kl. 11.00. Athöfnin fer fram frá Egilsstaðakirkju en jarðsett verður á Ási. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á styrktarsjóð HHF vegna Dyngju.

**Jón Bergsteinsson** — **Birna Stefánsdóttir**
**Ásta Magnúsdóttir**
**og systkinabörn**
**Guttormur, Óli og Bergsteinn Metúsalemssynir,**
**Margrét, Jón Rúnar og Bergsteinn Brynjólfsbörn,**
**Jón Steinar og Laufey Jónsbörn og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Þorvaldsdóttir**
Sjávargrund 12a, Garðabæ,

andaðist sunnudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 22. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Elín L. Egilson** — **Holger Torp**
**Sveinbjörn Á. Egilson**
**Þorvaldur S. Egilson** — **Aðalheiður Rúnarsdóttir**
**Guðríður Egilson**
**Þorsteinn Egilson** — **Eygló Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ÁSKRIFENDA LOTTERÍ 365
Dregið föstudaginn 16. desember
3X Tælandsferð fyrir 2
ALLIR SEM ERU ÁSKRIFENDUR AÐ SJÓNVARPSPÖKKUM 365 Í NÓVEMBER OG DESEMBER EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA GLÆSILEGA VINNINGA Í ÁSKRIFENDALOTTERÍI 365.
ÚRVAL ÚTSÝN
FYRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVO TIL TÆLANDS AÐ HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.
50 x HAGKAUP Skemmtilegast að versla
40.000 kr. gjafabréf í Hagkaup
2 x ICELANDAIR
100.000 kr. gjafabréf hjá Icelandair
200 x N1
10.000 kr. gjafabréf hjá N1
Skemmtipakkinn
Stóripakkinn
Sportpakkinn
Hvaða sjónvarpspakki hentar þér?
ÍSSKÁPA STRÍÐ
movies
tv shows
365 SJÓNVARP
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817 og þú ert komin/n í pottinn!
365
PIPAR\TBWA / SÍA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðan hvassviðri eða stormur, þéttur éljagangur og skafrenningur með litlu skyggni norðan til á landinu og einnig austanlands, en þurrt að mestu sunnanlands. Heldur hægari vestast um kvöldið. Víða vægt frost, en yfireitt frostlaust við ströndina.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -4° | -3° |
| ↓ 12 | ↓ 10 | ↘ 15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -1° | -8° |
| ↓ 13 | ↓ 15 | ↓ 15 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -1° |
| ↓ 12 | ↙ 11 | ↓ 11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 2° | -4° |
| ↓ 11 | ↘ 3 | ↓ 14 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skraf
6. eftir hádegi
8. ferð
9. kusk
11. nudd
12. heilan
14. úrskurður
16. ung
17. skel
18. hrópa
20. tveir eins
21. titra

**LÓÐRÉTT**
1. kvk. nafn
3. frá
4. aftóku
5. steinbogi
7. ómælisdjúp
10. nögl
13. angra
15. rifa
16. nálægt
19. til



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** eh, **8.** för, **9.** ryk, **11.** nú, **12.** allan, **14.** dómur, **16.** ný, **17.** aða, **18.** æpa, **20.** uu, **21.** riða.
**LÓÐRÉTT: 1.** vera, **3.** af, **4.** bönnuðu, **5.** brú, **7.** hyldýpi, **10.** kló, **13.** ama, **15.** rauf, **16.** nær, **19.** að.

### Skák Gunnar Björnsson



Sergey Karjakín (2.772) var í nauðvörn gegn Magnusi Carlsen (2.853) í fjórðu skák heimsmeistaraeinvígis þeirra. Hann fann snjallan leik sem dugði til jafnteflis.

**Hvítur á leik**

**46. Bd4!** Eftir þennan leik er engin leið fyrir svartan að komast í gegn. Magnus reyndi ítrekað og var jafntefli ekki samið fyrr en eftir 94 leiki. Staðan er nú 2-2. Fimmta skákin hefst í kvöld kl. 19.

**www.skak.is:** F3-kvöld. Hjörvar fer yfir hápunkta einvígisins.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## 25 ÁRA

# AFMÆLISVEISLA

**ÞAÐ ERU 25 ÁR SÍÐAN VIÐ OPNUÐUM FYRSTU 10-11 VERSLUNINA.**
**VIÐ FÖGNUM ÞVÍ MEÐ BRAGÐGÓÐUM TILBOÐUM. TAKK FYRIR OKKUR.**

GÓU FLORIDABITAR
**199** KR./PK.

KJÖRÍS MJÚKÍS 1 L
**349** KR./STK.

NÓA RJÓMASÚKKULAÐI
**249** KR./STK.

STJÖRNU OSTAPUFFS
**129** KR./STK.

GRÆNA KAKAN
**299** KR./STK.

COKE 1 L OG 3 HRINGIR
**899** KR.

Einungis í völdum verslunum

FRÓN PIPARKÖKUR
**299** KR./STK.

KRISTALL SÍTRÓNU 2 L
**199** KR./STK.

KIPPA AF PEPSI 2 L
**599** KR./STK.

KIPPA AF COKE 2 L
**799** KR./STK.

KIPPA AF APPELSÍNI 2 L
**799** KR./STK.

KIMS SALTSTANGIR
**129** KR./STK.

HARIBO STJERNE MIX
**299** KR./STK.

KJÖRÍS PINNAR
**299** KR./PK.

10 11

Gildir út nóvember, á meðan birgðir endast.

**REYKJAVÍK**
Laugalækur 9, Glæsibær, Austurstræti 17, Laugavegur 116, Lágmúli 7, Barónsstígur 4, Grímsbær, Héðinshús, Hjarðarhagi 47, Eggertsgata 24, Miklabraut 100, Kleppsvegur, Birkimelur 1, Bústaðavegur 20, Grjótháls 8, Suðurfell 4, Laugavegur 180, Við Vesturlandsveg, Borgartún 26, Bankastræti 11, Seljavegur 2

**KÓPAVOGUR**
Hjallabrekka 2, Dalvegur 20, Hagasmári 9

**HAFNARFJÖRÐUR**
Fjörður 13-15, Staðarberg 2-4, Melabraut 29, Reykjavíkurvegur 58

**GARÐABÆR**
Litlatún

**REYKJANESBÆR**
Hafnargata 55, Flugstöð Leifs Eiríkss., Fitjar

**AKUREYRI**
Kaupangur

**AKRANES**
Skagabraut 43

# netto

## Veislan byrjar hjá okkur




NAUTAHAKK
8-12% - 500G
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~
**691 KR PK**

HUMAR SKELBROT
1 KG BLANDAÐ
ÁÐUR: ~~3.898 KR/PK~~
**3.391 KR PK**







PÍTUBUFF 6X60 GR.
MEÐ BRAUÐI
ÁÐUR: ~~1.598 KR/PK~~
**1.199 KR PK**




LAMBAJAÐMASTEIK
ÚRBEINUÐ - FROSIN
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**2.398 KR KG**




HUMAR 2KG. ASKJA
ÁÐUR: ~~9.998 KR/PK~~
**8.798 KR PK**

## Grænkera skyndiréttir




GRANDIOSA PIZZUR
5 TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~789 KR/STK~~
**598 KR STK**




QUORN GRÆNKERA
SKYNDIRÉTTIR
- 4 TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~699 KR/PK~~
**499 KR PK**



ÝSUBITAR 1KG
ÁÐUR: ~~1.698 KR/PK~~
**1.579 KR PK**




KJÖTBOLLUR
FORSTEIKTAR 900G
**998 KR PK**




MYLLU KANILSNÚÐAR
25% MEIRA MAGN
ÁÐUR: ~~296 KR/PK~~
**296 KR PK**

## Jóladagatölin eru komin




SCHLEICH
JÓLADAGATAL
**3.989 KR STK**




SÚKKULAÐI DAGATÖL
VERÐ FRÁ:
**199-598 KR STK**

**Tilboðin gilda 17. – 20. nóvember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-40%

KJÖTSEL



BAYONNESKINKA
ÁÐUR: ~~1.996 KR/KG~~
**1.198 KR KG**



KALKÚNN HEILL - FROSINN
STÆRÐ: 4,6 KG, 5,4 KG, 6,6 KG, 7,2 KG
**998 KR KG**

*Ljúffengt og framandi*

-20%



DÁDÝRAVÖÐVAR
NÝJA SJÁLAND - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.198 KR KG**

-25%



DÁDÝRALUNDIR FROSNAR
ÁÐUR: ~~7.298 KR/KG~~
**5.474 KR KG**



KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR - FROSNAR
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
**1.998 KR KG**



ANDABRINGUR
FRANSKAR - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**2.698 KR KG**



ANDALEGGUR LÆRI
2 STK SAMAN - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~
**1.598 KR KG**



KLAKI 2L,
KOLSÝRT VATN - LIME - SÍTRÓNU
ÁÐUR: ~~169 KR/STK~~
**149 KR STK**

*Rauð vínber*

-50%



VÍNBER RAUÐ KG
ÁÐUR: ~~898 KR/KG~~
**449 KR KG**

*Frábæst úrval af jólasælgæti!*



MACKINTOSH
1.315 GR. DÓS
**1.999 KR STK**

CELEBRATIONS
DÓS 750 GR.
ÁÐUR: ~~2,398 KR/KG~~
**1.999 KR STK**

AFTER EIGHT
300 GR.
**499 KR STK**



„Ég þarf að æfa mikið og setja mig inn í tónlistina á alvöru hátt, sérstaklega ef ég hef ekki spilað hana áður. Það er engin styttri leið í boði,“ segir Víkingur Heiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sönn skemmtitónlist en erfið fyrir sveitina

**Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld mun píanistinn knái Víkingur Heiðar Ólafsson leika einleik í tveimur sjaldheyrðum verkum, Burleske eftir Richard Strauss og Capriccio eftir Ígor Stravinskíj.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er ansi krefjandi að spila tvo einleikskonserta í einu. Víst teldist nóg að spila annan hvorn því þeir eru ansi massífir en ákvörðunin um að flytja þá báða núna skrifast á mig. Ég þarf alltaf að finna einhver mörk sem mér finnst óþægileg í listinni og fara þangað ef ég get,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari um verkefnin sem bíða hans í kvöld með Sinfóníunni. Hann segir bæði verkin, Burleske eftir Richard Strauss og Capriccio eftir Ígor Stravinskíj, leiftrandi skemmtileg. „Stravinskíj er ímynd 20. aldarinnar í tónlist en Strauss alger rómantíker og maður 19. aldarinnar þó hann hafi lifað til 1949. Mér fannst upplagt að stilla þeim saman, þó þeir hefðu örugglega ekki verið hrifnir af því sjálfir, því þeim var lítið hvorum um annan gefið.“

Víkingur Heiðar á von á að fólk verði hissa þegar það heyrir þessi verk, þau séu svo geggjuð. „Þetta er sannkölluð skemmtitónlist en óvenju erfið fyrir hljómsveitina,“ segir hann. „Í raun eru fjölmargir sólóistar í Stravinskíj-verkinu. Þetta er eins og stór og villt og stórskrítin en æðisleg djamsession. Strauss vissi hins vegar aldrei sjálfur hvað honum ætti að finnast um verkið sitt, píanistinn sem hann samdi það fyrir var ekkert sérstaklega ánægður með það – en píanistar vita nú yfirleitt ekkert hvað þeir eru að tala um! Seinna á ævinni fór Strauss að stjórna þessu verki, þannig að hann sættist við það þegar hann var kominn undir sjötugt.“

## Efnisskrá tónleikanna

**Haukur Tómasson –** From Darkness Woven
**Richard Strauss –** Burleske
**Ígor Stravinskíj –** Capriccio
**Ígor Stravinskíj –** Eldfuglinn, svíta

Hljómsveitarstjóri er **Yan Pascal Tortelier**

Um hin verkin á dagskránni segir píanistinn: „Ég þekki Eldfuglinn vel, ótrúlegt að hann sé eftir sama mann og Capriccio sem ég spila. Hauks verk hef ég ekki heyrt en er spenntur. Haukur er einn af mínum uppáhaldsmönnum. Ég er að fara að frumflytja eftir hann píanókonsert í Eldfílharmóní í Hamborg, nýjasta tónlistarhúsinu í Þýskalandi, og spila þann konsert líka í Los Angeles á Íslandshátíð í apríl.“

Nóg virðist fram undan hjá honum Víkingi Heiðari. „Það er dálítið yfirþyrmandi hvað ég hef sagt já við mörgum stórum verkefnum úti um allar trissur á nýju ári,“ viðurkennir hann. „En ég hef góðan æfingartíma í desember. Þá er ég bara að spila á einum tónleikum, þeir eru í Tyrklandi á Þorláksmessu. Tek flug klukkan þrjú um nótt til að komast heim fyrir klukkan sex á aðfangadagskvöld.“

**Í RAUN ERU FJÖLMARGIR SÓLÓISTAR Í STRAVINSKÍJ-VERKINU. ÞETTA ER EINS OG STÓR OG VILLT OG STÓRSKRÍTIN EN ÆÐISLEG DJAMSESSION.**

Meðal þess sem hann hlakkar til á nýju ári er að spila í Vín og Berlín í flottum tónlistarhúsum og líka að leika undir stjórn Ashkenazy í Tókýó, með aðalhljómsveitinni þar. „Ég ber ótakmarkaða virðingu fyrir Ashkenazy,“ lýsir hann. „Mér þykir gott að vinna aftur og aftur með fólki sem mér er kært, það myndast dýpra samband í músíkinni en þegar maður æfir með einhverjum í þrjá daga og svo ekki meir, þó það geti verið spennandi.“

# Hver ræður raunveruleikanum?

**BÆKUR**

**Kompa**
★★★☆☆

**Sigrún Pálsdóttir**
**Smekkleysa**
**166 bls.**
**Oddi**

**Kápa:** Sigrún Pálsdóttir/Egill Baldursson

Ung kona vinnur að doktorsritgerð í listfræði. Henni hefur verið úthlutað verkefni, að skoða gamalt handrit að dagbók listamanns til að reyna að komast á snoðir um eitthvað áður óþekkt í sambandi við lífshlaup hans. Hún gerir stórbrotna uppgötvun og vinnur næstu árin að því að byggja ritgerðina kringum þessa uppgötvun en þegar hún ætlar að reka smiðshöggið á ritgerðina rekst hún á staðreynd í textanum sem gerir það að verkum að öll vinnan er unnin fyrir gýg, raunveruleikinn sem hún hélt að hún væri að vinna með reynist ekki réttur og þar með fer hún að efast um allan raunveruleika, ekki hvað síst sinn eigin.

Raunveruleikinn er til umfjöllunar, hvernig er hann, hvernig túlkum við hann, hvernig skynjum við hann og hvers skynjun á raunveruleikanum er sú rétta? Í sögunni og sagnfræðinni er það alltaf eitt sjónarhorn sem verður ofan á en í samtímanum getur allt gerst og allar túlkanir verið sú rétta. Söguhetjan glímir við raunveruleikann og missir oft tökin á honum, í örvæntingu reynir hún að búa til atburðarás, samtöl og jafnvel persónuleika fólksins í kringum sig til að hafa einhver tök á því sem er raunverulegt, sem er að gerast og sjálfri sér. Minnið og túlkun þess kemur einnig við sögu sem og túlkun okkar á því sem á einhverju skeiði eru „staðreyndir“ og svo því hvernig hægt er að hagræða þessum „staðreyndum“ þannig að þær verði okkur í hag.

Bókin er full af táknum, þannig er mikið rótað í ruslafötum, endurvinnslugámum og gömlum bókum og tímaritum til að leita að gögnum og sannindum, leikið er með merkingu orðsins kompa sem getur bæði verið minnisbók og lítið geymsluherbergi en hvort tveggja leikur stórt hlutverk í sögunni og þannig mætti lengi telja.

Kompa er ekki einföld skáldsaga með línulegum söguþræði og skilgreindu plotti. Þetta er samt spennusaga að því leyti að það tekur lesandann drjúga stund að finna út úr því hvað raunverulega gerðist á bókasafninu þennan örlagaríka dag. Þetta er líka skáldsaga um að missa tökin, á lífi sínu, á verkefnunum sínum, á umhverfinu, á sjálfri sér. Sem slík er hún ekki alltaf einföld aflestrar og mikið flett fram og til baka til að rifja upp hvað gerðist, hverjar „staðreyndirnar“ eru, þangað til lesandinn gefst upp og leyfir




textanum að bera sig áfram, án þess að gera til hans línulegar kröfur.

Bókin er vel stíluð og textinn dregur upp fallegar myndir sem verða stundum óhugnanlegar, aðallega samt af því að lesandinn skilur ekki alltaf hvernig þær passa við söguframvinduna. Ýmisleg skemmtileg stílbrögð má nefna, til dæmis hvernig höfundur skráir samtal í stórum vinkvennahópi.

Sigrún Pálsdóttir skrifar hér sína fyrstu skáldsögu en áður hefur hún skrifað bækur sem einmitt byggja á sagnfræðilegum heimildum og hafa notið mikilla vinsælda og viðurkenninga. Hér leikur hún sér að dyggum lesendum sínum með því að efast um gildi heimilda og benda á vald túlkandans.

Þannig er saga fræðikonunnar ungu saga okkar allra sem reynum að gefa brotunum úr lífi okkar og annarra merkingu og hversu brothætt sú merking getur verið.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Kompa er falleg bók, súrrealísk á köflum, skemmtilega hversdagsleg á öðrum, sannarlega virði þeirra stunda sem fara í að lesa hana.

ALLT EÐA EKKERT EFTIR NICOLA YOON

SKRÍMSLIÐ KEMUR EFTIR PATRICK NESS

# ÁST & SKRÍMSLI!

STUNDUM ER NAUÐSYNLEGT AÐ GERA EITTHVAÐ ALGJÖRLEGA KLIKKAÐ – JAFNVEL LÍFSHÆTTULEGT – FYRIR ÁSTINA!

*„Ég bara gat ekki lagt bókina frá mér ... Ef þú hreifst af Skrifað í stjörnurnar (The Fault in Our Stars) þá er þetta bók fyrir þig.“*
The Guardian

****1/2 Goodreads
****1/2 amazon.co.uk
****1/2 amazon.com




*„Hreint út sagt æðisleg bók.“*
New York Times




*„Algjörlega einstök.“*
Daily Mail

SKRÍMSLIÐ BIRTIST RÉTT UPP ÚR MIÐNÆTTI. EINS OG ÞAU GERA YFIRLEITT. EN ÞETTA ER EKKI ÓFRESKJAN SEM CONOR HÉLT AÐ KÆMI.

*„Framúrskarandi“* The Times

*„Svona á að segja sögur! Átakanleg, falleg og stórfengleg.“* – The Guardian

BJARTUR

# Ég get varla hugsað mér betra kompaní en Jónas

## Sigurður Pálsson hlaut í gær, á Degi íslenskrar tungu, verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Af því tilefni birtir Fréttablaðið hér þakkarávarp Sigurðar frá því í gær með góðfúslegu leyfi skáldsins.

**Forseti Íslands, menntamálaráðherra, góðir gestir.**

*Eilífur snjór í augu mín*
*út og suður og vestur skín,*
*samur og samur inn og austur,*
*einstaklingur, vertu nú hraustur!*

*Dauðinn er hreinn og hvítur snjór,*
*hjartavörðurinn gengur rór*
*og stendur sig á blæju breiðri,*
*býr þar nú undir jörð í heiðri.*

*Víst er þér, móðir, annt um oss.*
*aumingja jörð með þungan kross*
*ber sig það allt í ljósi lita,*
*lífið og dauðann, kulda og hita.*

Þetta er kvæðið Alsnjóa eftir Jónas Hallgrímsson.

Vettvangur ljóðsins er teiknaður upp í fyrsta erindinu með vísan í höfuðáttirnar, út og suður, vestur, austur, sem bendir til þess að ljóðið ætli sér að vera altækt ef svo má segja. Það reynist enda rétt, niðurlagið nefnir beinlínis mikilvægustu andstæður lífs okkar á jörðinni: lífið og dauðann, kulda og hita.

Ég hef lengi haldið sérstaklega upp á þetta ljóð. Einna skemmtilegust hefur mér alltaf þótt upphrópunin í fjórðu línu: Einstaklingur, vertu nú hraustur!

Þetta er óvenjulegt ljóð, merking sumra atriða ekki alveg augljós. Félagar Jónasar í Fjölni voru hálfklumsa yfir því. Um það hafa verið skrifaðir fjölmargir áhugaverðir túlkunartextar. Hver er hann til dæmis þessi hjartavörður sem gengur rór í sjöttu línu? Það atriði eins og ljóðið í heild sinni er opið fyrir túlkunum. Þetta er sem sagt texti sem hefur ekki bara eina ótvíræða merkingu. Þarna fær hin skáldlega vídd tungumálsins að njóta sín. Eins og gjarnan í alvöru bókmenntatextum byggist allt á blæbrigðum, margræðri merkingu orðanna, hugrenningatengslum og tilfinningatengslum.

Eins og aðrir Íslendingar er ég alinn upp af Jónasi, lærði ljóð hans utanað eins og önnur börn. Jónas varð mér fljótlega nákomnari en önnur skáld, það mynduðust tilfinningatengsl við ljóðin og manninn. Mér þótti vænt um ljóð hans og persónuna sem þau birtu, einkum vangasvipinn alþekkta.

Þegar ég skrifaði Bernskubók um uppvöxtinn á norðausturhorni landsins reyndi ég meðal annars að finna svar við eftirfarandi spurningu: hvernig mótast skynjun barns? Náttúra eða menning, hvort kemur á undan. Ég komst að því að skynjun á náttúrunni og ljóðtextum Jónasar hafði snemma runnið saman í eitt. Varð ekki sundur greint né slitið. Málvitund, náttúruvitund mótuðust saman.

Smávinir fagrir, foldarskart mótuðu skynjun á fjölbreytilegum blómum sem vöktu aðdáun barnsins og sú náttúruskynjun kveikti næmari tilfinningu fyrir ljóðlínunum:

*Smávinir fagrir, foldarskart,*
*fífill í haga, rauð og blá*
*brekkusóley, við mættum margt*
*muna hvort öðru að segja frá.*

Málvitund kveikti náttúruvitund sem upptendraði síðan málvitundina og þannig hélt hún áfram þessi dásamlega hringekja.

*Vorið góða grænt og hlýtt*
*græðir fjör um dalinn,*

Þessar línur búa til skynjun á fagnaðartilfinningunni þegar vorar og birtir og gróðurinn kviknar. Það er kominn farvegur fyrir tilfinningu fyrir náttúrunni. Og áfram heldur Vorvísan:

*allt er nú sem orðið nýtt*
*ærnar, kýr og smalinn.*

Endurnýjun, fögnuður yfir endurnýjun. Og það mikilvægasta hjá Jónasi og Fjölnismönnum er vissulega endurnýjun tungumálsins, það er ekki bara ærnar, kýr og smalinn sem eru orðin sem ný, heldur tungumálið og skáldleg vídd þess, ljóðlistin.

Oft er Jónas bestur í hárnákvæmum einfaldleika þar sem stefnt er að kjarna tilfinningar og tungumáls.

Skoðum tvær alþekktar ljóðlínur þar sem hann tekur nokkur einföld orð og lætur reyna á þau. Ekkert nema sáraeinföld orð, þ.e.a.s. lýsingarorðin glaður og góður – nafnorðin vinur, fundur, gleði, von, brá – sögnin að skína ...

*Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur*
*er gleðin skín á vonar hýrri brá*

Með þessum einföldu orðum náði þessi meistari inn í kjarna góðviljaðrar gleði, lífsgleðinnar og þessum kjarna miðla þessar alkunnu ljóðlínur í stórkostlegum einfaldleik sínum.

Það er hljómur og það er rými í þessum línum, inngróinn í vitund allra Íslendinga sem gleðjast saman.

Og það sem öllu skiptir er hugljómun hátíðarinnar sjálfrar, mannfagnaðarins, hugljómun söngsins, hugljómun dansins.



Sigurður Pálsson hefur verið unnandi verka Jónasar allt frá því í æsku. Í gær veitti hann viðtöku verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **SÁ SEM Á SÉR MÓÐURMÁL SEM FÁIR SKILJA ER Í ÞEIRRI EFTIRSÓKNARVERÐU STÖÐU AÐ NEYÐAST TIL ÞESS AÐ LÆRA ÖNNUR TUNGUMÁL. SÚ NAUÐUN ER BÆÐI LJÚF OG GEFANDI.**

> **LÝÐRÆÐISLEGT ÞJÓÐFÉLAG HEFUR TRÚ Á SAMTALI, LÝÐRÆÐISLEGT ÞJÓÐFÉLAG GERIR RÁÐ FYRIR SKAPANDI NOTKUN TUNGUMÁLSINS, STENDUR GEGN EINVÍDDARNOTKUN ÞESS, FAGNAR FJÖLBREYTILEIKA OG SKÁLDLEGRI VÍDD TUNGUMÁLSINS.**

Þarna er engin ráðning á neinni gátu annarri en þeirri aðdáunarverðu, heilögu lífsgátu sem felst einmitt í unaði hljómfallsins, tónanna, rýtma líkamans.

Það er nefnilega eitthvað af helgi lífsins sjálfs fólgið í dansi, fólgið í söng, eitthvað sem tengist þeirri ljúfu skyldu að örva lífsgleðina.

Stundum heyrist kvartað yfir því að íslenskan sé hálfómerkilegt tungumál af því að það séu svo fáir sem nota það. Í raun er þetta mikil blessun eða getur verið það.

Sá sem á sér móðurmál sem fáir skilja er í þeirri eftirsóknarverðu stöðu að neyðast til þess að læra önnur tungumál. Sú nauðung er bæði ljúf og gefandi.

Að læra önnur tungumál skapar möguleika á fjölbreyttara viðhorfi til veraldarinnar og fjölbreytileiki vinnur gegn hvers kyns einsleitni.

Þetta er lykilatriði. Því einsleitni er ekki bara hvimleið og óspennandi, hún er hættuleg, hún getur leitt til einangrunar, ótta og haturs.

Með því einu að læra erlend tungumál setjum við okkur í annarra spor og getum þannig skilið þá dýpri skilningi.

Tungumálanámi fylgir ekki bara nýr orðaforði heldur annar hugsunarháttur, annar minningaforði, önnur heimssýn, annað menningarkapítal.

Það hljómar ótrúlega í eyrum útlendinga, þegar ég segi þeim að ég hafi lært frönsku sem fimmta erlenda skyldutungumálið, til stúdentsprófs. Danska, enska, latína, þýska og franska. Ekkert val. En þessi tungumálakennsla var mikilvæg vegna þess að hún rauf einangrun. Einangrun er það versta sem getur komið fyrir Ísland og það að læra önnur tungumál er ávísun á skilning á öðrum menningarheimum.

Í sambandi við tungumálanám mitt í menntaskóla er annað atriði sem vert er að veita athygli. Hjá mörgum tungumálakennurunum var gerð sú krafa að þýðing væri nothæfur texti, ekki bara bókstafsþýðing. Og hvað leiðir af því?

Af því leiðir að nám í erlendum tungumálum var jafnframt nám í íslensku. Þarna var íslenskan látin dansa við erlendar yrðingar. Þetta leiðir hugann að þeirri staðreynd að þýðendur eru lykilfólk í skapandi notkun tungumálsins. Til þess að skilja eiginleika texta og tungumáls djúpum skilningi er ekkert betra til en þýðingarstarf.

Á vettvangi tungumálsins eru alltaf í gangi hörð átök milli einsleitni og fjölbreytni.

Alls kyns þjóðfélagsöfl, hugmyndafræðileg, pólitísk, hernaðarleg, efnahagsleg ... öll berjast þessi öfl fyrir sínu eigin sjónarhorni á merkingu orða og hugtaka, berjast fyrir sinni einsleitu merkingu. Ýkt mynd þessa kom fram í newspeak í skáldsögu Orwells og í raunveruleikanum í Þýskalandi nasismans og Sovétríkjunum.

Og þarna erum við sannarlega komin að samfélagslegu mikilvægi fjölbreytileika í notkun tungumála.

Hin skáldlega vídd tungumálsins vinnur gegn einsleitni, hún eykur trúna á samræður og samtal sem frumforsendu lýðræðis.

Með því að berjast fyrir hinni skáldlegu vídd tungumálsins þannig að fólk verði virkir notendur, skapandi lesendur og túlkendur tungunnar og jafnframt með því að læra önnur mál, með öllu þessu erum við ekki bara að berjast gegn hinni eitruðu einsleitni heldur í raun beinlínis að hjálpa til við að byggja upp lýðræðislegt samfélag.

Við þurfum nauðsynlega að velta fyrir okkur þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi undanfarin ár.

Nú býr á Íslandi fólk af margs konar uppruna sem talar mörg tungumál. Sá fjöldi fer stöðugt vaxandi. Þurfum við kannski að huga betur að samtali milli þeirra og okkar? Það er einungis með samtali og jákvæðri forvitni sem við leysum þau vandamál sem upp koma. Við verðum að viðurkenna að hér eru fleiri tungumál töluð en íslenska. Það þýðir alls ekki að við afsölum okkur einu eða neinu. Alls ekki. Áfram verður íslenska notuð á öllum sviðum þjóðfélagsins. Áfram þarf að leggja höfuðáherslu á að innflytjendur læri íslensku þannig að þeir geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. En við skulum ekki krefjast þess að þeir tali strax gullaldarmál eða sitji ella þegjandi. Enginn má híma mállaus úti í horni.

Reynsla annarra þjóða sýnir að það einangrar börn innflytjenda alls ekki að læra tungumál foreldranna, þvert á móti, það gerir þau hæfari og virkari að tala tvö tungumál. Enda er það fyrsta skrefið til þess að læra þrjú, fjögur og fimm tungumál.

Við erum stolt af því hvað Vestur-Íslendingar sýndu íslenskunni mikla ræktarsemi. Að þeim skyldi takast að viðhalda tungumálinu í nokkrar kynslóðir. Við skulum muna eftir þessu þegar við tölum um innflytjendur.

Vitanlega þurfa þeir að læra íslensku, það er og verður lykilatriði. En gleymum því ekki að þá kann að langa til að viðhalda sínu tungumáli einnig og börn þeirra fái notið þeirrar tungu, geti skynjað allan fínvefnaðinn í því tungumáli.

Kannski getum við líka lært ýmislegt af innflytjendum, meira en okkur grunar. Þá er fyrsta skrefið að sýna þeim áhuga, forvitnast um þeirra hag og hugmyndir og reynslu.

Eiga við þá samtal. Allt byrjar á samtali, ekkert hefst án þess.

Lýðræðislegt þjóðfélag hefur trú á samtali, lýðræðislegt þjóðfélag gerir ráð fyrir skapandi notkun tungumálsins, stendur gegn einvíddarnotkun þess, fagnar fjölbreytileika og skáldlegri vídd tungumálsins.

Og að lokum, síðast en ekki síst langar mig til að þakka fyrir þessi verðlaun með hógværu stolti, ég get varla hugsað mér betra kompaní en Jónas Hallgrímsson. Verðlaun sem kennd eru við hann gleðja mig mjög. Vorið 1962 var ég fermdur heima á Skinnastað í Norður-Þingeyjarsýslu, í lok júlí um sumarið varð ég 14 ára og fékk þessa litlu bók í afmælisgjöf. Úrval ljóða Jónasar. Um haustið fór ég svo að heiman til náms í Reykjavík. Þessi bók hefur reynst mér afbragðs ferðafélagi í gegnum lífið og alveg sérstaklega síðustu tvö ár. Hjartans þakkir fyrir mig.

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




FÓLK Á FJÖLLUM
**4.549 KR**




ANDLIT NORÐURSINS
**13.649 KR**




ÚTKALL: KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
**4.549 KR**




BAKAÐ ÚR SÚRDEGI
**3.499 KR**




HREINT Í MATINN
**3.184 KR**




OG AFTUR DEYR HÚN
**3.499 KR**




ÓMINNI
**4.199 KR**




SVARTI GALDUR
**4.549 KR**




ÚLFUR OG EDDA DÝRGRIPURINN
**3.359 KR**




VONDA FRÆNKAN
**3.149 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. - 20. nóv**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# BÍÓ



Amy Adams í hlutverki sínu sem málvísindasérfræðingurinn Louise Banks. Henni tekst að eigna sér alla myndina áreynslulaust og gefa henni mikla sál.

# Mannleg geimverusaga með ferskan vinkil

KVIKMYNDIR

**Arrival**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Denis Villeneuve
**Framleiðendur:**
**Handrit:** Eric Heisserer
**Kvikmyndataka:** Bradford Young
**Tónlist:** Jóhann Jóhannsson
**Leikarar:** Amy Adams, Jeremy Renner, Forrest Whitaker

Það má alltaf fagna því þegar gerðar eru vandaðar vísindaskáldsögur sem miða hátt og nota heilann. Arrival er á marga vegu einstök geimverumynd, lítil og manneskjuleg saga sem býr yfir eitthvað af þeim hráefnum sem útbúa góða, snjalla „sci-fi" mynd; stórar hugmyndir, athyglisverðan ágreining, erfiðar ákvarðanir og grunnhugmynd sem grípur.

Tólf geimskip taka sér stöðu á jörðinni. Viðbrögð jarðarbúa eru að ná sambandi við geimverurnar en þar sem við tölum augljóslega ekki tungumálið þeirra getur það reynst snúið. Louise Banks, einn helsti málvísindasérfræðingur Bandaríkjanna, er kölluð á svæðið til að reyna að skilja geimverurnar og komast til botns í því hvað þær vilja. En þá er spurning hvort tíminn sé með þeim og brátt vex spennan og óttinn á meðal jarðarbúa.

Hérna skiptir öllu máli hvaða væntingar áhorfandinn gerir sér fyrirfram. Arrival á meira sameiginlegt með myndum á borð við Close Encounters of the Third Kind og Contact frekar en nokkurn tímann Independence Day. Búist menn við einhverjum hasar er það ávísun á langdregna fýluferð.

Hin yfirleitt áreiðanlega Amy Adams leikur Louise og fær alveg að skína í þessu hlutverki. Ekki bara eignar hún sér alla myndina áreynslulaust heldur gefur hún henni mikla sál. Jeremy Renner, Forrest Whitaker og Michael Stuhlbarg eru einnig hörkugóðir í tilþrifaminni hlutverkum.

Það er nóg af trúverðugum og spennandi tilfinningasveiflum, en almennt er ekki mikið í persónurnar spunnið. Meira er lagt upp úr ráðgátunni og pælingunum í kringum hana frekar en að setja persónusköpun í forgrunn. Heildarmyndin líður fyrir þetta, sérstaklega þegar innihaldið ristir ekkert sérlega djúpt og endurtekur sig örlítið of mikið.

Arrival vekur hins vegar upp áhugaverðar umræður, spilar með ferska vinkla og lokkar með forvitnilegri framvindu, lágstemmdri spennu og sterkri umgjörð. Hér er líka á ferðinni kvikmynd sem gerir sér alveg grein fyrir því að minna getur oft verið meira.

Leikstjórinn Denis Villeneuve hefur margsannað sig núna sem fagmaður þegar kemur að andrúmslofti og tilfinningaspennu. Fyrri myndir hans (t.d. Prisoners, Enemy og Sicario - sem eru allar frábærar) eru að vísu svartsýnni í tóni heldur en Arrival, þar sem hann leyfir sér að vera blíðari, en allar eiga það sameiginlegt að glíma við einhvers konar örvæntingu eða vaxandi óhugnað.

Kvikmyndataka og tónlist hefur staðið upp úr í myndum leikstjórans. Þar er Arrival engin undantekning. Tónar Jóhanns Jóhannssonar ná einstaklega vel að innsigla dulúðina, drungann og ekki síður fegurðina sem fylgir hér með þeirri stemningu sem tökumaðurinn Bradford Young á einnig stóran þátt í að skapa. Klipping, hönnun, hljóðvinnsla og brellur eru sömuleiðis í háum gæðaflokki.

Það eru fleiri skýringar í handritinu en þörf voru á og framvindan er ekki laus við gloppur, en myndin snýst hvort sem er meira um að vekja upp spurningar um mannlega eðlið heldur en að kafa dýpra í hugmyndirnar og þemun. En þó svo að Arrival sé ekki allra er alveg ljóst að erfitt er að finna annað í líkingu við hana, sem er gott.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Það vantar meiri dýpt í innihaldið en Arrival er þrátt fyrir það nokkuð einstök geimverusaga. Vandað, vel leikið drama sem daðrar við stórar hugmyndir.

## Frumsýningar



**FLÖSKUSKEYTI FRÁ P**
Glæpa- og spennutryllir
Aðalleikarar: Nikolaj Lie Kaas, Fares Fares, Pål Sverre Hagen, Amanda Collin, Jakob Ulrik Lohmann, Søren Pilmark, Jakob Oftebro
Frumsýnd: 18. nóvember
IMDb: 7,0
Rotten Tomatoes: 100%



**FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM**
Fjölskyldu- og ævintýramynd
Aðalleikarar: Eddie Redmayne, Ezra Miller, Colin Farrell, Ron Perlman, Jon Voight, Gemma Chan, Christine Marzano, Katherine Waterston, Dan Fogler, Samantha Morton, Carmen Ejogo, Lasco Atkins
Frumsýnd: 18. nóvember
IMDb: 8,5
Rotten Tomatoes: 88%



**SHUT IN**
Drama- og spennutryllir
Aðalleikarar: Naomi Watts, Jacob Tremblay, Oliver Platt, David Cubitt
Frumsýnd: 18. nóvember
IMDb: 4,9

#styttumsvartnættið

Árlega leita 330 nýir einstaklingar til Stígamóta

Þú getur gerst mánaðarlegur styrktaraðili á **stigamot.is**
Fylgstu með á **Stöð 2** 18. nóvember

STYTTUM SVARTNÆTTIÐ!
Stígamót

PIPAR\TBWA \ RAFAEL PINHO \ KUKL \ MEDIALUX

# Ljúffengir jólaréttir á veitingastaðnum



Sama frábæra verðið þriðja árið í röð!

**1.295,-**

**Kalkúnn og meðlæti**



**1.295,-**

**NÝTT Hamborgarhryggur og meðlæti**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
FANTASTIC BEASTS 9
HACKSAW RIDGE 12
ARRIVAL 12
BRIDGET JONES'S BABY 12

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | 6, 9 |
| HACKSAW RIDGE | 8 |
| ARRIVAL | 8, 10.45 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 10.30 |
| DOCTOR STRANGE | 5.30 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Frá J.K. Rowling, höfundi Harry Potter.
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ THE GUARDIAN
100%
FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM
Stórkostleg og töfrandi fjölskylduskemmtun.

MICHAEL FASSBENDER ALICIA VIKANDER RACHEL WEISZ
THE LIGHT BETWEEN OCEANS
ENTERTAINMENT WEEKLY OBSERVER
Byggð á samnefndri metsölubók

LOS ANGELES TIMES CHICAGO SUN TIMES
THE ACCOUNTANT

BENEDICT CUMBERBATCH CHIWETEL EJIOFOR TILDA SWINTON
"FLAT OUT COOL" THE WRAP
ENTERTAINMENT WEEKLY EMPIRE
MARVEL STUDIOS DOCTOR STRANGE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 4 - 5 - 7 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 4 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:45 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:10 - 7 - 10:40 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:10 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 9 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 11:45 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SMÁRABÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ
Allt Smárabíó Háskólabíó Væntanlegt
Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is
Kaupa miða


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**17. NÓVEMBER 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Víkingur Heiðar og Tortelier
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Richard Strauss og Ígor Stravinskíj teljast með helstu tónjöfrum 20. aldar. Hér hljóma sjaldheyrð verk þeirra fyrir píanó og hljómsveit, Burleske og Capriccio, hvort tveggja eins konar skemmtimúsík full af glensi og fjöri. Strauss var ekki nema tuttugu og eins árs gamall þegar hann samdi Burleske en það verk var alla tíð í miklum metum hjá tónskáldinu sem jafnvel taldi það með sínum bestu verkum; nú hljómar það á tónleikum á Íslandi í fyrsta sinn. Capriccio Stravinskíjs frá árinu 1929 er sömuleiðis glettin tónsmíð sem minnir jafnvel á Poulenc.

**Hvað?** Djassveisla - Kristjana syngur Ellu
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hannesarholt
Djassveisla í Hljóðbergi fyrir öll skilningarvit. Kristjana syngur standarda Ellu Fitzgerald ásamt Jóeli Pálssyni á saxófón, Kjartani Valdimarssyni á flygilinn og Þórði Högnasyni á bassa. Dásamlegur jólaplatti borinn á borð og gestir njóta matar og tónlistar fram eftir kvöldi. Takmarkaður sætafjöldi, miðar aðeins seldir í forsölu.

**Hvað?** Tónlist og forritun fyrir 9-13 ára
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Menningarhús Gerðubergi – Borgarbókasafn
Boðið er upp á eins dags námskeið fyrir krakka á aldrinum 9-13 ára í tónlist og forritun í B-sal á 2. hæð í Gerðubergi í nóvember. Kennslan er í höndum Kóder. Markmiðið með því er að kynna forritun fyrir krökkum í gegnum tónlist. Við lærum að forrita okkar eigin tónlist eða tónlist sem við þekkjum með tónlistarforritinu SonicPi. Þátttakendur þurfa ekki að eiga tölvu til að taka þátt. Kóder-samtökin útvega þátttakendum nauðsynlegan útbúnað. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur, en nauðsynlegt er að skrá sig á námskeiðið í síma 411 6175.

**Hvað?** MoR í Græna herberginu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Dúettinn MoR heldur tónleika í Græna herberginu. Dúettinn skipa þau Róbert Þórhallsson bassaleikari og Margrét Eir söngkona. Það er langt síðan dúettinn hélt tónleika síðast. Þau gáfu út plötuna MoR Duran árið 2004 sem vakti mikla athygli meðal annars í Bandaríkjunum. Þessi sérstaki diskur inniheldur eingöngu lög eftir þá félaga í hljómsveitinni Duran Duran.

**Hvað?** Hrafnar þjóðlagasveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hrafnar er hljómsveit sem samanstendur af fimm þaulreyndum hljóðfæraleikurum úr Vestmannaeyjum sem flytja sín eigin lög og tökulög en umfram allt er dagskipunin grín, glens og gaman.

**Hvað?** Shades of Reykjavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Shades of Reykjavík gaf út sýna fyrstu plötu í desember á seinasta ári ásamt því að hafa gefið út yfir 25 tónlistarvídeó síðastliðin ár. Shades ætlar koma til Akureyrar í fyrsta sinn og gera allt vitlaust á Græna hattinum. Hljómsveitin mun spila plötuna ásamt nýju og gömlu góðu efni.

## Uppákomur

**Hvað?** Bolungarvík - Á tæpasta vaði
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Félagsheimilið Bolungarvík, Aðalstræti 24, Bolungarvík
Sonus í samstarfi við Thule og Coca cola kynnir: Félagarnir Ari Eldjárn og Björn Bragi snúa nú bökum saman og fara rúnt um landið á haustmánuðum en þeir hafa um árabil verið tveir af allra fyndnustu og eftirsóttustu uppistöndurum Íslands. Ari og Björn eru báðir meðlimir í uppistandshópnum Mið-Íslandi en sýningar þeirra félaga í Þjóðleikhúsinu eru vinsælustu uppistandssýningar Íslands frá upphafi og hleypur sýningafjöldinn á hundruðum og gestafjöldinn á tugum þúsunda.

## Fundir

**Hvað?** Fyrirlestur um vinnustaðaeinelti
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Vídalínskirkja, Kirkjulundi 3, 210 Garðabær
Officium ráðgjöf og Erindi taka höndum saman og opna enn frekar á umræðuna um einelti í samfélaginu. Fimmtudaginn 17. nóvember næstkomandi kl. 17.30 standa samtökin Erindi og Officium að fyrirlestri um vinnustaðaeinelti í safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Í fyrirlestrinum verður komið inn á tengsl á milli eineltis í skólum og vinnustaðaeinelti og varpað ljósi á aðgerðir til að vinna lausnamiðað úr jafn erfiðum málum.

**Hvað?** Kynning á skiptinámi og starfsnámi fyrir nemendur stjórnmálafræðideildar og félagsráðgjafardeildar
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Háskólabíó, salur 5
Á kynningunni verður farið yfir þá spennandi möguleika á skiptinámi og starfsnámi sem standa nemendum til boða. Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla víða um heim og árlega nýta sér fjölmargir að taka hluta af náminu erlendis og sækja sér þannig sérhæfingu í námi og dýrmæta reynslu.

**Hvað?** Fagnaðarerindi og Samúel Jón Samúelsson Big Band
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Komu Fagnaðarerindisins verður fagnað með bravúr á lög- og upp-eldisheimili hans, Bryggjunni Brugghúsi næstkomandi fimmtudag. Fagnaðarerindið er jólabjór Bryggjunnar Brugghúss og því liggur beint við að slá upp örlítilum gleðskap í tilefni þess að bjórinn flæðir nú um dælurnar. Gleðskapurinn hefst klukkan 20.00 og eru allir velkomnir. Stefán Pálsson flytur Fagnaðarerindi, hugvekju um bjór og jólin og Big Band Samúels Jóns Samúelssonar tekur síðar við og telur í tónlistarveislu. Athugið að Fagnaðarerindið er á gleðistundarverði allt kvöldið.


Margréir Eir og Róbert Þórhallsson bassaleikari skipa dúettinn MoR, en þau koma til með að halda tónleika í Græna herberginu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Slack Bay .......... 17:30, 22:00
Captain Fantastic .......... 17:30
Svarta gengið .......... 18:00
The Girl With All The Gifts .......... 20:00
Innsæi / The Sea Within .......... 20:00
Child Eater .......... 22:30
Aumingja Ísland .......... 22:00
SVARTA GENGIÐ
BÍÓ ★ PARADÍS Slack Bay

# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ BLOOMINGVILLE FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**17. nóvember – 21. nóvember**




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4




2. ÞÁTTUR

**JÓLASTJARNAN 2016**

Leitin að næstu jólastjörnu heldur áfram! Sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins með landsliði söngvara og skemmtikrafta, laugardaginn 10. desember á Jólagestum Björgvins. Dómnefndina skipa þau Björgvin Halldórsson, Jóhanna Guðrún og Gissur Páll.

SPENNANDI
**FIMMTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MASTERCHEF USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**NCIS**

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



**THE BLACKLIST**

Spennan magnast og tekst hinum alræmda Kirk að brjótast út af spítalanum? Hörkuspennandi þættir með James Spader í aðalhlutverki.




**STARTUP**

Magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.



**HIGH MAINTENANCE**

Ungur maður hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugarveiklaðir.



**MORTDECAI**

Spennumynd með gamansömu ívafi með Johnny Depp, Ewan McGregor og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** The World's Strictest Parents
**11.45** Marry Me
**12.10** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Waitress
**14.50** Cheaper By The Dozen 2
**16.25** The Detour
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Jólastjarnan 2016
**19.45** Masterchef USA
**20.30** NCIS Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við bæði flóknari og hættulegri mál.
**21.15** The Blacklist
**22.00** StartUp
**22.45** High Maintenance Gamanþættir sem fjalla um gaur sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis ólíkum einstaklingum sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir en þó mismikið. Samband gaursins og kúnnanna ristir þó dýpra en hefðbundið viðskiptasamband því þeirra á milli hefur myndast vinskapur sem hentar báðum aðilum.
**23.15** Borgarstjórinn
**23.45** Gåsmamman
**00.30** The Young Pope
**01.15** Aquarius
**02.00** Hitman. Agent 47
**03.35** Waitress

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** Undankeppni HM
**09.30** Undankeppni HM
**11.15** Undankeppni HM
**13.00** Dominos deild karla
**14.40** Körfuboltakvöld
**16.25** Dominos deild karla
**18.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.30** Premier League World
**19.00** Dominos deild karla
**21.10** NFL Gameday
**21.40** UFC Unleashed
**22.25** Formúla E
**00.10** NBA 2016/2017 - Regular Season

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35** Undankeppni HM
**09.20** Undankeppni HM
**11.00** Undankeppni HM
**12.40** Markaþáttur Undankeppni HM
**13.30** Spænski boltinn
**15.10** Spænski boltinn
**16.50** Spænsku mörkin
**17.20** Premier League
**19.05** Premier League
**20.50** Messan
**22.30** Premier League World
**23.00** Dominos deild karla
**00.40** UFC Unleashed

## STÖÐ 3

**17.40** Mike & Molly
**18.05** The League
**18.30** New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Léttir sprettir
**20.15** Veistu hver ég var?
**21.00** Supergirl
**21.45** Gotham
**22.30** Arrow
**23.15** Klovn
**23.45** NCIS. New Orleans
**00.25** Fóstbræður
**00.55** Léttir sprettir
**01.20** Veistu hver ég var?
**02.00** Supergirl
**02.40** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Zigby
**07.10** Ævintýraferðin
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Zigby
**11.10** Ævintýraferðin
**11.25** Brunabílarnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.35** Stóri og litli
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Zigby
**15.10** Ævintýraferðin
**15.25** Brunabílarnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.35** Stóri og litli
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Maddit



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** OHL Classic
**11.50** Golfing World
**12.40** Nedbank Golf Challenge
**18.05** Inside The PGA Tour
**18.30** RSM Classic
**21.30** Inside The PGA Tour
**21.55** Ryder Cup Official Film
**23.10** PGA Tour

## BÍÓSTÖÐIN

**09.15** The Last of Robin Hood
**10.45** Longest Ride
**12.50** Boyhood
**15.35** The Last of Robin Hood
**17.05** Longest Ride
**19.15** Boyhood
**22.00** Mortdecai
**23.50** The Good Lie Reese Witherspoon leikur hér félagsráðgjafann Carrie sem sjálpar súdönskum flóttamönnum að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf í Bandaríkjunum. Upphaflega er hjálp hennar bara tengd starfi hennar en fljótlega fer hún að tengjast þeim og kynnist þá átakanlegri sögu þeirra sem höfðu misst allt sitt áður en þeir komust til fyrirheitna landsins.
**01.40** The Boy Next Door Spennutryllir frá árinu 2015 með Jennifer Lopez í aðalhlutverki. Myndin fjallar um konu sem skömmu eftir skilnað verður ástfangin af myndarlegum ungum manni sem er nýfluttur inn í íbúð hinum megin götunnar, en sjóðheitt ástarsamband þeirra tekur hættulega stefnu.
**03.10** Mortdecai

## RÚV

**17.00** Last Tango in Halifax
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.26** Eðlukrúttin
**18.37** Vinabær Danna tígurs
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Reimleikar
**20.35** Best í Brooklyn
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.10** Baráttan um þunga vatnið
**23.55** Kastljós
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Odd Mom Out
**14.20** Survivor
**15.05** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Speechless
**20.15** Girlfriends' Guide to Divorce
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** 24
**00.35** Sex & the City
**01.00** Law & Order. Special Victims Unit
**01.45** Secrets and Lies
**02.30** This is Us
**03.15** MacGyver
**04.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÓMISSANDI ÞÁTTUR Í UNDIRBÚNINGI JÓLANNA




1,36kg í poka

**398** kr. 1,36 kg

**Amerísk Smáepli**
Rauð, 1,36 kg




2,3kg í kassa

**698** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




BRUNATÍMI ALLT AÐ 4 KLST.

Ný sending
LÆGRA VERÐ

**798** kr. stk.

**Arinkubbur**
2,72 kg - Verð áður 998 kr.

## LÁGT VERÐ ALLA DAGA




-18°C frostþol

**398** kr. 2,5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -18°C, 2,5 l

VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN Í VETUR



**179** kr. stk.

**Rúðuskafa**



**998** kr. parið

**Mannbroddar**
4 stærðir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **20. nóvember** eða meðan birgðir endast

# Ískaldur hljóðheimur Högna fyrir 66°Norður

**Á 90 ára afmæli 66°Norður var tónlistarmaðurinn Högni Egilsson fenginn til að semja tónlist fyrir fyrirtækið. Ný vetrarherferð merkisins – „Á tökustað“ – var í vikunni tilnefnd til evrópsku auglýsingaverðlaunanna Epica, ein íslenskra auglýsinga.**


Smáatriðin skipta máli í stóra samhenginu.

Veðurfarið er náttúrulega brjálæðislegt hér á landi og mig langaði að vinna með þessar andstæður sem eru til staðar í veðrinu,“ segir Högni Egilsson tónlistarmaður sem var fenginn til að semja tónlist fyrir merkið 66°Norður.

Uppleggið var að brúa bilið milli íslenskrar kórtónlistar „sem hefur fornan blæ“ eins og Högni orðar það og „nýrri tónlistar sem minnir á það sem heyrist á klúbbum og í útvarpinu.“ Þannig er hægt að minna á arfleifð 66°Norður með tónlistinni, en fyrirtækið framleiddi sem kunnugt er föt fyrir sjófarendur í upphafi en er orðið risastórt fyrirtæki sem selur fatnað sem hæfir bæði við vinnu á Norður-Atlantshafi sem og á strætum stórborga.

Verkið sem Högni samdi er kórverk sem kammerkórinn Schola Cantorum flutti. Verkið var svo klippt í sundur og endurhljóðblandað af Högna og Marteini Hjartarsyni sem hefur getið sér gott orð nýverið fyrir taktsmíði fyrir rappara á borð við GKR.

„Ef maður er úti að ganga og það er hræðilegt veður þá er það stundum svo yfirþyrmandi að veðrið skapar einhvern innri frið. Mig langaði til að finna fyrir þessari ró og þessari kyrrð í tónlistinni,“ segir Högni. Fyrirtækið stefnir í framtíðinni að því að þróa þennan hljóðheim áfram í samstarfi við Högna og fleiri íslenska tónlistarmenn.

benediktboas@365.is


Það þarf að huga að ýmsu þegar samið er verk fyrir stórfyrirtæki.

> **EF MAÐUR ER ÚTI AÐ GANGA OG ÞAÐ ER HRÆÐILEGT VEÐUR ÞÁ ER ÞAÐ STUNDUM SVO YFIRÞYRMANDI AÐ VEÐRIÐ SKAPAR EINHVERN INNRI FRIÐ.**
>
> Högni Egilsson


Frá tökum á nýrro línu 66°Norður.

# Hljómsveitin Mammút er tilbúin fyrir heiminn

Við spiluðum nýtt efni á Airwaves í ár, aðallega af væntanlegri plötu okkar sem kemur út næsta vor. Það myndaðist rosalega góð stemning og góð orka út frá lögunum okkar, sem varð til þess að við fengum þessa frábæru umfjöllun frá David Fricke í tímaritinu Rolling Stone,“ segir Arnar Pétursson, gítarleikari hljómsveitarinnar Mammút, en hljómsveitin vakti töluverða athygli á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem fram fór fyrr í þessum mánuði.

Mammút hitaði upp fyrir PJ Harvey í Valshöllinni en Fricke segir Katrínu Mogensen, söngkonu sveitarinnar, hafa losað sig við Bjarkar-stimpilinn og búið sér til sinn eigin stíl.

„Það var virkilega gaman að sjá hvað við fengum góð viðbrögð á nýju plötunni okkar, en David Fricke fjallaði um okkur fyrir um það bil tíu árum og hafði orð á því að við værum efnileg hljómsveit sem ætti eftir að ná langt,“ segir Arnar.

Fricke, sem er einn af ritstjórum bandaríska tónlistartímaritsins Rolling Stone, fór fögrum orðum um hljómsveitina í umfangsmikilli umfjöllun eftir Airwaves.

„Hann sagði að við værum tilbúin fyrir heiminn, það er auðvitað frábært að fá svona góð viðbrögð. Við höfum unnið lengi að þessu markmiði og höfum fundið fyrir miklum meðbyr síðustu vikurnar hvað varðar nýju plötuna okkar,“ segir hann, og bætir við að það sé kominn tími til að hljómsveitin taki næsta skref og kynni heiminum Mammút.

gudrunjona@frettabladid.is


Mammút fékk góða umfjöllun í bandaríska tónlistartímaritinu Rolling Stone. MYND/SUNNEVA ÁSA WEISSHAPPEL

> **VIÐ SPILUÐUM NÝTT EFNI Á AIRWAVES Í ÁR, AÐALLEGA AF VÆNTANLEGRI PLÖTU OKKAR SEM KEMUR ÚT NÆSTA VOR. ÞAÐ MYNDAÐIST ROSALEGA GÓÐ STEMNING OG GÓÐ ORKA ÚT FRÁ LÖGUNUM OKKAR.**



De La Soul spiluðu í þættinum hjá Jimmy Fallon á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tíundi áratugurinn í hávegum hafður



Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is

Tilkynnt hefur verið um tvö stór nöfn sem munu spila á Sónarhátíðinni en það eru hiphop-goðsagnirnar í **De La Soul** og enski plötusnúðurinn og tónlistarmaðurinn **Fatboy Slim.**

## FATBOY SLIM

Fatboy Slim er listamannsnafn enska plötusnúðsins og pródúsentsins Normans Quentins Cook. Hann varð fyrst vinsæll á tíunda áratugnum þar sem hann átti nokkra risasmelli í heimi danstónlistar. Hann var hluti af big beat-æðinu en sú tónlistarstefna ruddi sér til rúms að miklu leyti vegna vinsælda Fatboy Slim. Big beat var elektrónísk danstónlist sem byggðist að miklu leyti á sama grunni og hiphop, notuð voru breakbeat – trommuhljómar klipptir úr ákveðnum lögum, mikið um sömpl í bland við hljóðgervla og fleira. Fleiri hljómsveitir sem eiga grunn sinn í big beat tónlistarstefnunni eru til dæmis The Chemical Brothers, Propellerheads og Íslandsvinirnir í The Prodigy.

Flestir mun eftir smellunum The Rockafeller Skank með Fatboy Slim sem gerði allt brjálað rétt fyrir aldamót, en það var gríðarlega vinsælt og á eftir því kom hrina smella frá honum – Praise You, Right Here, Right Now, Weapon of Choice og Wonderful Night. Einnig vöktu myndböndin hans mikla athygli en þau voru yfirleitt sprenghlægileg og metnaðarfull – Praise You var leikstýrt af Spike Jonze og Roman Coppola en Spike Jonze lék sjálfur í myndbandinu. Weapon of Choice var samt líklega vinsælasta myndband Fatboy Slim en þar fór leikarinn Cristopher Walken á kostum en bæði þessi myndbönd gjörsamlega röðuðu inn verðlaunum.

Síðustu ár hefur Norman Cook aðallega verið að koma fram sem plötusnúður, stundum sem Fatboy Slim og stundum undir öðrum nöfnum. Hann spilaði til dæmis í fulltrúadeild breska þingsins og var það í fyrsta sinn sem plötusnúður kom þar fram, í vor spilaði hann fyrir leikskólabörn í Brighton og árið 2012 spilaði hann á lokahátíð Ólympíuleikanna í London. Nú er röðin komin að Íslandi.

## DE LA SOUL

Bandaríska rapphljómsveitin De La Soul var stofnuð á Long Island í New York-ríki árið 1987. Sveitin vakti strax athygli enda voru þeir með þeim fyrstu sem fóru að nýta sér sömpl úr djasstónlist og skrifuðu oft sérstaka texta fulla af húmor sem voru töluvert frábrugðnir því sem var vanalegt í hiphopinu á þeim tíma. Sveitin var meðlimur í Native Tongues hópnum með sveitunum A Tribe Called Quest og Jungle Brothers – en allar þessar hljómsveitir lögðu upp með að senda frá sér tónlist með jákvæðum boðskap, afrósentrískum textum og djassáhrifum.

Fyrsta plata sveitarinnar, 3 Feet High and Rising, er oft nefnd í sömu andrá og plötur eins og Illmatic með Nas og 36 Chambers með Wu-Tang, en þær eru oftar en ekki sett ofarlega á lista hiphop-spekinga yfir bestu rappplötur allra tíma. Platan seldist best af öllum plötum sveitarinnar en næstu plötur sem komu á eftir hafa þó fengið mikið lof gagnrýnenda þó að þær hafi ekki selst nærri því jafn vel. Á plötunni De La Soul is Dead sem kom út árið 1991 var sveitin búin að þroskast töluvert og platan var að miklu leyti gagnrýni á hvert hljómur hiphop-tónlistar stefndi, en það var þeim gríðarlega jákvæðu Native Tongues-mönnum ekki að skapi.

Buhloone Mindstate var síðan tilraunakenndasta plata sveitarinnar og hörðustu De La Soul aðdáendur eru flestir á þeirri skoðun að hún sé sú besta. Sveitin hélt áfram að gera tilraunir í textagerð en einnig má heyra miklar tilraunir með hljóðheiminn og oft einfaldur hljóðheimur hiphop-tónlistar var þaninn út.

Næstu plötur De La Soul vöktu ekki sérstaklega mikil viðbrögð fyrir utan nokkrar smáskífur. Stakes Is High kom út 1996 og náði samnefnt lag, pródúserað af J Dilla heitnum, ágætis vinsældum. Art Official Intelligence: Mosaic Thump átti að vera fyrsta platan í þríleik, en það ævintýri endaði einungis með einni plötu í viðbót AOI: Bionix, en bak við þau mistök voru vandræði í samningum við plötufyrirtækið Tommy Boy. The Grind Date kom út árið 2004 en næsta plata kom ekki út fyrr en 2012 – það var platan Plug 1 & Plug 2 Present ... First Serve. Nú á þessu ári kom út platan and the Anonymous Nobody ... og fylgir sveitin þeirri plötu eftir með tónleikaferðalagi þar sem Ísland er eitt stoppið hjá þeim félögum.



Fatboy Slim er alltaf hress og kátur þegar hann treður upp. NORDIC PHOTOS/GETTY

Made in Iceland
BIOEFFECT

# BIOEFFECT KYNNINGARDAGAR




## 20% afsláttur af BIOEFFECT húðvörum

**17. - 20. nóvember** í verslunum Lyfja & heilsu

BIOEFFECT® húðvörurnar eru margverðlaunaðar hágæðavörur með einstaka virkni og eru vörurnar fáanlegar í yfir 1.000 verslunum í 25 löndum. BIOEFFECT húðvörurnar innihalda EGF frumuvaka sem gegnir lykilhlutverki í líffræði húðarinnar og stuðlar að endurnýjun hennar. Frumuvakinn er framleiddur í byggi með einstakri erfðatækni sem byggir á meira en 10 ára þróunarstarfi.

BIOEFFECT á Íslandi

www.bioeffect.com

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*






Förðunarfræðingurinn Harpa Káradóttir og SnapChat-stjarnan og ljósmyndarinn Snorri Björnsson gefa út förðunarbókina Andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýta ólíka krafta í að búa til FEGURÐ

**Harpa Káradóttir** gefur út förðunarbókina Andlit ásamt ljósmyndaranum **Snorra Björnssyni**. Bókin fjallar um allt sem viðkemur förðun og er væntanleg í verslanir 25. nóvember.

„Mig hefur lengi langað til að gefa út bók um förðun þar sem ég miðla reynslu minni og svara þeim spurningum sem ég fæ á hverjum degi í starfi mínu,“ segir Harpa Káradóttir, förðunarfræðingur og skólastjóri Mood Make Up School. Hún gefur út sína fyrstu bók, Andlit, í næstu viku.

„Ég tek fyrir alls kyns vinsæla förðun sem er útskýrð í skrefum þannig að auðvelt er að fylgja eftir. Andlit er full af gagnlegum fróðleik og ráðleggingum um allt sem tengist förðun,“ segir Harpa og bætir við að hún hafi viljað forðast að búa til einhverja reglubók. „Bókin er ekki full af boðum og bönnum enda er fólk ólíkt og hefur ólíkan smekk. Það er mikilvægt að nálgast förðun á eigin forsendum enda snýst góð förðun um að draga fram fegurð og eiginleika hvers og eins.“

Yfir tuttugu íslenskar konur sitja fyrir í bókinni og eru þær á öllum aldri en Harpa segist hafa viljað sýna ólíka förðun á ólíkum konum. Harpa telur að Andlit geti nýst flestum konum. „Bókin er hugsuð fyrir allan aldur og ætluð byrjendum og lengra komnum. Þú ert kannski ekki endilega að fara að lesa hana spjaldanna á milli í einum rykk, heldur er gott að glugga í hana þegar þig vantar góð ráð og hugmyndir að fallegri förðun,“ segir Harpa.

**ÉG TEK FYRIR ALLS KYNS VINSÆLA FÖRÐUN SEM ER ÚTSKÝRÐ Í SKREFUM ÞANNIG AÐ AUÐVELT ER AÐ FYLGJA EFTIR. ANDLIT ER FULL AF GAGNLEGUM FRÓÐLEIK OG RÁÐLEGGINGUM UM ALLT SEM TENGIST FÖRÐUN.**

Fyrirtækið Fullt tungl gefur út bókina en það er á vegum skemmtikraftsins Björns Braga Arnarssonar sem er góður vinur Hörpu. „Björn Bragi stappaði í mig stálinu og sannfærði mig um að kýla á þetta verkefni. Hann hjálpaði mér að setja saman þennan frábæra hóp sem kom að bókinni.“

Ljósmyndari bókarinnar er Snorri Björnsson sem margir þekkja betur sem eina skærustu Snapchat-stjörnu landsins. Hann starfar hins vegar sem ljósmyndari og hefur á skjótum tíma skipað sér í hóp þeirra fremstu. „Við Snorri höfum starfað mikið saman og komið að ýmsum verkefnum þannig að ég vissi vel hversu fær hann er. Útkoman varð enn betri en ég þorði að vona og þetta er afar vegleg ljósmyndabók líka,“ segir Harpa.

gudrunjona@frettabladid.is

# Ferðalag í gegnum tónlistarstefnurnar

„Þetta er svona hrærigrautur, þetta er ekki beint raftónlist – ég kem svolítið þaðan og hef verið í ýmsum verkefnum þar. Þetta er aðeins öðruvísi – þetta er allt live; trommur, bassi, gítar og allar græjur. Við erum með band þegar við spilum live og öll platan er öll tekin upp live. Ég og Þorkell semjum og spilum ásamt hljóðfæraleikurum með okkur,“ segir Pan Thorarensen, annar helmingur sveitarinnar Ambátt sem gaf nú nýlega út plötuna Flugufen en með honum í Ambátt er tónskáldið Þorkell Atlason.

Pan hefur starfað mikið í heimi raftónlistarinnar en hann er meðlimur hljómsveitarinnar Stereo Hypnosis ásamt föður sínum og Þorkeli. Pan hefur einnig sent frá sér sólóefni. Auk þess hefur Pan verið einn aðstandandi tónlistarhátíðarinnar Extreme Chill.

„Það er mikill djass í þessu, Sebastian Studnitzky spilar til dæmis með okkur á trompet – en hann var í Mezzoforte í ein tíu ár. Hann er búinn að vera einn stærsti tengiliður íslensks djass til Þýskalands og er hann einn besti blásari Þýskalands. En annars eru þetta okkar stefnur í bland – ferðalag í gegnum tónlistina. Þetta er svolítið tilraunakennd tónlist. Þarna er eitt lag með Kötu úr Mammút. Þetta er allt instrumental nema það, það er eina sönglagið á plötunni.

Við höfum verið svolítið lengi að vinna plötuna, þetta hefur tekið ein þrjú ár sennilega. Þetta konsept hefur verið svolítið lengi í vinnslu.“

**ÞAÐ ER MIKILL DJASS Í ÞESSU, SEBASTIAN STUDNITZKY SPILAR TIL DÆMIS MEÐ OKKUR Á TROMPET – EN HANN VAR Í MEZZOFORTE Í EIN TÍU ÁR.**

Platan fæst stafrænt á netinu á heimasíðu sveitarinnar en einnig er hægt að festa kaup á henni á vínyl í Lucky Records og öllum helstu plötubúðum.

stefanthor@frettabladid.is



Þorkell Atlason og Pan Thorarensen eru mennirnir bakvið hljómsveitina Ambátt en sveitin sendi frá sér plötuna Flugufen fyrir ekki svo margt löngu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 5 ára afmæli Lilju Boutique



**30% afsláttur***
af öllum hör vetrarfatnaði

**20% afsláttur***
af öllum fatnaði, fylgihlutum og gjafavöru

Silkiklútar á 4.900,-
áður ~~8.900~~,-

Opið til kl. 22:00
í kvöld 17. nóvember

Dömufatnaður Skart

LILJA
Boutique

Fylgihlutir Gjafavara

Strandgata 21 | Hafnarfjörður | S: 5542060

*gildir til og með 19. nóvember

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 9.11.16 – 15.11.16




**1** Petsamo
Arnaldur Indriðason




**2** Verjandinn
Óskar Magnússon




**3** Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir




**4** Svartalogn
Kristín Marja Baldursdóttir




**5** Svartigaldur
Stefán Máni




**6** Drungi
Ragnar Jónasson




**7** Elsku Drauma mín
Vigdís Grímsdóttir




**8** Pabbi prófessor
Gunnar Helgason




**9** Þín eigin hrollvekja
Ævar Þór Benediktsson




**10** Perurnar í íbúðinni minni
Kött Grá Pje

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




Jóhann Kristófer og Sigurbjartur Sturla með þau Ólaf Björn Sverrisson og Maríu Kristínu Árnadóttur, aðalleikara í sýningunni, á milli sín. MYND/EGILL ÁSTRÁÐSSON

# 101 boys leikstýra söngleik í MR

Þeir **Sigurbjartur Sturla Atlason** og **Jóhann Kristófer Stefánsson** leikstýra söngleiknum High School Musical í MR. Logi Pedro Stefánsson sér um að semja og útsetja tónlistina og því má segja að það sé ákveðin Sturlu Atlas-stemming ríkjandi í söngleiknum.

Við Jói kláruðum skólann og þá lá beinast við að fara í svona verkefni, við erum að leggja grundvöll að því að gera eitthvað stærra í leikhúsinu. Við fórum í viðræður við MR og þau samþykktu að fá okkur til að leikstýra,“ segir Sigurbjartur Sturla Atlason, annar af tveimur leikstjórum söngleiksins High School Musical sem nú er til sýninga í MR. Hann leikstýrir verkinu ásamt Jóhanni Kristófer Stefánssyni en þeir eru báðir nýútskrifaðir úr Listaháskóla Íslands. Um tónlistina sér Logi Pedro Stefánsson, en þeir þrír eru einnig mennirnir bak við fjöllistahópinn 101 boys og Sigurbjartur er kannski þekktari sem Sturla Atlas.

„Við ákváðum strax að við ætluðum að gera High School Musical – en á sama tíma var það alveg ljóst að við myndum ekki bara gera „basic“ High School Musical söngleik, þannig að við byrjum að plotta hvernig við gætum gert þetta og ákváðum að staðfæra allan söngleikinn yfir á MR, þannig að þetta er í raun Herranótt Musical eða MR Musical.

Síðan förum við inn í þetta ferli – ég hef gert alveg slatta af því að vera leikaramegin í að gera leiksýningu og Jói hefur gert það líka í skólanum, en þetta er samt í fyrsta skipti sem við höfum stjórnað svona hóp og það er auðvitað alveg ruglað dæmi – það kom okkur báðum mjög mikið á óvart. Við Jói erum sammála um að þróunin á sýningunni hafi verið frekar feit og að sýningin sé bara alveg rugluð.“

*Hvernig er tónlistin, er þetta frumsamið efni eða nýttuð þið lögin úr myndinni?*

„Logi Pedro sér um tónlistina í þessu. Hann endurútsetti fjögur lög úr High School Musical og síðan er eitt frumsamið. Síðan ofan á það er hljóðheimur sem við Jói byggjum til á æfingum. Besta leiðin til að lýsa þessu er kannski sú að enginn af okkur, hvorki ég, Jóhann né Logi, hefur áhuga á að gera eitthvað sem gæti talist hefðbundið eða eitthvað sem hefur sést áður í leikhúsinu, þannig að ég get lofað því að þetta er mjög ferskt.



Zac Efron og Vanessa Hudgens urðu stórstjörnur eftir að hafa leikið í High School Musical myndunum.

> **ENGINN AF OKKUR, HVORKI ÉG, JÓHANN NÉ LOGI, HEFUR ÁHUGA Á AÐ GERA EITTHVAÐ SEM GÆTI TALIST HEFÐBUNDIÐ EÐA EITTHVAÐ SEM HEFUR SÉST ÁÐUR Í LEIKHÚSINU, ÞANNIG AÐ ÉG GET LOFAÐ ÞVÍ AÐ ÞETTA ER MJÖG FERSKT.**

Þetta eru bara lög sem eru samin fyrir þessa mynd. Þessi lög urðu öll hörku vinsæl – eins og Breaking Free sem er í mynd númer eitt – það náði alveg í fjórða sæti á Billboard-listanum.

Það sem er líka gaman er að við Jói erum báðir fæddir ’92, þannig að þegar þessar myndir komu út vorum við unglingar og þá vorum við ekki að fara að tékka á þessu, þetta var of leim. Krakkarnir sem við erum að leikstýra eru sirka fimm árum yngri og þau þekkja þetta miklu betur en við,“ segir Sigurbjartur en sýningin er sýnd í Gaflaraleikhúsinu og það eru aðeins tvær sýningar eftir – sunnudaginn 20. og miðvikudaginn 23. nóvember. Hægt er að næla sér í miða á midi.is. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

## Gefðu töfrandi kvöldstund í jólagjöf!

Sérstök jólatilboð



**Gómsætt leikhúskvöld**
Gjafakort fyrir tvo ásamt gómsætri leikhúsmáltíð fyrir sýningu eða í hléi **12.950 kr.**




**Úti að aka**
Gjafakort fyrir tvo á gamanleik eins og þeir gerast bestir
**9.950 kr.**




**Bláí hnötturinn**
Miði fyrir tvo á þessa vinsælu fjölskyldusýningu og geisladiskur með tónlistinni
**10.600 kr.**

**MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Frosta Logasonar




## Uppreisn gegn tíðaranda

Hvað er að gerast í henni veröld? Donald Trump er orðinn forseti Bandaríkjanna þrátt fyrir að hafa sýnt sig hættulega vanhæfan til starfans. Hann afhjúpaði sig í kosningabaráttunni sem fulltrúi alls þess versta sem bandarískt þjóðfélag hefur upp á að bjóða. En stóð samt uppi sem sigurvegari. Hefði hann bara sagt helminginn af vitleysunni sem hann sagði í aðdraganda kosninganna hefði það samt átt að hringja viðvörunarbjöllum.

Loftslagsbreytingar eru hóx, Pútin er frábær leiðtogi. Af hverju getum við ekki notað kjarnorkuvopnin okkar? Af hverju þurfum við standa við Nató?

Það er eiginlega ekki hægt að lýsa með orðum hversu langt frá öllu normi þessi vitleysa er.

Að lokum reyndist sigurræða Trumps svo skuggalega ólík honum sjálfum að enn fleiri spurningar vöknuðu. Höfðum við öll á röngu að standa? Var hann svo bara rosa fínn gaur? Hverjar eru líkurnar á því? Er mögulegt að maður í meðalgreind með snefil af sómakennd hafi bara þóst vera fullkominn fábjáni í átján mánuði? Að þetta hafi allt bara verið stórt leikrit? Það er ólíklegt.

Niðurstaða kosninganna segir okkur reyndar minnst um persónu sigurvegarans. Niðurstaðan segir okkur fyrst og fremst að mótframbjóðendur og aðrir stjórnmálamenn hafa staðið sig hörmulega. Kjósendur völdu Trump þrátt fyrir galla hans, ekki vegna þeirra. Við höfum ekkert upp úr því að benda á trúðinn. Stjórnmálamönnum mistekst að ná til almennings. Þeir eru meðvirkir tíðarandanum sem almenningur gerir nú uppreisn gegn. Trump og Brexit segja okkur nákvæmlega það.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN
KRÓNAN Fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
860 kr. kg
Kjúklingaleggir

OPIÐ TIL 21
BLÁR FIMMTUDAGUR 17. NÓV.
FLOTTIR AFSLÆTTIR ALLAN DAGINN!
Allir velkomnir í verslanir okkar Breidd, Selfossi, Akureyri, Suðurnesjum og Reyðarfirði.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda eingöngu 17. nóvember
25% JÓLASERÍUR OG JÓLASKRAUT
20% SMÁRAFTÆKI* *ekki Kitchen Aid
15% KITCHEN AID
25% LEIKFÖNG OG SPIL
25% BÚSÁHÖLD
30% POTTAR OG PÖNNUR
25% BARNABÍLSTÓLAR
25% HREINSIEFNI OG ÁHÖLD
25% KERTI OG LUKTIR
25% HEIMILISSKRAUT
25% GJÖCO OG KÓPAL GLITRA MÁLNING
35% LJÓSASKERMAR
25% LJÓS OG PERUR
25% LISTMÁLARAVÖRUR
30% VERKFÆRABOX
25% EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI
30% VERKFÆRASETT
25% GÆLUDÝRAFÓÐUR
30% DREMEL FÖNDURFRÆSAR OG FYLGIHLUTIR
30% GARN OG FYLGIVÖRUR
20% BÍLAVARA
30% GRILL FYLGIHLUTIR
Snickers WORKWEAR 20% SNICKERS
25% MOTTUR
AÐEINS 37 DAGAR TIL JÓLA!
FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA ÞENNAN EINA DAG!
BREIDD: Fjölbreytt dagskrá frá 18:00, m.a. hljómsveitin UMBRA, Hreimur og Vignir, kaffi og heitt súkkulaði frá Kaffitári, ristaðar möndlur og súkkulaðismakk frá Nóa Siríus.
GRANDI: Vöfflur með rjóma og heitt súkkulaði frá 19:00.
Skoðaðu skemmtidagskrá allra verslana á www.byko.is
byko.is KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN